

Drífa Kristín Þrastardóttir
Guðný Gerður Gunnarsdóttir

Húsakönnun

Laugarnesvegur – Sundlaugavegur – Laugalækur –
Hrísateigur – Otrateigur



Reykjavík 2009

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 150

Unnið að beiðni Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar vegna deiliskipulagsvinnu.

Ljósmyndir: Drífa Kristín Þrastardóttir, Minjasafni Reykjavíkur.

Húsvendarkort Reykjavíkur: Þórarinn Jón Jóhannsson, Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkur.

Skýrslur Minjasafns Reykjavíkur – Árbæjarsafns.

Ábyrgðarmaður: Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður.

© Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn, Drífa Kristín Þrastardóttir sagnfræðingur.

Mynd á forsíðu: Loftmynd, séð yfir Laugarnesið og byggðina í Laugarneshverfi norðan Sundlaugavegar um 1960-1965. Ljós. Sveinn Þormóðsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, SVÞ 001 131 1-2.

Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn

Skýrsla nr. 150

Reykjavík 2009

Öll réttindi áskilin

Efnisyfirlit

1. Húsakönnun

Formáli.....	3
Byggingarsaga.....	5
Varðveislumat.....	33
Kort Húsverndarskrár Reykjavíkur.....	35

2. Húsaskrá

Hrísateigur 16–36 (sléttar tölur).....	39–44
Hrísateigur 21–47 (oddatölur).....	45–58
Laugalækur 2–62 (sléttar tölur).....	59–63
Laugarnesvegur 52–74a (sléttar tölur).....	64–76
Laugarnesvegur 53–85 (oddatölur).....	77–93
Otrateigur 3–5 (oddatölur).....	94–95
Otrateigur 2–56 (sléttar tölur).....	96–99
Sundlaugavegur 7–35 (oddatölur).....	100–103
Heimildaskrá.....	105
Myndaskrá.....	107

Formáli

Hér fer á eftir könnun byggðar á svæði sem tekur til staðgreinireita **1.346.0** og **1.347.0** og hluta af reitum **1.345.0** og **1.349.0** í Reykjavík, en svæðið afmarkast af Sundlaugavegi til suðurs, Laugalæk til norðausturs og vesturmörkum lóða vestan Laugarnesvegjar. Húsakönnunin er unnin að beiðni Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur í samræmi við skipulagslög vegna gerðar deiliskipulags á svæðinu. Þessir reitir eru utan þess svæðis sem varðveisluskrá Reykjavíkur nær til, en það er svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar. Húsin á þessum reitum voru að mestu byggð á fjórum tímabilum, 1926–1929, 1932–1934, 1942–1946 og 1955–1968. Ekki er um að ræða tæmandi sögulega úttekt á viðkomandi svæði, en þó er skoðað hvaða hús hafa verið byggð á svæðinu í árána rás og þau metin sem enn standa. Sú rannsókn er nauðsynleg til að átta sig á samhengi byggðarinnar og þróun svæðisins.

Við mat á varðveislugildi húsa er lagt mat á fjóra þætti: *Listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð. Varðveislugildi húsa* byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Stuðst er við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016, Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*.

Faglega ráðgjöf við gerð varðveislumatsins veitti Pétur H. Ármannsson arkitekt.

Desember 2009,

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, borgarminjavörður
Minjasafni Reykjavíkur.

Byggingarsaga

Hér fer á eftir byggingarsöguleg úttekt á deiliskipulagssvæði í Laugarneshverfi í Reykjavík sem hlotið hefur verkheitið „Teigar norðan Sundlaugavegar“ og tekur til staðgreinireita **1.346.0** og **1.347.0** og hluta af reitum **1.345.0** og **1.349.0**.

Staðsetning

Svæðið afmarkast af Sundlaugavegi til suðurs, Laugalæk til norðausturs og vesturmörkum lóða vestan Laugarnesvegar. Innan svæðisins fellur einnig hluti götunnar Hrísteigs og gatan Otrateigur. Vestan Otrateigs og efsta hluta Hrísteigs er staðgreinireitur **1.346.0**, sem afmarkast að öðru leyti af Sundlaugavegi og Laugarnesvegi. Austan Otrateigs og efsta hluta Hrísteigs er staðgreinireitur **1.347.0**, sem afmarkast að öðru leyti af Sundlaugavegi og Laugalæk. Þeir hlutar staðgreinireita **1.345.0** og **1.349.0** sem falla undir svæðið ná til byggðarinnar vestan Laugarnesvegar.



Kort af svæðinu úr Borgarvefsjá.¹

Húsagerð og aldur

Húsin á svæðinu sem hér er til umfjöllunar eru skráð undir 134 húsnúmerum í Fasteignaskrá Íslands.² Á vesturhluta svæðisins eru 54 stakstæð hús sem hvert um sig er skráð undir einu húsnúmeri. Á austurhluta svæðisins eru 11 samstæður húsa eða raðhús sem hvert

¹ Borgarvefsjá, <http://borgarvefsja.is/bvs.html> (nóv. 2009).

² Fasteignaskrá Íslands, <http://www3.fmr.is/Fasteignaskra> (nóv. 2009).

um sig hefur fjögur til sjö húsnúmer. Í meðfylgjandi húsaskrá er farin sú leið að skrá hverja húsasamstæðu eða raðhúsalengju sem eina heild, en ekki hverja einingu undir sínu húsnúmeri, þar sem hver samstæða var hönnuð og byggð sem heild en ekki mörg aðskilin hús. Því eru skráningarfærslurnar 65 talsins þó húsnúmerin séu 134.

Af þessum húsum og húsasamstæðum eru 42 steinsteypt, 20 byggð úr timbri og þrjú hlaðin úr holsteini. Flest húsín eru einlyft eða voru það upphaflega, alls 47 hús. Þar af hafa sjö verið hækkuð upp í tvær hæðir og tvö upp í þrjár hæðir. Hús sem eru tvílyft að upphaflegri gerð eru 16 talsins, þar af flest raðhúsín á svæðinu. Einungis tvö hús eru þrílyft að upphaflegri gerð og eru það yngstu húsín.

Aldur húsanna spannar frá 5 árum upp í 88 ár, en yngsta húsið var byggð árið 2004 og elsta húsið, *Bjarg* við Sundlaugaveg 37, var byggð árið 1921. Svæðið byggðist annars að mestu upp á fjórum tímabilum. Á 3. áratugi 20. aldar, nánar tiltekið á árunum 1926–1929, risu fyrstu húsín við Laugarnesveg. Þau voru byggð austan götunnar og í dag standa þar 8 hús frá þessu tímabili. Á 4. áratugnum, eða á árunum 1932–1934, risu húsín vestan Laugarnesvegar, alls 17 hús, auk eins sem hefur verið rífið. Á 5. áratugnum reis byggðin við Hrístateig, en á árunum 1942–1944 voru flutt þangað nokkur hús úr Skerjafirði sem urðu að víkja vegna byggingar Reykjavíkflugvallar. Í dag standa þar 14 hús frá þessu tímabili, þar af fjögur flutningshús sem upphaflega voru byggð á 4. áratugnum og eru því í raun eldri. Fjögur hús, sem standa á lóðunum næst austan við Hrístateig og eru nú skráð við Otrateig 3 og 5 og Sundlaugaveg 7 og 9, voru einnig byggð á þessu tímabili.



Loftmynd af svæðinu úr Borgarvefsjá.³

Sú byggð raðhúsa sem stendur á austurhluta svæðisins var skipulögð á 6. áratugnum og risu þau hús flest á árunum í kringum 1960. Öll raðhúsín við Otrateig austanverðan voru byggð á þeim tíma, sem og raðhúsið við Hrístateig 26–36 og tvö raðhús við Laugalæk, nr. 22–

³ Borgarvefsjá, <http://borgarvefsja.is/bvs.html> (nóv. 2009).

34 og 36–48. Sama skipulagi tilheyrir verslunarhúsið við Laugalæk 2–8, sem byggt var á árunum 1958–1961. Á árunum 1955–1968 var einnig byggt á nyrstu lóðunum við Hrístateig og Laugarnesveg sem hér eru til umfjöllunar og þar standa í dag átta hús byggð á því tímabili. Eitt hús að auki var byggt á þessum tíma sunnar við Laugarnesveg, í stað eldra húss sem var rífið (Laugarnesvegur 64). Á 8. áratugnum voru reist tvö raðhús til viðbótar innan raðhúsabyggðarinnar, það er raðhúsið við Laugalæk 50–62 og raðhús sem byggt var í landi *Bjargs* við Sundlaugaveg og fékk númerið 29–35 við götuna. Raðhúsið nr. 10–20 við Laugalæk var ekki byggt fyrr en á árunum 1980–1981, en þar hafði fram að því staðið eldra hús, *Sólbakki*, sem líklega var byggt á 2. áratugi 20. aldar. Yngsta húsið á svæðinu stendur við Laugarnesveg austanverðan og var byggt í stað eldra húss árið 2004.

Húsagerð á svæðinu er mjög fjölbreytt. Þau hús sem fyrst risu, við Laugarnesveg austanverðan á 3. áratugi 20. aldar, voru flest byggð í þeim stíl sem kallaður hefur verið steinsteypuklassísk. Sá stíll mótaðist hér á landi í upphafi steinsteypualdar og var ráðandi í steinsteypuhúsum allt fram á 4. áratug 20. aldar. Þá voru ýmis klassísk áhrif og einkenni áberandi, til dæmis hálfslútur á veggjum og steipt þakskegg.⁴ Einnig voru byggð á þessu skeiði hús án klassísks skrauts en með formi og gluggasetningu nýklassísku húsanna og falla flest þeirra steinsteypu húsa sem risu við Laugarnesveg á þessum tíma í þann hóp.⁵ Oft var gert ráð fyrir að þessi hús yrðu hluti af samfelldri húsaröð og því voru þau byggð með brunagafli á þeirri hlið eða hliðum sem snúa áttu að öðru húsi. Tvö húsanna úr þessum hópi við Laugarnesveg voru upphaflega byggð í svonefndum kastalastíll, þar sem helsta einkennið er beinar, tenntar þakbrúnir, en þau hafa með seinni tíma breytingum tekið á sig svip yngri húsagerða. Það sama á við um fleiri hús úr þessum hópi sem hafa verið stækkuð mikið og hækkuð.



Tvö af elstu húsunum við Laugarnesveg, *Kirkjubær* (nr. 58) og *Hvammur* (nr. 54), byggð í anda steinsteypuklassíkur.⁶

Algengasta húsagerð á vesturhluta reitsins eru hús sem byggð eru í fúnkisstíl eða bera ákveðin einkenni þess stíls. Fúnkisstefnan barst til landsins um 1930 og ruddi sér til rúms á 4. áratugnum. Þeir arkitektar sem fylgdu fúnkisstefnunni voru hugsjónamenn sem vildu bæta þjóðfélagið með góðri hönnun og útrýma heilsuspillandi húsnaði. Markmiðið var að útrýma óþarfa skrauti og flúri og hafa hreinleika og nýtingu að leiðarljósi. Byggingar áttu að vera einfaldar, rúmgóðar og hannaðar þannig að sólar nyti sem best. Hér á landi þróuðust fljótt séríslensk einkenni í fúnkishúsunum. Framan af voru þau ómáluð en síðar var algengast að þau væru þússuð með hraunþússningu, skeljasandi eða steinmulningi, meðal annars úr innlendum jarðefnum, t.d. hrafninnu og kvartsi. Í stað flatra þaka fengu húsin lágreist valmáþök og steipta þakkanta og síðar urðu þökin stundum háreistari. Horngluggar urðu

⁴ Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð I*, bls. 322 – *Skrá yfir friðuð hús*, bls. 118–119.

⁵ *Skrá yfir friðuð hús*, bls. 118.

⁶ Mynd t.v.: Ljósm. Kristján Þorgrímsson. Eig. Árnþjórgjör Árnadóttir. Mynd t.h.: Ljósm. Gunnar Th. Svanberg. Hér tekur eftir: Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 315.

mjög algengir og var ýmist póstur á horninu eða steipt súla. Gluggum var skipt upp með lóðréttum póstum.⁷

Á svæðinu er áberandi ákveðin gerð timburhúsa sem hafa, einkum hvað gluggagerð varðar, vissa skírskotun til fúnkishúsa. Þessi hús standa flest vestan götu við Laugarnesveg og voru byggð á árunum 1932–1934. Þetta eru að grunni til einföld, lítil bindingshús, einlyft að upphaflegri gerð með lágum kjallara og risi og flest klædd bárujárni á veggjum og þaki. Það sem gerir þessi timburhús hins vegar sérstæð eru gluggarnir sem jafnan er skipt upp með lóðréttum póstum í anda fúnkisstíls, auk þess sem hornluggar á einu eða fleiri hornum eru algengir.



Timburhúsin Laugarnesvegur 61 og Laugarnesvegur 77, teiknuð af Hafliða Jóhannssyni og Axel Sveinssyni.⁸

Húsin Laugarnesvegur 61 og Laugarnesvegur 77 og 79 eru góð dæmi um hús af þessari gerð, en þau eru öll með samskonar útliti, einlyft með háu risi, lágum kvistum og aflöngum gluggum með mörgum lóðréttum póstum. Hið fyrstnefnda teiknaði Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari, en allmörg timburhúsanna vestan Laugarnesvegar eru byggð eftir teikningum hans. Hin tvö síðarnefndu teiknaði Axel Sveinsson verkfræðingur og er annað þeirra parhús, en Axel er einmitt þekktur af parhúsum úr timbri sem byggð voru eftir teikningum hans vestarlega við Hringbraut um miðjan 4. áratuginn. Þau eru hluti af heildstæðri byggð timbur- og steinsteypuhúsa í fúnkisstíl sem Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur lét reisa á þessum tíma á byggingarreit milli Hringbrautar og Ásvallagötu. Húsin voru byggð eftir stöðluðum teikningum Axels og Þóris Baldvinssonar arkitekts. Húsin sem Þórir Baldvinsson teiknaði eru fyrstu húsin í Reykjavík sem byggð voru í hreinum fúnkisstíl en húsin sem Axel Sveinsson teiknaði eru parhús í hefðbundnari stíl, þó að þau beri einnig sterk einkenni fúnkisstílsins.⁹ Húsin tvö við Laugarnesveg sem Axel teiknaði voru byggð eilítið á undan húsum hans við Hringbraut og eru því einskona fyrirrennarar þeirra.

Annars eiga timburhúsin sem hér eru könnuð sér einna helst samsvörun í byggð timburhúsa sem reis í Skerjafirðinum á svipuðum tíma. Byggðin þar er af sama toga, það er að segja timburhús sem byggð voru í úthverfi eftir að hömlur voru settar á byggingu timburhúsa í miðbænum í kjölfar brunans mikla árið 1915.¹⁰ Á stríðsárunum þurfti hluti þessara húsa að víkja vegna byggingar Reykjavíkurflugvallar og voru flest þeirra flutt í Teigahverfið, meðal annars nokkur á þann hluta Hrístateigs sem hér er kannaður, eins og áður er nefnt.¹¹ Þessi hús

⁷ Leiðsögn um íslenska byggingarlist, bls. 13-14 – Skrá yfir friðuð hús, bls. 123-124.


⁸ Ljósmyndir teknar af skýrsluhöfundum í september 2009.

⁹ Skrá yfir friðuð hús, bls. 112 – Leiðsögn um íslenska byggingarlist, bls. 40 – Abrecht, Birgit: *Arkitektúr á Íslandi*, bls. 98 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*. Síðari hluti, bls. 307-308 – Guðjón Friðriksson: *Indæla Reykjavík*, bls. 107-108.

¹⁰ Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M. Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2*, bls. 46 og 53.

¹¹ Nikulás Úlfar Másson: *Byggingasaga – Teigahverfi*, bls. 2.

voru flest byggð í sama sérstæða timburhúsastílnum og húsin vestan Laugarnesvegar sem þegar er lýst, með gluggagerð og stundum einnig þakgerð fúnkishúsa, en klædd með bárujárnri eins og hefðbundin timburhús. Þegar þau voru flutt að Hríateigi voru þau í flestum tilvikum stækkuð og múrhúðuð og tóku þá á sig útlit steinsteypra húsa. Hugmyndina um múrhúðun eða forskalningu timburhúsa flutti Þórir Baldvinsson með sér frá Bandaríkjunum, þar sem hann hafði lært, og hugsaði hana ekki síst sem brunavörn. Þessi aðferð komst síðan í tísku og var notuð til að færa timburhús í nútímalegra horf.¹²



Hús sem flutt var af Hörpugötu 26 á Hríateig 22 árið 1943. Á teikningunni t.v. má sjá húsið eins og það stóð við Hörpugötu og á þeirri t.h. eins og það var teiknað á hinni nýju lóð við Hríateig. Þá var það múrhúðað og því snúið á grunninum svo að sú hlið sem áður var bakhlið varð framhlið.¹³

Nokkur þeirra timburhúsa sem byggð voru vestan Laugarnesvegar á árunum 1932–1934 eru af hefðbundnara tagi. Þau eru af þeirri gerð lítilla og látlausra timburhúsa sem algeng varð í Reykjavík á fyrsta áratugi 20. aldarinnar og voru byggð allt fram á þann fjórða. Einkenni þessara húsa eru að þau eru lítil, lágreist, laus við allt skraut og einföld að frágangi. Yfirleitt eru þau einlyft eða voru það upphaflega, ýmist með lágu risi eða nýtanlegri rishæð og standa á lágum steinkjallara. Gengið var inn í þessi hús um inngang eða inngönguskúr á gafli eða bakhlið. Að utan voru þau jafnan klædd með bárujárnri á veggjum og þaki. Þessi hús standa sum lítið breytt, til dæmis húsin nr. 69 og 71 við Laugarnesveg. Austan Laugarnesvegar voru einnig byggð þrjú hús í þessum stíl á árunum 1926–1927. Tvö þeirra hafa verið rifin og önnur byggð í staðinn, en eftir stendur húsið nr. 70 við Laugarnesveg.

Flest steinsteyptu húsin sem byggð voru á svæðinu á 5. áratugnum eru hönnuð í anda fúnkisstefnunnar, en það eru einkum húsin við Hríateig og á reitnum sem afmarkast af Sundlaugavegi, Otrateigi og Hríateigi. Á þessu svæði eru einnig þrjú hús hlaðin úr holsteini sem byggð eru í fúnkisstíl. Nokkur steinsteyptu húsanna frá þessum tíma eru af einfaldri gerð steinhúsa sem líkjast timburhúsum að fyrirkomulagi og gerð, en flest þeirra bera einnig einhver einkenni fúnkisstílsins, svo sem hornglugga og glugga með lóðréttum póstum, steypa þakkanta og múrhúð með skeljasandi eða steinmulningi, sem oftast en ekki hefur verið málað yfir.

Raðhúsin sem standa á austurhluta svæðisins, milli Laugalækjar og Otrateigs, eru af þeirri gerð sem algeng varð í skipulagi Reykjavíkur á 6. áratugi 20. aldar. Með byggingu slíkra raðhúsa komu fram ýmis nýmæli í gerð íbúðarhúsnæðis og skipulags. Byggðar voru tvílyftar raðhúsallengjur sem sneru gafli að götu og var aðkoma að íbúðunum um göngustíg sem lá að götu og tengdist oft opnu svæði við hinn enda lengjunnar. Slíkt er fyrirkomulagið


¹² *Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna*, bls. 112– Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*. Síðari hluti, bls. 308 – Abrecht, Birgit: *Arkitektúr á Íslandi*, bls. 98.

¹³ Byggingarfulltrúinn í Reykjavík: *Innlagðar teikningar, Hörpugata 26 og Hríateigur 22*.

hér, þar sem bílskúrar fyrir hverja raðhúsallengju eru við götu og gengið er þaðan um stíg að inngangi hversrar íbúðar og síðan um stíga frá hverri lengju að sameiginlegu leiksvæði á miðjum reitnum. Fyrirkomulag sem þetta er áfangi í þróun skipulags íbúðahverfa þar sem akandi og gangandi umferð er algerlega aðgreind. Hliðstætt skipulag frá sama áratugi má til dæmis sjá í raðhúsum við Skeiðarvog og þyrpingu raðhúsa sem Reykjavíkurborg byggði við Réttarholtsveg og Ásgarð.¹⁴ Á svæðinu stendur einnig verslunarhúsið að Laugalæk 2–8, sem byggt var á sama tíma og tilheyrir sama skipulagi og raðhúsin. Það hefur frá upphafi þjónað sem verslunarkjarni fyrir hverfið með fjórum til fimm verslunum sem bjóða mismunandi vörur og þjónustu. Slíkar verslanapýrpingar tóku að ryðja sér til rúms á 6. áratugnum og var hugsunin sú að viðskiptavinurinn gæti sótt helstu verslun og þjónustu á einn stað en þyrfti ekki að fara á marga staði til þess.¹⁵



Teikning Halldórs Halldórssonar arkitekts að raðhúsinu við Otrateig 2–14.¹⁶



Teikning Manfreðs Vilhjálmssonar arkitekts að raðhúsinu við Laugalæk 36–48.¹⁷

¹⁴ Manfræð Vilhjálmsson arkitekt, bls. 66-67.

¹⁵ Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrri hluti, bls. 154.

¹⁶ Byggingarfulltrúinn í Reykjavík: Innlagðar teikningar, Otrateigur 2-14.

¹⁷ Byggingarfulltrúinn í Reykjavík: Innlagðar teikningar, Laugalækur 36-48.

Nýrst við Hrístateig og þann hluta Laugarnesvegjar sem hér er kannaður standa nokkur hús sem byggð voru á svipuðum tíma, eða á tímabilinu 1955–1968, og eru þau af ýmsum húsagerðum. Þar eru bæði einbýlishús byggð í anda mórernisma (Hrístateigur 37 og 41), fjölbýlishús í fúnkisstíl (Laugarnesvegur 72 og 74) og fjölbýlishús af hefðbundnari gerð frá 6. áratugnum (Hrístateigur 43 og 45), sem og verslunarahús af hefðbundinni gerð frá 7. áratug aldarinnar (Hrístateigur 47 og Laugarnesvegur 74a).

Þrjú tvílyft raðhús til viðbótar voru byggð á svæðinu austanverðu á 8. áratugnum (Laugalækur 50–62 og Sundlaugavegur 29–35) og í kringum 1980 (Laugalækur 10–20). Þau eru öll byggð með hliðsjón af og í samræmi við eldra skipulagið og af virðingu fyrir forsendum þess og heildarmynd.



Síðan hefur einungis eitt hús verið byggt á svæðinu en það er húsið nr. 68 við Laugarnesveg sem byggt var í stað eldra húss sem var rífið og er í svokölluðum ný-fúnkisstíl.

Breytingar

Húsunum á vesturhluta svæðisins hefur flestum verið breytt á einn eða annan hátt frá því að þau voru byggð. Einkum hefur elstu húsunum, steinhúsunum sem standa austan götu við Laugarnesveg, verið breytt mikið. Mörg þeirra hafa verið stækkuð og/eða hækkuð um eina eða tvær hæðir og upprunalega húsið þá í raun orðið hluti af mun stærra og hærra húsi, gjarnan af annarri húsagerð en hinni upprunalegu. Dæmi um þetta eru húsin nr. 54, 60, 62 og 66 við Laugarnesveg. Þetta á einnig við um elsta húsið á svæðinu, *Bjarg* við Sundlaugaveg 37, en það var stækkað um meira en helming í kringum 1950 og þá breytt mikið frá upprunalegri gerð.

Nokkur timburhúsanna vestan Laugarnesvegjar hafa einnig verið hækkuð um eina hæð eða með þakhækkun, en þar eru þó mun fleiri hús sem varðveist hafa með upprunalegu lagi og stíleinkennum. Viðbyggingar eru þó við mörg þessara húsa, en oftast við bakhlið. Kvistum hefur verið bætt við á nokkur húsanna á svæðinu og gluggum hefur verið breytt á einhvern hátt á allflestum þeirra. Auk þess hefur klæðningu verið breytt á nokkrum húsum.

Húsin sem flutt voru frá Skerjafirði að Hrístateigi voru, eins og áður segir, flest stækkuð og múrhúðuð þegar þau voru endurbyggð á nýju lóðinni, en hefur fæstum verið breytt að ráði síðan.



Hús sem flutt var af Þorragötu 8 á Hrístateig 27 árið 1943. Á teikningunni t.v. má sjá húsið eins og það stóð við Þorragötu og á þeirri t.h. eins og það var teiknað á hinni nýju lóð við Hrístateig. Þá var það sett á nýjan kjallara, stækkað og múrhúðuð og virðist einnig hafaverið snúið svo að það sem áður var bakhlið varð framhlið.¹⁸

¹⁸ Byggingarfulltrúinn í Reykjavík: Innlagðar teikningar, Þorragata 8 og Hrístateigur 27.

Steinsteyptu fúnkishúsunum og yngri steinhúsum sem standa á svæðinu hefur fæstum verið breytt svo um sé að tala, utan þess að klæðningu hefur á stöku stað verið breytt og múrhúð sem upphaflega var ómáluð í nokkrum tilvikum verið máluð. Undantekning er þó húsið Hrístateigur 41 sem hefur verið gjörbreytt á síðustu áratugum og hefur með því tapað sínum upprunalegu stíleinkennum.

Raðhúsunum á austurhluta svæðisins hefur lítið sem ekkert verið breytt frá því að þau voru byggð, utan þess að litasetningu hefur í einhverjum tilvikum verið breytt frá því sem upphaflega var, t.d. á raðhúsunum nr. 36–48 við Laugalæk og verslunarhúsunum nr. 2–8 við Laugalæk.

Höfundar

Vitað er um höfunda allra húsanna á svæðinu, nema elsta hússins *Bjargs* við Sundlaugaveg og tveggja flutningshúsanna úr Skerjafirði.

Haflíði Jóhannsson húsasmíðameistari er sá höfundur sem hefur teiknað flest hús á svæðinu, en hann hannaði alls níu af þeim 65 húsum og húsasamstæðum sem hér eru könnuð, þar af fimm timburhús sem standa í röð vestan Laugarnesveg (Laugarnesveg 55, 57, 59, 61 og 63), þrjú fúnkishús, eitt við Hrístateig (Hrístateig 21) og tvö vestan götu við Otrateig (Otrateig 3 og 5) og eitt raðhús við Otrateig (Otrateig 16–28).

Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari og Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari teiknuðu hvor um sig fimm hús á svæðinu. Guðmundur teiknaði tvö af húsunum sem standa vestan götu við Hrístateig, þar af eitt af flutningshúsunum úr Skerjafirði (Hrístateig 22 og 39), tvö af elstu húsunum austan götu við Laugarnesveg (Laugarnesveg 56 og 70) og eitt hús við Sundlaugaveg (Sundlaugaveg 9). Arinbjörn teiknaði tvö hús vestan götu við Laugarnesveg (Laugarnesvegur 81 og 85) og þrjú vestan götu við Hrístateig (Hrístateigur 23, 27 og 35).

Kjartan Sveinsson tæknifræðingur teiknaði fjögur hús á svæðinu, þar af tvö raðhús (Laugalæk 50–62 og Otrateig 30–42), fjölbýlishús við Laugarnesveg (Laugarnesveg 64) og húsið Hrístateig 41, sem nú hefur verið breytt svo mikið að það hefur tapað sínum upprunalega stíl og höfundareinkennum.

Finnur Ó. Thorlacius forsmiður teiknaði þrjú hús á svæðinu, öll steinsteypt hús austan götu við Laugarnesveg (Laugarnesveg 52, 54 og 58).

Pjetur Ingimundarson forsmiður, Ágúst Pálsson arkitekt og Axel Sveinsson arkitekt teiknuðu hver um sig tvö hús á vesturhluta svæðisins.


Nokkur hús voru teiknuð í samvinnu tveggja höfunda. Sigmundur Halldórsson arkitekt og Einar Sveinsson arkitekt teiknuðu eitt hús saman og eitt hús að auki hvor fyrir sig. Sigurður Pjetursson arkitekt teiknaði eitt hús með Jóni S. Richardssyni teiknara og annað með Þorleifi Eyjólfssyni arkitekt.

Aðrir hönnuðir teiknuðu hver um sig eitt hús eða húsasamstæðu á svæðinu.

Saga svæðisins

Svæðið sem hér er til umfjöllunar er á því landsvæði sem áður var kallað Laugamýri eða Þvottalaugamýri og var stór mýrarfláki sunnan Laugarness og vestan Laugaráss. Laugamýri tilheyrði jörðinni Laugarnesi, sem var eitt þriggja stórbýla í Seltjarnarneshreppi hinum forna, ásamt Vík (Reykjavík) og Nesi við Seltjörn. Heimildir eru um búsetu í Laugarnesi frá því skömmu eftir landnám og kirkju frá því um 1200. Í Laugamýrinni var

þykkur mór sem árlega var nýttur frá Laugarnesi.¹⁹ Í landi Laugarness voru einnig heitar laugar sem um langan aldur voru notaðar til þvotta og baða. Þvottalaugarnar svokölluðu voru sem kunnugt er nokkru sunnar í Laugamýri, á því svæði sem nú er nefnt Laugardalur. Við Þvottalaugarnar kom upp heitur lækur, Laugalækurinn, sem rann til norðvesturs á þeim slóðum þar sem nú er samnefnd gata og féll til sjávar á Kirkjusandi, en svo kallast strandlengjan vestan Laugamýrar, frá Rauðarárvík austur að Laugarnesi. Á nokkrum stöðum í Laugalæknum virðast hafa verið laugar sem hentugar voru til baða. Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson könnuðu laugarnar árið 1755 og segja í *Ferðabók* sinni frá allstórri og djúpri baðlaug í mýrinni sunnan túns í Laugarnesi. Þangað hafi margir komið frá nágrennbæjum Laugarness til að lauga sig, en einnig hafi sótt þessa laug farmenn úr Hólminum og starfsfólk Innréttinganna úr Reykjavík. Úr þessari laug hafi volgur Laugalækurinn runnið og neðar í honum hafi verið tveir eða þrír aðrir staðir sem notaðir hafi verið til baða.²⁰ Sveinn Pálsson læknir og náttúrufræðingur kom að laugunum árið 1791 og segir frá því að nokkru neðan við Þvottalaugarnar hafi Laugalækurinn breitt úr sér og þar hafi vatnið verið hæfilega heitt til baða.²¹ Á þessum stað eða nálægum slóðum kom Jón nokkur Kærnested upp sundskóla árið 1824. Hann lét gera þar fyrirhleðslu svo að dálítið lón myndaðist og þar kenndi hann piltum sund í nokkrar vikur að vorlagi en ekki eru heimildir um frekari sundkennslu þar næstu áratugin.²²



Kort sem sýnir helstu örnefni í landi Laugarness.²³

¹⁹ Páll Línadal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 2. bindi H-P, bls. 102, 117 og 124 – Hulda H. Pétursdóttir: *Gullkista þvottakvenna*, bls. 15-17 – Þorgrímur Gestsson: „Laugarneshverfi verður til“, bls. 16.

²⁰ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 130-131 – Þorgrímur Gestsson: „Laugarneshverfi verður til“, bls. 19 – Páll Línadal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 2. bindi H-P, bls. 117 – Páll Línadal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 3. bindi R-Ö, bls. 104-105 og 195-197.

²¹ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 127 – Þorgrímur Gestsson: „Laugarneshverfi verður til“, bls. 19 – Páll Línadal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 3. bindi R-Ö, bls. 105 og 196-197.

²² Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 133 – Þorgrímur Gestsson: „Laugarneshverfi verður til“, bls. 19 – Páll Línadal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 3. bindi R-Ö, bls. 105.

²³ Kortagerð: Jean-Pierre Biard. Staðsetning örnefna: Guðlaugur R. Guðmundsson. Hér tekið eftir: Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 24.

Bæjarstjórn Reykjavíkur keypti Laugarnes ásamt jörðinni Kleppi árið 1885 í því skyni að tryggja Reykvíkingum aukið land til beitar, ræktunar og mótöku og árið 1894 voru báðar jarðirnar lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.²⁴ Eftir að Laugarnes komst í eigu bæjarins var hafist handa um gerð vegar sem auðvelda átti fólki ferðir inn í Þvottalaugarnar og dregur vegurinn, Laugavegur, nafn sitt af þeim. Áður höfðu þvottakonurnar þurft að þræða götur meðfram sjónum austur úr Skuggahverfi, fara yfir Fúlutjarnarlæk (nálægt því þar sem nú eru gatnamót Kringlumýrarbrautar og Borgartúns) og þaðan yfir svonefnda Kirkjumýri, sem var bæði blaut og keldótt, til að komast að laugunum.²⁵

Um svipað leyti hófst sundkennsla á ný í laugunum en á þessum tíma hafði aukist mjög áhugi Reykvíkinga á að læra sund. Árið 1884 gekkst Björn Blöndal sundkennari fyrir því að útbúið var nýtt og stærra sundstæði í Laugalæknum, hér um bil á þeim stað þar sem nú eru gatnamót Sundlaugavegar og götunnar Laugalækjar. Lækurinn var þá stíflaður með torfgarði og bakkarnir stungnir niður svo að laugin varð nægileg breið og djúp til að hægt væri að kenna þar sund. Nýstofnað Sundfélag Reykjavíkur lét síðan betrubæta sundstæðið og veita nokkru af Laugalæknum utan við það til þess að vatnsmagnið í lauginni yrði hæfilegt.



Piltar á sundnámskeiði í gömlu sundlaugunum í Laugalæk fyrir aldamótin 1900.²⁶

Seinna reisti félagið sundskýli sem stóð á stólpum í miðri lauginni en frá því lágu timburbrýr yfir að sundlaugarbökkunum.²⁷ Laug þessari og umhverfi hennar lýsti Knud Zimsen svo: „Í kringum laugina eru holt og stórgrýti, pyttir og mógrafir. Nokkru ofar eru þvottalaugar og eitthvað af óhreina vatninu úr þeim rennur í sundlaugina. Botninn á sundlauginni er fullur af leðju. Þegar strákarnir koma upp úr, eru þeir mórauðir á skrokkinn. Ef veður er gott, hlaupa

²⁴ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 2. bindi H-P, bls. 102, 117 og 124 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrri hluti, bls. 45 og 50-51.

²⁵ Hulda H. Pétursdóttir: *Gullkista þvottakvanna*, bls. 20 og 22-23 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrri hluti, bls. 252-253.

²⁶ Ljósm. Sigfús Eymundsson. Ljósmyndasafn Íslands (Þjóðminjasafn), SEY 639. Hér tekið eftir: Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 136.

²⁷ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 134-139 – Þorgrímur Gestsson: „Laugarneshverfi verður til“, bls. 19 – Knud Zimsen: *Úr bæ í borg*, bls. 356-357 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 3. bindi R-Ö, bls. 105.

þeir eins og fætur toga niður á Kirkjusand til þess að skola þar af sér í sjónum“.²⁸ Árið 1894 hóf Páll Erlingsson, bróðir Þorsteins Erlingssonar skálds, sundkennslu í lauginni og hélt þar uppi sundkennslu allt árið um kring næstu áratuginna.²⁹

Árið 1898 lét danska Oddfellowreglan reisa holdsveikraspítala í Laugarnesi sem gefinn var íslensku þjóðinni. Þá var lagður vegur frá Laugavegi (nálægt því þar sem Hátún 12 er nú) niður að Kleppsvegi (sem lá frá Laugarnesi austur að Kleppi) og var hann í upphafi nefndur Spítalavegur en fékk síðar nafnið Laugarnesvegur.³⁰ Þennan veg notaði fólk einnig þegar það gekk frá Reykjavík inn í Laugamýri til að læra þar sund, en hafði áður farið gömlu leiðina austur úr Skuggahverfi, meðfram sjónum og yfir Fúlutjarnarlæk, eins og þvottakonurnar.³¹ Síðasti spölurinn inn í sundlaugarnar var genginn eftir mel einum austur frá Laugarnesvegi og myndaðist þar troðningur sem síðar var kenndur við sundlaugarnar og kallaður Sundlaugavegur.³²

Í kjölfar þess að vegarsamband komst á úr bænum inn að Laugarnesi með gerð Laugarnesvegarins varð Kirkjusandur, strandlengjan vestan vegarins, miðstöð fiskverkunar á fyrri hluta 20. aldar. Greint var á milli Innra-Kirkjusands og Ytra-Kirkjusands og voru mörkin um Fúlutjörn. Á Ytra-Kirkjusandi kom Þorsteinn (Th.) Thorsteinsson upp fiskverkunarstöð um 1900 og ári seinna setti Jes Zimsen ásamt bræðrunum Birni og Þorsteini Gunnarssonum á



Mynd tekin í átt að Laugarnesi skömmu eftir 1920. Lengst t.v. má sjá holdsveikraspítalann í Laugarnesi, fyrir miðju fiskverkunarhús Th. Thorsteinssonar og Íslandsfélagsins á Kirkjusandi, og lengra t.h. býlin *Kirkjuból* og *Bjarmaland* við Laugarnesveg.³³

²⁸ Knud Zimsen: *Úr bæ í borg*, bls. 355.

²⁹ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 143 – Þorgrímur Gestsson: „Laugarneshverfi verður til“, bls. 19 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 3. bindi R-Ö, bls. 105.

³⁰ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 2. bindi H-P, bls. 127-128 – Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 159 – Þorgrímur Gestsson: „Laugarneshverfi verður til“, bls. 16.


³¹ Þorgrímur Gestsson: „Laugarneshverfi verður til“, bls. 20.

³² Þorgrímur Gestsson: „Laugarneshverfi verður til“, bls. 20 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 2. bindi H-P, bls. 106.

³³ Ljósmynd. Ólafur Magnússon. Ljósmyndasafn Íslands (Þjóðminjasafn), PK 249.

fót fiskverkun á Innra-Kirkjusandi, sem Íslandsfélagið tók síðar við. Félög þessi reistu þarna margvíslegar byggingar og mannvirki, þar á meðal þurrkhús, geymsluhús, þvottahús og verbúðir fyrir verkafólkið, auk þess sem víðáttumikil stakkstæði settu svip á svæðið.³⁴

Nokkur smábýli risu umhverfis býlið í Laugarnesi og á erfðafestulöndum í nágrenni við Þvottalaugarnar fyrir 1900. Sem dæmi má nefna nýbýlið *Laugaland*, sem reist var við Þvottalaugarnar árið 1892 og *Kirkjuból*, sem Halldór Kr. Friðriksson menntaskólakennari byggði árið 1898 á erfðafestulandi sínu rétt vestan vegarins sem þá var nýlagður að Laugarnesspítala. Útdeiling erfðafestulóða úr landi Reykjavíkur hófst árið 1859 er lóðum næst þéttbýlinu í Kvosinni var úthlutað til ræktunar, en færðist svo að útjöðrum bæjarlandsins, eftir því sem það stækkaði. Markmiðið með útdeilingu erfðafestulanda var að gefa bæjarbúum kost á landi til ræktunar. Einkum voru mýrarnar vinsælar, þar sem holtin voru grýtt og melarnir harðir. Blettirnir voru afhentir til eignar gegn árlegri leigu, en erfðafestuhafar voru þó skyldaðir til að láta af hendi byggingarlóðir úr erfðafestulöndum sínum, ef á þyrfti að halda.³⁵ Eftir 1900 fjölgaði mjög ört hinum svokölluðu nýbýlum, sem reist voru á erfðafestulöndum. Þá var þeim hugmyndum haldið á lofti að verkamenn í þéttbýli ættu að geta haft dálítinn búskap sér til lífsviðurværis samhliða verkamannavinnunni. Jafnframt myndi slíkt stuðla að jákvæðum áhrifum sveitamennsku gegn neikvæðum áhrifum kaupstaða.³⁶ Á þeim svæðum þar sem erfðafestulöndunum var úthlutað urðu til sjálfstæðir byggðakjarnar sem síðar urðu úthverfi og stuðlaði þetta í raun að dreifingu byggðarinnar í Reykjavík.³⁷



Hluti af korti yfir erfðafestubletti í Reykjavík. Norðanverð Kirkjumýri og Laugarnýri.³⁸

³⁴ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 172-175 – Páll Línadal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 2. bindi H-P, bls. 89.

³⁵ Páll Línadal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 2. bindi H-P, bls. 126 – Nikulás Úlfar Másson: *Byggingasaga – Teigahverfi*, bls. 1 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrri hluti, bls. 47-49.


³⁶ Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrri hluti, bls. 52-53.

³⁷ Trausti Valsson: *Skipulag byggðar á Íslandi*, bls. 121.

³⁸ Teiknað af Þorleifi Kristoferssyni, 5. apríl 1955. Hér tekið eftir afriti á Minjasafni Reykjavíkur – Árbæjarsafni.

Árið 1910 ákvað bæjarstjórnin að úthluta til efnalítils fólks erfðafestulöndum í Kirkjumýri og Laugamýri, á svæðinu milli vegarins að Þvottalaugum og Laugarnesvegar, niður að Laugalæk. Árið 1909 hafði réttur bæjarins til byggingarlóða gagnvart handhöfum erfðafestulanda verið aukinn, en Reykjavík var um þær mundir í mjög örurum vexti. Handhafar erfðafestulandanna í Kirkjumýri og Laugamýri fengu því úthlutað samkvæmt nýju skilmálunum frá 1909. Á 2. áratugnum reis svo hvert smábýlið á fætur öðru í Kirkjumýri og sunnanverðri Laugamýri og voru þar ræktuð upp lönd sem áður voru mýrar. Upp úr 1918 var einnig byrjað að framræsa í stórum stíl mýrlendi í bæjarlandi Reykjavíkur og var þá byrjað í nágrenni Þvottalauganna og í Laugamýri. Þar bættist við fjöldi nýbýla á 3. áratugnum og var Laugardalurinn brátt alsettur þeim.³⁹

Eitt af þessum býlum byggðu bræðurnir Jón Þórðarson kaupmaður og Þórður bóndi í Laugarnesi á landi sem þeir fengu til ræktunar rétt austan við Laugalæk árið 1901. Norðmaðurinn Emil Rokstad eignaðist síðan landið árið 1910 og byggði þar hús sem hann flutti tilsníðið frá heimalandi sínu og kallaði *Bjarmaland*. Það stóð rétt norðaustan við brúna sem lá yfir Laugalæk þar sem Laugarnesvegur sveigði í átt að Laugarnesi og nú eru gatnamót Laugarnesvegar og Laugalækjar. Emil Rokstad eignaðist nokkurt landsvæði á erfðafestu beggja vegna Laugalækjarins og varð einn helsti athafnamaður á þessum slóðum. Árið 1919 byggði hann timburhús nokkru sunnar í landinu, á austurbakka Laugalækjarins, þar sem hann setti upp Sápugerðina Seros ásamt bræðrunum Sigurjóni og Einari Péturssonum. Þar var framleidd blautsápa, stangasápa, sápuspænic, gólfvax, vagnáburður og ullarolía. Árið 1923 var búið að breyta þessu húsi í íbúðarhús eða gera það að viðbyggingu við íbúðarhús og eftir það var það kallað *Sólbakki*. Það stóð vestan götu við Laugalæk allt fram til ársins 1979 þegar það var látið víkja fyrir raðhúsinu nr. 10–20 við Laugalæk.⁴⁰




Sápuverksmiðjan Seros við Laugalækinn um 1920.⁴¹

³⁹ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 196-197 og 203-204 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrri hluti, bls. 53 – Nikulás Úlfar Másson: *Byggingasaga – Teigahverfi*, bls. 1-2.

⁴⁰ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 257-260 – *Morgunblaðið*, 22. maí 1920, bls. 1 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*. Síðari hluti, bls. 327 – Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 2. bindi H-P, bls. 128 – Borgarskjalasafn: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Laugamýrarblett VIII og IX (Laugarnesveg 78) – Borgarskjalasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943, Sólbakki við Laugarnesveg, brunavirðing dags. 17.03.1923 (bnnr. 1849).

⁴¹ Ljósmynd. óþekktur. Ljósmyndasafn Íslands (Þjóðminjasafn), L & pr. 1316 cab. Hér tekið eftir: Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 257.

Annað nýbýli sem reist var á þessum slóðum á 2. áratugi aldarinnar er *Bjarg*, sem áður nefndur Páll Erlingsson sundkennari reisti ásamt syni sínum Erlingi Pálssyni yfirlögregluþjóni. Páll var einn þeirra sem fengu úthlutað landi úr Kirkjumýri árið 1910 og fékk þá á erfðafestu Kirkjumýrarblett XII, rétt vestan sundlauganna og Laugalækjar. Hann hefur eflaust tekið fljótlega til við að rækta landið eins og áskilið var í erfðafestusamningum, en íbúðarhús reistu þeir feðgar fyrst á landinu á árunum 1917–1921. Það hús stendur stendur enn á lóð sinni norðan Sundlaugavegar og er nú skráð nr. 37 við götuna. Páll eftirlét Erlingi syni sínum *Bjarg* á 3. áratugnum og byggði sér og konu sinni hús austan Laugaráss. Heyhlaða og lítið fjós sem Erlingur byggði á lóðinni árið 1924 og stærra fjós með heyhúsi og básum fyrir 11 nautgripi, sem hann byggði árið 1927, stóðu í sambyggðri röð rétt norðan við íbúðarhúsið, hér um bil þar sem nú eru raðhúsin nr. 29–35 við Sundlaugaveg. Norðan útihúsanna var sporöskjulagaður blettur þar sem Sigríður Sigurðardóttir, kona Erlings, ræktaði trjágarð.⁴²



Svæðið á korti frá 1932–1933 sem varpað hefur verið á kort frá 2009. Sjá má íbúðarhúsið *Bjarg*, sem enn stendur og útihúsin, sem hafa verið rifin. Staðsetning gömlu sundlauganna er merkt með númeri úr fornleifaskrá Minjasafns Reykjavíkur. Laugalækurinn er merktur með bláum lit.⁴³

Páll kenndi sund í sundlaugunum við Laugalæk allt til ársins 1921 og í tíð hans, á árunum 1906–1908, var byggð ný og stærri laug í stað þeirrar gömlu, á sama stað við

⁴² Borgarskjallasafn: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Sundlaugaveg 37 (Kirkjumýrarblett XII) – Borgarskjallasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943, Bjarg við Laugarnesveg, brunavirðing dags. 17.09.1921 (brnr. 1683) – Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 152.

⁴³ Hluti af korti Bolla Thoroddsen af Reykjavík 1932-1933, hér tekið eftir afriti á Minjasafni Reykjavíkur – Árbæjarsafni, varpað á kort úr kortagrunni Landsupplýsinga-kerfis Reykjavíkur (LUKR). Unnið af Önnu Lísu Guðmundsdóttur, Minjasafni Reykjavíkur 2009.

Laugalækinn eða eilítið norðar (sjá kort bls. 18). Sú laug var með veggjum hlöðnum úr steinlímdu grjóti og steinsteypubotni. Settur var upp timburveggur í kringum hana og 17 búningsklefar byggðir að norðan- og vestanverðu, brú yfir hana miðja og gangpallar utan með henni. Vatn var leitt í laugina um opinn tréstokk úr stíflu sem var gerð í Laugalækinn 30 til 40 metrum ofan við laugina. Eftir að aðsókn jókst í Þvottalaugarnar með aukinni fólksfjölgun skuluðust æ meiri óhreinindi í lónið og þaðan í laugina og það, ásamt kröfu um hæfilega heitt vatn, varð til þess að eftir 1910 var heitt vatn leitt í laugina í pípum innan úr Þvottalaugum. Í þessari laug hóf Ingibjörg Guðbrandsdóttir sundkennslu árið 1908, fyrst íslenskra kvenna, og kenndi bæði fullorðnum konum og barnaskólástúlkum, en fram að því hafði sundkennsla einungis verið ætluð körlum. Erlingur Pálsson kenndi þarna sund með föður sínum frá unga aldri en hætti því þegar hann gekk í lögregluna, en bræður hans Jón og Ólafur, kenndu áfram með föður sínum og tóku við starfi hans árið 1921. Gömlu sundlaugarnar við Laugalæk voru í notkun allt til um 1968 og var sundlaugin sem notuð var allan þann tíma að grunni til sú sama og byggð var á árunum 1906–1908, þó að endurbætur hafi verið gerðar á búningsklefum, böðum og salernum við laugina, til dæmis árið 1936.⁴⁴



Gömlu sundlaugarnar á ljósmynd sem tekin er austur eftir Sundlaugavegi árið 1924.⁴⁵

Þeir sem byggðu smábýli á erfðafestulöndum eins og í Kirkjumýri og Laugamýri nutu þess að geta haft dálítinn búskap utan meginbyggðarinnar og áttu margir kýr og hænsni en gátu jafnframt sótt venjulega launavinnu til bæjarins. Sigurður A. Magnússon rithöfundur lýsir aðstæðum og umhverfi byggðarinnar í Kirkjumýri og Laugamýri á uppvaxtarárum sínum á 3. áratugnum:

Þó byggðin væri hluti af höfuðstaðnum lá hún utanvið hann og naut þannig kosta þéttbýlis jafnt og strjálbýlis án þess að búa við ókostina. Hún var umlukin velræktuðum túnum sem teygðu sig til allra átta milli ævintýralegra holta með björgum, dældum, lindum og litlum grasblettum. ... Býli voru mörg og misstór. ... Við Laugarnesveg stóðu býlin Kirkjuból við

⁴⁴ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 147-152 – Þorgrímur Gestsson: „Laugarneshverfi verður til“, bls. 19 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 3. bindi R-Ö, bls. 105 – Knud Zimsen: *Úr bæ í borg*, bls. 360-363 – *Nýja dagblaðið*, 23. nóvember 1933, bls. 2 og 29. apríl 1937, bls. 3 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*. Síðari hluti, bls. 156.

⁴⁵ Ljósmynd. Peter Söraa/Peter J. Sørå. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Psö 35.

suðurenda byggðarinnar, Bjarmaland hjá bugðunni við brúna og Laugarnes þar sem hann tengdist Kleppsvegi Á tanganum fyrir neðan Laugarnesbýlið stóð hátimbruð bygging Holdsveikraspítalans.⁴⁶

Á síðari hluta 3. áratugarins myndaðist fyrsti vísir að þorpi á þessu svæði þegar farið var að úthluta byggingarlóðum við Laugarnesveginn. Á þeim tíma var gríðarlegur skortur á íbúðarhúsnæði í Reykjavík. Ástæður þess voru takmarkaður innflutningur á byggingarefni undir lok fyrri heimsstyrjaldarinnar og síaukinn aðflutningur fólks til bæjarins. Á þessum árum var allt vöruverð mjög hátt og jafnframt ómögulegt að fá veðdeildarlán til húsbýgginga. Þetta leiddi til þess að efnaminna fólk lenti í basli við að koma sér upp húsnæði og þurfti að láta sér nægja mjög lítil íbúðarhús og húskofa á baklóðum. Þá leitaði fólk í auknum mæli út fyrir bæinn, eins og sýndi sig í aukinni ásókn í erfðafestulöndin. Bæjaryfirvöld brugðust meðal annars við vandanum með því hefja úthlutun ódýrari lóða rétt utan bæjarins og þá var svæðið við Laugarnesveg tilvalið, þar sem nokkur atvinnustarfsemi hafði byggst upp í næsta nágrenni og beint vegarsamband var inn í bæinn. Lóðirnar sem úthlutað var við Laugarnesveg á þessum tíma voru allar austan götunnar og á árunum 1926 til 1929 reis meðfram henni röð húsa, sem flest voru lítil steinhús.⁴⁷



Kort af svæðinu frá 1929 með nöfnum húsanna sem þá var búið að reisa austan götu við Laugarnesveg. Á norðausturhorni Laugarnesvegar og Sundlaugavegar er húsið nr. 52 við Laugarnesveg, þar fyrir norðan er Hvammur (nr. 54), þá Harðangur (nr. 56), Kirkjubær (nr. 58), Hreiðarstaðir (nr. 60), Heiðarvöllur (nr. 62), Sæból (nr. 64), Steinar (nr. 66), Árnes (nr. 68) og nyrst Sandprýði (nr. 70). Einnig er búið að mæla út lóðirnar vestan götunnar.⁴⁸

⁴⁶ Sigurður A. Magnússon: *Undir Kalstjörnu*, bls. 35.

⁴⁷ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 309-312 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*. Síðari hluti, bls. 107 og 109.

⁴⁸ Kort Helga Sigurðssonar af Laugarnesi 1929. Mælingadeild borgarverkfræðings. Hér tekið eftir: Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 310.

Fyrstu húsin risu veturinn 1926 en árið 1924 hafði Rafmagnsveita Reykjavíkur reyndar reist straumskiptistöð ofarlega við götuna, þar sem nú er lóðin númer 72 við Laugarnesveg. Fyrsta íbúðarhúsið við götuna byggði Sigurbergur Einarsson málari og reis það sunnan Sundlaugarvegur, á lóðinni sem nú er númer 44 við Laugarnesveg og var nefnt *Bergsstaðir*. Litlu norðar, á lóðinni sem nú er númer 48, byggði Aðalsteinn Jónsson verkamaður sér og fjölskyldu sinni lítið timburhús sem hann nefndi *Brimnes*. Í desember 1926 voru einnig risin tvö hús norðan Sundlaugarvegur. Á lóðinni sem nú er númer 68 var Grímur Jónsson búinn að byggja lítið einlyft timburhús sem hann kallaði *Árnes*. Grímur þessi vann hjá Sambandinu og átti níu manna fjölskyldu sem fluttist í húsið, en til viðbótar bjó þar önnur fjögurra manna fjölskylda fyrsta árið. Hús þetta stóð að mestu óbreytt á lóð sinni til ársins 2004 þegar það var látið víkja fyrir nýju steinsteypu þriggja íbúða húsi. Á lóðinni norðan við þessa reisti Þorsteinn Þorsteinsson reisulegt timburhús sem kallað var *Sandprýði* (Laugarnesvegur 70). Þangað fluttu inn tvær fjölskyldur árið 1927.⁴⁹



Nokkur af elstu húsunum við Laugarnesveg á mynd sem tekin er í austur frá Kirkjusandi. Litli turninn er straumskiptistöð Rafmagnsveitunnar sem stóð líklega þar til ný spennistöð var byggð á sama stað árið 1976, næst er húsið *Sandprýði* (nr. 70), þá *Árnes* (nr. 68) sem var rífið 2004, því næst *Steinar* (nr. 66) og svo húsið *Sæból* (nr. 64) sem stóð til ársins 1964.⁵⁰

Árið 1927 risu átta hús til viðbótar við götuna. Tvö þeirra eru sunnan Sundlaugavegar. Annað þeirra, *Kirkjuberg*, reisti Guðmundur Guðmundsson Afríkufari á lóðinni á suðausturhorni Laugarnesvegur og Sundlaugavegar (Laugarnesvegur 50). Þangað fluttu inn fjórar fjölskyldur þetta ár. Í kjallara hússins opnuðu systkini sem voru meðal íbúanna litla verslun, þar sem þau seldu helstu nauðsynjavörur. Milli *Bergsstaða* og *Brimness* byggðu Vilhjálmur Vilhjálmsson verkamaður og Kristín A. Jónsdóttir húsið *Varmaland* (Laugarnesvegur 46). Norðan Sundlaugavegar risu sex hús þetta ár. Á norðausturhorni Laugarnesvegur og Sundlaugarvegur höfðu feðgarnir Þorgrímur Jónsson og Ólafur og Pétur Þorgrímssynir frá Laugarnesi fengið leyfi fyrir tvílyftu verslunar- og íbúðarhúsi (Laugarnesvegur 52). Þeir höfðu áður rekið verslun í kjallara húss sem nefnt var Viðvík og stóð skammt norðan *Bjarmalands*. Það hús höfðu tveir starfsmenn í grútarbræðslu Emils

⁴⁹ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 315-316– Þorgrímur Gestsson: „Laugarneshverfi verður til“, bls. 20.

⁵⁰ Ljósmynd. Óþekktur. Ljósmyndasafn Íslands (Þjóðminjasafn) [?]. Hér tekið eftir: Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 312.

Rokstad reist árið 1925. Svo fór að Laugarnesfeðgar reistu einungis fyrstu hæðina af fyrirhuguðu húsi og opnuðu þar verslun sem nefnd var Pétursbúð eða Þorgrímsbúð, en húsið var fyrst hækkað í tvær hæðir á 4. áratugnum. Framan við það var strax árið 1927 komið fyrir einum af fyrstu bensintönkum landsins.⁵¹ Þarna mun einnig hafa verið rekinn skóli frá 1927 til 1935, þegar Laugarnesskóli tók til starfa. Skóli þessi var eitt af nokkrum útibúum frá Barnaskóla Reykjavíkur sem stofnuð voru í úthverfum vegna þrængsla í húsnæði Barnaskólans og urðu fyrstu vísar að hverfaskólum í Reykjavík.⁵² Lítið eitt norðar við götuna byggðu Þorvaldur Einarsson bakari og Kristín Guðmundsdóttir *Harðangur*, lítið steinsteyppt hús í kastalastíl (Laugarnesvegur 56). Á næstu lóð fyrir norðan byggði þriðji bróðirinn frá Laugarnesi, Kristján Þorgrímsson bílstjóri, húsið *Kirkjubæ*, sem hann flutti í ásamt konu sinni Árnbjörgu Árnadóttur (Díu) og tveimur öðrum fjölskyldum (Laugarnesvegur 58). Næsta hús norðan við *Kirkjubæ* byggðu Helgi Vigfússon málarí og Ingveldur Hróbjartsdóttir og nefndu *Hreiðarsstaði* (Laugarnesvegur 60). Þar fyrir norðan reisti Sveinn Einarsson múrari húsið *Heiðarvöll* (Laugarnesvegur 62), en Sveinn og fjölskylda hans höfðu leigt í kjallaranum á *Bjargi* á meðan hann kom upp húsinu. Næst fyrir norðan *Heiðarvöll* byggðu Sylveríus Hallgrímsson og Helga Kristjánsdóttir húsið *Sæból* (Laugarnesvegur 64). Þessi hús standa öll enn í dag, þó þeim hafi flestum verið breytt mikið, nema *Sæból* sem var rífið árið 1964 þegar núverandi fjölbýlishús var reist á lóðinni.⁵³



Mynd tekin í átt að Laugarnesi um 1940, þegar risið er einskonar þorp við Laugarnesveginn. Allt í kring er enn óskipulögð og dreifð byggð smábýla á erfðafestublettum í Kirkjumýri og Laugamýri.⁵⁴

⁵¹ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 300-301, 312-316 og 320-322 – Þorgrímur Gestsson: „Laugarneshverfi verður til“, bls. 20.

⁵² Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrri hluti, bls. 401 – Páll Línadal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 2. bindi H-P, bls. 128.

⁵³ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 312-316 – Þorgrímur Gestsson: „Laugarneshverfi verður til“, bls. 20.

⁵⁴ Ljósmynd. Ólafur Magnússon. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÓLM 50.

Árið 1928 var byggt eitt hús til viðbótar austan Laugarnesvegur, en það var húsið *Steinar* sem Hannes Júlíusson skósmiður og Margrét Einarisdóttir byggðu á lóðinni milli *Sæbóls* og *Árness* (Laugarnesvegur 66). Árið 1929 var enn laus ein óúthlutað lóð austan götunnar, norðan verslunarhúss Laugarnesbræðra, og þar byggði Júlíus Hafstein Svanberg Svan, sem áður hafði búið ásamt fjölskyldu sinni í *Kirkjubæ*, steinsteypt hús í kastalastíl sem kallað var *Hvammur* (Laugarnesvegur 54).⁵⁵



Nærmynd af fyrstu byggðinni við Laugarnesveg. Fremst vestan megin götunnar er gamla býlið *Kirkjuból*.⁵⁶

Í upphafi þessa tímabils, árið 1926 voru íbúar svæðisins 94 talsins en þeim hafði fjölgað í 240 í lok árs 1927. Yfir byggðinni austan Laugarnesvegur var sannkallaður þorpsbragur og miðkjarni hennar var á mótum Laugarnesvegur og Sundlaugavegar, þar sem þegar voru komnar upp hornverslanir, bensíntankur og skóli. Sumir íbúarnir sóttu vinnu úti á Kirkjusandi eða á aðra þá vinnustaði sem risið höfðu í næsta nágrenni en aðrir fóru sem leið lá suður Laugarnesveg og vestur Laugaveg til vinnu inni í bænum.⁵⁷

Árið 1929 var einnig búið að mæla út lóðirnar vestan Laugarnesvegur, allt frá *Kirkjubóli* norður að Laugalæknum á mótum við *Bjarmaland*. Ekki var hins vegar farið að útdeila þessum lóðum fyrr en á árunum 1932–1934 en á þeim tíma spruttu húsin upp eitt af öðru, alls 22 hús sem fengu númer frá 41 upp í 85 við Laugarnesveg. Eitt þeirra hefur nýlega verið rífið (2003), en það er húsið númer 51 sem stóð á norðvesturhorni Laugarnesvegur og Sundlaugavegar. Það hús byggði Björn nokkur Jónsson árið 1932 og í því var opnuð þriðja kjallaraverslunin við gatnamótin. Á meðan húsin austan götunnar voru flest byggð úr steinsteypu voru húsin sem nú voru byggð flest úr timbri og er sérstöðu þeirra í byggingarsögu Reykjavíkur lýst hér að framan. Frárennslislagnir munu hafa verið lagðar úr húsunum við Laugarnesveg út í Laugalæk.⁵⁸ Syðsta húsið, Laugarnesvegur 41, var næsta hús norðan við gamla býlið *Kirkjuból* og hefur líklega verið ætlunin að byggja áfram suður með Laugarnesvegi, allt suður undir Laugaveg, en af því varð aldrei. Nú liggur breiðgatan Kringlumýrarbraut yfir þvera Kirkjumýri og klippir á það framhald sem áður var á Laugarnesvegi allt upp að Laugavegi.⁵⁹ Árið 1933 voru samþykkt á Alþingi ný vegalög þar

⁵⁵ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 315-316.

⁵⁶ Ljósm. Ólafur Magnússon. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÓLM 50.

⁵⁷ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 322.

⁵⁸ *Þjóðviljinn*, 4. ágúst 1949, bls. 4 og 7. ágúst 1949, bls. 4 – Nikulás Úlfar Mátsson: *Byggingasaga – Teigahverfi*, bls. 3.

⁵⁹ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 310-311 og 376.

sem kveðið var á um að Laugarnesvegur, ásamt Kleppsvégi, skyldu teknir úr tölu þjóðvega og gerðir að götum í bænum. Þar með má segja að byggðin við Laugarnesveg, ásamt býlunum þar í kring og á Kleppsholtinu, hafi fyrst orðið órjúfanlegur hluti af Reykjavík og var fljótlega upp úr því farið að kalla svæðið „Laugarneshverfi“.⁶⁰

Á árum seinni heimsstyrjaldarinnar var ákveðið að flytja á þessar slóðir allmörg hús úr Skerjafirðinum sem urðu að víkja þaðan vegna flugvallargerðar breska hersins. Bretar höfðu árið 1940 valið hluta Vatnsmýrarinnar sem ákjósanlegan stað undir herflugvöll og krafist þess að íslenska ríkið tæki svæðið eignarnámi. Varð strax ljóst að mörg hús í Skerjafirði yrðu að víkja vegna framkvæmdanna. Árið 1941 fengu allmargir húseigendur á svæðinu tilkynningu frá bresku herstjórninni um að hverfa nær tafarlaust úr húsum sínum þar sem þau yrðu rifin innan fárra daga. Þá ákváðu bæjaryfirvöld að úthluta þessu fólki lóðum í Laugarneshverfinu, við nýja götu sem áformað var að leggja samhliða Laugarnesveginum. Þessi gata var síðan nefnd Hrístateigur. Eigendur húsanna máttu velja sjálfir um hvort þeir flyttu hús sitt á nýju lóðina eða byggðu þar nýtt hús.⁶¹



Teigahverfið á loftmynd frá 5. áratugnum. Komin eru á sinn stað við Hrístateig húsin sem flutt voru úr Skerjafirðinum og ný byggð er að rísa við nærliggjandi götur. Neðst á myndinni eru gömlu sundlaugarnar og skáhalt ofan við þær gamla býlið *Bjarg* og sporöskulaga trjágardur frá Sigríðar, konu Erlings Pálssonar.⁶²

Á árunum 1941–1942 voru flutt alls sjö hús af Reykjavíkurvegi á nýjar lóðir við efri hluta Hrístateigs, sunnan Sundlaugavegar.⁶³ Á árunum 1942–1944 voru síðan flutt fimm hús af Hörpugötu, Shellvegi og Þorragötu á nýjar lóðir við neðri hluta Hrístateigs, norðan Sundlaugavegar. Allt voru þetta timburhús, upphaflega byggð á árunum 1928–1934. Í öðrum tilfellum virðist sem eigendurnir hafi hætt við að flytja hús sín, þó þeir hafi fengið til þess leyfi, og ákveðið að nota byggingarleyfið til að byggja sér nýtt hús á nýja staðnum, oft þá úr

⁶⁰ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 377.

⁶¹ Nikulás Úlfar Mátsson: *Byggingasaga – Teigahverfi*, bls. 2-3 – Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M. Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2*, bls. 44, 46 og 53 – *Morgunblaðið*, 13. júlí 1941, bls. 7 – Jóhanna Ingvardsdóttir: „Óvissa einkennir sögu flugvallarins“. *Morgunblaðið*, 13. febrúar 2001, bls. 28 – *Tíminn*, 25. júlí 1941, bls. 1.

⁶² Ljós. óþekktur. Ljósmyndasafn Reykjavíkur [?]. Hér tekið eftir: Þorgrímur Gestsson: „Laugarneshverfi verður til“, bls. 18.

⁶³ Nikulás Úlfar Mátsson: *Byggingasaga – Teigahverfi*, bls. 2-3 og 34.

steinsteypu í stað timburs.⁶⁴ Því eru ekki eins mörg flutningshús í Teigahverfinu eins og opinber gögn virðast benda til. Einhver hús munu hafa verið flutt í önnur hverfi bæjarins, til dæmis að Kleppsmýrarvegi.

Eitt af þeim húsum sem flutt voru á Hrístateig var húsið Hörpugata 32, sem var í eigu hjónanna Hallvarðs Rósinkarssonar, vélstjóra hjá Landhelgisgæslunni, og Guðfinnu Lýðsdóttur, og var flutt á lóðina nr. 37 við Hrístateig. Synir þeirra, Helgi og Agnar, sem voru 10 og 12 ára á þessum tíma hafa sagt frá því hvernig flutningarnir gengu fyrir sig:

Þetta bar mjög snögg að og var fólkið nánast rekið út úr húsum sínum, en bærinn reyndi að hlaupa undir bagga með því að útvega fólkinu íbúðir hér og þar um bæinn. Við fengum íbúð uppi á annarri hæð við Laugaveg þar sem við bjuggum þangað til okkar hús var komið á nýjan stað í austurborginni ... Húsin voru öll á tveimur hæðum, flest með steiptum kjallara auk timburhæðar, sem hægt var að flytja. Þegar okkur hafði verið úthlutað lóð við Hrístateig númer 37 var húsið okkar tekið og sett á tunnur á nýju lóðinni á meðan verið var að steypa upp kjallarann í einum skothvelli. ... Ég held að fólk hafi gert sér grein fyrir því að þarna var um stríð að ræða og að það þýddi ekkert að vera með mótmæli. Það var ekki um neitt að velja. Pabbi gamli varð bara að sætta sig við þessa aðgerð. Hann var þó í upphafi ekkert ánægður með þetta, en einn morguninn þegar við komum út, hafði fjögurra hreyfla flugvél hlekkst á og farið út af sjálfri brautinni með þeim afleiðingum að vængendinn kom inn yfir úttröppurnar hjá okkur. Við þetta atvik, skipti karl alveg um skoðun og samþykkti fluting orðalaust. Hann fékk peninga á borðið fyrir húsið og mátti síðan ráð því hvort hann fjarlægði það sjálfur eða nýtti eitthvað úr því á nýjum stað.⁶⁵

Þetta hús var síðar fjarlægt aftur af lóðinni við Hrístateig, þegar ný hæð var byggð ofan á kjallarann sem var undir því. Ekki er ljóst hver urðu örlög gamla hússins eftir það, en það var auglýst til sölu og flutnings árið 1956.⁶⁶



Laugarnesvegur og Teigahverfið á mynd frá um 1944–1945. Hverfið er hér fullbyggt að mestu upp að Kirkjuteigi og lengst t.h. sést Laugarneskirkja í byggingu. Svæðið upp að Sigtúni byggðist að mestu á árunum 1945–1949.⁶⁷

⁶⁴ Borgarskjallasafn: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Hrístateig 16-39 – Borgarskjallasafn: Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943.

⁶⁵ Jóhanna Ingvarðóttir: „Óvissa einkennir sögu flugvallarins“. *Morgunblaðið*, 13. febrúar 2001, bls. 28.

⁶⁶ *Morgunblaðið*, 29. júní 1956, bls. 7.

⁶⁷ Ljósmynd. Eggert P. Briem. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, EPB 002 135 -2-1.

Segja má að flutningur húsanna úr Skerjafirði hafi markað upphafið að nútímaskipulagi í Kirkjumýri. Í framhaldi af lagningu Hrístateigs var svæðið allt skipulagt og Teigahverfið svokallaða byggðist upp. Á eftirstíðsárunum var mikill skortur á húsnæði, enda hafði aðstreymi fólks til höfuðstaðarins aukist mjög í stríðinu og hélt áfram eftir að því lauk. Þá voru skipulögð fyrstu stóru hverfin utan Hringbrautar, fyrst Norðurmýri og Melahverfi og í framhaldinu Skjólin, vesturhluti Hlíðahverfis, meginhluti Langholts- og Vogahverfis og Teigahverfið. Á þessu tímabili starfaði Einar Sveinsson arkitekt sem húsameistari Reykjavíkur og Þór Sandholt arkitekt var ráðinn til að vinna undir hans stjórn að skipulagsmálum. Vegna kostnaðar við lagningu gatna og holræsa var gripið til þess ráðs að beina nýrri byggð á svæði þar sem nýta mátti vegi og stofnlagnir sem fyrir voru. Vegna þessarar stefnu hætti bærinn að vaxa sem samfelld heild á þessum tíma og tók í staðinn að byggjast í einangruðum úthverfum utan við meginbyggðina.⁶⁸ Frárennslislagnir höfðu þegar verið lagðar frá húsunum við Laugarnesveg og má ætla að hentugt hafi verið að tengja nýjar götur við þessar lagnir og þess vegna hafi Teigahverfið verið eitt þeirra sem byggðust upp um þetta leyti. Einnig hefur þar líklega miklu ráðið að handhafar erfðafestulanda á þessu svæði höfðu fengið úthlutað samkvæmt skilmálunum frá 1909, sem gerði bænum auðveldara fyrir að taka landið undir byggingarlóðir.⁶⁹



Séð yfir Teigahverfið frá Kleppsvégi árið 1955. Fyrir miðju má sjá býlið *Bjarg*, sem enn er umkringt sínum gömlu túnnum, lengra t.h. húsið *Sólbakka* og lengst t.v. sundlaugarnar. Framkvæmdir eru hafnar við uppbyggingu nýs hverfis austan Laugalækjar.⁷⁰

Teigahverfið var fullbyggt frá Sundlaugavegi upp að Sigtúni undir lok 5. áratugarins. Þar var í fyrsta skipti skipulagt heilt hverfi þar sem fyrirfram var gert ráð fyrir flestum þörfum slíks samfélags, svo sem skóla og kirkju, en Laugarnesskólinn var byggður á árunum 1934–1947 og Laugarneskirkja á árunum 1941–1949. Sá byggðarkjarni sem myndast hafði við Laugarnesveg á 3. og 4. áratugnum rann inn í hið nýja hverfi og varð hluti af því. Segja má að

⁶⁸ *Borgarhluti verður til*, bls. 4-5 –*Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*, bls. 11 –.Nikulás Úlfar Mátsson: *Byggingasaga – Teigahverfi*, bls. 4.

⁶⁹ Nikulás Úlfar Mátsson: *Byggingasaga – Teigahverfi*, bls. 2-5.

⁷⁰ Ljósmynd. Borgarskipulag. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ADF 1997 158 8.

Teigahverfið hafi síðan verið eins og sjálfum sér nægt þorp þangað til síðari tíma byggð náði að innlima það í þéttbýli Reykjavíkur. Í dag ber hverfið þess enn merki hversu heildstæð og sjálfstæð byggðin var strax í upphafi.⁷¹



Framkvæmdir við lagningu holræsis og vegar þar sem Laugalækurinn lá áður, á ljósmynd frá um 1955. Séð í vestur í átt að Kirkjusandi og norðurenda Laugarnesvegur. T.v. má sjá húsin nr. 83 og 85 við Laugarnesveg og húsið *Bjarmaland*, sem stóð rétt norðan við núverandi gatnamót Laugarnesvegur og Laugalækjar.⁷²

Árið 1949 var Laugalækurinn leiddur í stökk og framkvæmdir hófust við lagningu nýs holræsis sem taka átti við skólprennslinu sem áður hafði lent í opnum læknum. Síðan var lögð ný gata þar sem lækurinn hafði áður runnið og árið 1954 var ákveðið að hún skyldi nefnd eftir læknum. Á þessum tíma var að hefjast uppbygging þess hluta Laugarneshverfis sem liggur austan Laugalækjar og sunnan Kleppsvegur, þar sem eru götur sem hafa endinguna –lækur.⁷³

Svæðið milli Laugalækjar og Hrístateigs og norðan gömlu sundlauganna, þar sem áður voru tón býlisins *Bjargs* og erfðafestulönd Emils Rokstad, var óbyggt fram undir lok 6. áratugarins. Á skipulagskortu af Laugarnesi frá 1953 má sjá að þá hefur verið gert ráð fyrir verslunarhverfi á þessum reit (sjá mynd bls. 28), en árið 1957 var bæjarráð búið að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um nýtt hverfi raðhúsa á svæðinu (sjá mynd bls. 29). Skipulag þetta gerði ráð fyrir að byggðar yrðu níu lengjur tvílyftra raðhúsa á svæðinu, hver með sjö íbúðum. Gatan Otrateigur sem liggur milli Sundlaugavegar og Hrístateigs og afmarkar þetta svæði að vestanverðu, hafði áður talist til Sundlaugavegar en fengið sérstakt heiti árið 1947. Austan þeirrar götu áttu að rísa fimm raðhúsallengjur en fjórar við Laugalæk. Einnig gerði skipulagið ráð fyrir sérstöku verslunarhúsi fyrir hverfið á horni Hrístateigs og Laugalækjar.⁷⁴ Eins og áður

⁷¹ Nikulás Úlfar Mátsson: *Byggingasaga – Teigahverfi*, bls. 3-5 og 10.

⁷² Ljósmynd. Borgarskipulag. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ADF 1997 158 10.

⁷³ *Þjóðviljinn*, 4. ágúst 1949, bls. 4 og 7. ágúst 1949, bls. 4 – *Alþýðublaðið*, 25. maí 1949, bls. 8 – *Morgunblaðið*, 25. maí 1949, bls. 16, 4. mars 1954, bls. 2 og 5. febrúar 1956, bls. 9.

⁷⁴ Finnur Kristinnsson: *Drög að skipulagssögu Reykjavíkur* (óútgefið handrit), bls. 48 – *Morgunblaðið*, 16. maí 1957, bls. 20 – *Vísir*, 20. janúar 1958, bls. 6.

hefur verið lýst komu fram ýmis nýmæli í skipulagi þessarar raðhúsabyggðar sem miðuðu að því að aðskilja akandi og gangandi umferð, en það var í tíð Þórs Sandholts arkitekts, sem gegndi starfi forstöðumanns skipulagsdeildar Reykjavíkurbæjar á árunum 1949–1954, sem fyrstu hverfin voru skipulögð út frá slíkum viðmiðum.⁷⁵ Á árunum 1957–1964 risu fimm raðhúsalengjur við Otrateig og efsta hluta Hrístateigs eftir þessu skipulagi. Við Laugalæk risu á sama tíma tvær raðhúsalengjur, auk verslunarkjarnans á horni Laugalækjar og Hrístateigs. Verslunarhúsin nefndust einu nafni Lækjarver og þar voru strax árið 1959 opnaðar þrjár verslanir, Kjötmiðstöðin, Matvörumiðstöðin og vefnaðarvöruverslun Anita.⁷⁶



Skipulagskort frá 1953 fyrir hluta af Laugarhólfundur. Hér má sjá að gert er ráð fyrir verslunarhverfi á svæðinu milli Laugalækjar, Hrístateigs og Otrateigs, þar sem nokkrum árum síðar var skipulagt raðhúsahverfi.⁷⁷

Gömlu sundlaugarnar sem enn stóðu á horni Sundlaugavegar og Laugalækjar voru brotnar niður og búningssklefarnir rifnir sumarið 1968 til að hægt yrði að breikka Sundlaugavegin.⁷⁸ Þá var búið að reisa hina nýju Laugardalslaug sunnan vegarins. Eftir það, á árunum 1970–1976, var byggð ein raðhúsalengja til viðbótar við Laugalæk, rétt norðan við þann stað þar sem sundlaugarnar höfðu verið. Fjórða og nyrsta raðhúsalengjan við Laugalæk var ekki reist fyrr en á árunum 1979–1981, eftir að gamla býlið *Sólbakki*, sem þar hafði staðið frá því snemma á öldinni, var rífið. *Sólbakki* var lengst af í eigu Sigurðar Guðmundssonar ljósmyndara sem bjó þar þangað til húsið var rífið árið 1979.⁷⁹ Árið 1978 bættist einnig við

⁷⁵ *Borgarhluti verður til*, bls. 5.


⁷⁶ *Þjóðviljinn*, 21. nóvember 1959, bls. 3 – *Tíminn*, 27. nóvember 1959, bls. 2 – *Morgunblaðið*, 27. nóvember 1959, bls. 16.

⁷⁷ Skipulagsstjóri Reykjavíkur: *Skipulag sunnan Kleppsvegur, austan Laugarnesvegur og norðan Sundlaugavegar*, samþykkt í bæjarráði 04.12.1953.

⁷⁸ *Alþýðublaðið*, 22. júní 1968, bls. 3 og 10 – *Vísir*, 22. júní 1968, bls. 10.

⁷⁹ Borgarskjallasafn: Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Laugamýrarblett VIII og IX (Sólbakka við Laugarnesveg og Laugarnesveg 78).

eitt raðhús á svæðinu miðju, hér um bil þar sem útihús býlisins *Bjargs* höfðu áður staðið. Í dag stendur íbúðarhúsið *Bjarg* eftir sem síðasti minnisvarðinn um gömlu býlin sem voru upphaf byggðar á svæðinu, en það er fátt sem minnir á gömlu sundlaugarnar við Laugalæk, þó að enn sé óbyggður reitur á horni Laugalækjar og Sundlaugavegar.



Deiliskipulag raðhúsabygðarinnar við Otrateig og Laugalæk, samþykkt í bæjarráði 14.05.1957.⁸⁰

Í dag er svæðið skilgreint sem íbúðabygð og þar hefur einnig frá upphafi verið til staðar ýmis þjónusta og verslun. Upphaflegu hornverslanirnar við gatnamót Laugarnesvegjar og Sundlaugarvegjar eru löngu aflagðar, en í húsinu Laugarnesvegi 52 var Laugarnesbúðin svokallaða í um tvo áratugi, frá um 1955 til 1975. Einnig var þar rekið bakarí og brauðgerð allt frá um 1950 og fram á 8. áratuginn, sem og bókabúð á 7. áratugnum og rakarastofa 1960–1964. Í seinni tíð hafa einnig verið þarna bólstrunarverkstæði, rafvöruverslun, söluturn, hársnyrtistofa og ýmsar smávöruverslanir og í dag er rekin þarna Gleriðja Erlendar Ó. Ólafssonar. Í húsinu Laugarnesvegi 74a sem byggt var á horni Laugalækjar og Laugarnesvegjar á árunum 1963–1968 hefur frá upphafi verið rekin verslunin Verðlistinn, sem Kristján Kristjánsson tónlistarmaður og verslunarmaður stofnaði árið 1965 ásamt eiginkonu sinni Erlu Wigelund. Árið 1968 var auk þess starfrækt í húsinu hárgreiðslustofa og rakarastofa, sem mun hafa flutt þangað frá Laugarnesvegi 52 árið 1964, auk fiskbúðar. Í samliggjandi húsi, Hrístateig 47, sem byggt var á sama tíma, hefur einnig frá upphafi verið

⁸⁰ Hér tekið eftir: Finnur Kristinsson: *Drög að skipulagssögu Reykjavíkur* (óútgefið handrit), bls. 62.

ýmis verslunar- og iðnrekstur á neðri hæð. Þegar árið 1965 voru opnaðar þar skóvinnustofa, hárgreiðslustofa og efnalaug, auk verkstæðis útvarpsvirkja. Einnig hafa verið starfræktar þarna fata- og hannyrðaverslanir, t.d. verslunin S.Ó. sem Snorri Ólafsson klæðskeri opnaði í húsinu árið 1977 og rak til dánardægurs 1982. Í húsinu opnaði Eyjólfur Pálsson innanhúsarkitekt einnig fyrstu verslunina undir nafninu Epal árið 1977 og þar var hún rekin til 1982. Á 9. og 10. áratugnum voru þarna einnig myndbandaleiga og teppaverslun, bólstrunarverkstæði, verslunin Stefanía og Þórsbakarí og í dag eru þarna til húsa hárgreiðslustofa, Blómabúðin Dalía og bakaríið Korníð. Í Lækjarverum, á horninu á móti, voru Kjötmiðstöðin og Matvörumiðstöðin starfræktar fram yfir 1990, en að auki voru þar lengi mjólkurbúð og ísbúð með rjómaísgerð í kjallaranum. Þar var einnig á 9. og 10. áratugnum söluturn, sem gjarnan var kenndur við eigandann, Ragnar Ólafsson kaupmann. Í vestasta hluta hússins var lengst af ísbúð og um tíma, frá um 1978 og fram á 10. áratuginn, voru þar tvær ísbúðir hlið við hlið. Í dag er enn matvöruverslun í húsinu og nýlega hefur verið opnuð ísbúð á ný í vestasta hluta hússins, auk bændamarkaðar.⁸¹



Raðhúsið við Laugalæk 36–48 nýbyggt árið 1961. Það var eitt af fyrstu íbúðarhúsum sem Manfreð Vilhjálmsson arkitekt teiknaði og nýmæli í hönnun þess var pallaskipt innra skipulag. Myndirnar tók Andrés Kolbeinsson ljósmyndari fyrir Reykjavíkursýningu árið 1961, þar sem húsið var sýnt sem dæmi um nútímahíbýli í borginni.⁸²

Nafngiftir gatnanna

Fram á fyrstu áratugi 20. aldar tíðkaðist að ný götunöfn í Reykjavík væru dregin af staðháttum eða nöfnum býla. Nöfn gatnanna Laugalækjar, Laugarnesvegur og Sundlaugavegur eru af þeim meiddi. Þegar Reykjavík tók að þenjast út mynduðust margar nýjar götur samtímis og dugði gamla aðferðin þá ekki lengur. Það varð þá úr að í heilum hverfum skyldu vera götunöfn sem minntu hvert á annað. Þá voru felldar niður endingarnar gata, stígur eða stræti. Ákveðið var að hafa sömu endingu á öllum nöfnum í hverju hverfi en með forskeytum sem væru innbyrðis skyld. Nöfn gatnanna í Teigahverfinu svokallaða, þar á meðal Hrístateigs og Otrateigs, eiga rætur að rekja til þeirrar ákvörðunar.⁸³

⁸¹ Ýmis dagblöð og tímarit frá um 1925-2009 (sjá <http://timarit.is/>).

⁸² Ljósmynd. Andrés Kolbeinsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, AKO 001 004 2-1 og AKO 001 005 2-2.

⁸³ Árni Óla: „Nafngiftir gatna í Reykjavík“, bls. 279-280.

Hrísateigur

Gatan Hrísateigur byrjaði að byggjast á árum seinni heimsstyrjaldarinnar þegar ákveðið var að flytja þangað allmörg hús úr Skerjafirðinum sem urðu að víkja þaðan vegna flugvallargerðar breska hersins. Örnefnið Hrísateigur kemur fyrir í Víga-Glúms sögu, en samkvæmt henni var háður bardagi við Hrísateig á bakka Eyjarfjarðarár, sunnan við Þvera (Munkaþvera) um 983, en óvíst er hvort gatan er nefnd eftir þessum Hrísateig.⁸⁴

Laugalækur

Gatan Laugalækur er kennd við samnefndan læk sem fyrrum rann á þeim slóðum þar sem gatan liggur nú. Laugalækurinn var leiddur í stokk árið 1949 og þá hófust framkvæmdir við lagningu götunnar. Nafn götunnar var ákveðið árið 1954. Á þeim tíma var að hefjast uppbygging þess hluta Laugarneshverfis sem liggur austan Laugalækjar og sunnan Kleppsvegjar, þar sem eru götur sem hafa endinguna –lækur. Vestan götunnar var skipulagt hverfi raðhúsa á 6. áratugnum.⁸⁵



Svæðið á korti frá 1962. Þarna er raðhúsabyggðin við Otrateig og Laugalæk risin að mestu, en húsið Sólbakki og gömlu sundlaugar standa enn, sem og útihúsin við Bjarg, en þessi mannvirki voru seinna rifin til að rýma fyrir fleiri raðhúsum.⁸⁶

Laugarnesvegur

Þegar danska Oddfellowreglan lét reisa holdsveikraspítala í Laugarnesi árið 1898 var lagður vegur frá Laugavegi (nálægt því þar sem Hátún 12 er nú) niður að Kleppsvegi og var hann í upphafi nefndur Spítalavegur en fékk síðar nafnið Laugarnesvegur, eftir Laugarnesi.

⁸⁴ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 2. bindi H-P, bls. 60.

⁸⁵ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 2. bindi H-P, bls. 117 – *Þjóðviljinn*, 4. ágúst 1949, bls. 4 og 7. ágúst 1949, bls. 4 – *Alþýðublaðið*, 25. maí 1949, bls. 8 – *Morgunblaðið*, 25. maí 1949, bls. 16, 4. mars 1954, bls. 2 og 5. febrúar 1956, bls. 9.

⁸⁶ Hluti af korti Mælingadeildar Reykjavíkur frá 1962. Úgefið af Borgarverkfræðingnum í Reykjavík. Hér tekið eftir eintaki á Minjasafni Reykjavíkur – Árbæjarsafni.

Byggð tók að myndast meðfram götunni á árunum 1926–1929 þegar fyrstu byggingarlóðunum var úthlutað austan hennar og á árunum 1932–1934 risu húsin vestan götunnar. Árið 1933 voru samþykkt á Alþingi ný vegalög þar sem kveðið var á um að Laugarnesvegur, ásamt Kleppsvegi, skyldu teknir úr tölu þjóðvega og gerðir að götum í bænum. Það framhald sem áður var á Laugarnesvegi allt upp að Laugavegi er nú rofið af breiðgötunni Kringlumýrarbraut.⁸⁷

Otrateigur

Gatan Otrateigur sem liggur milli Sundlaugavegar og Hrístateigs taldist í fyrstu til Sundlaugavegar en fékk sérstakt heiti árið 1947. Fyrstu húsin voru reist vestan götunnar árið 1945 og í kringum 1960 reis byggð raðhúsa austan götunnar.

Sundlaugavegur

Sundlaugavegur er kenndur við sundlaugarnar gömlu sem áður voru við götuna, rétt vestan við núverandi gatnamót Sundlaugavegar og Laugalækjar. Gatan myndaðist sem troðningur síðasta spölinn frá Laugarnesvegi austur í sundlaugarnar, eftir að farið var að nota laugarnar til sundkennslu í lok 19. aldar. Framhald Sundlaugavegar í austur heitir Brúnavegur og mun upphaf þeirrar götu áður hafa talist hluti af Sundlaugavegi.⁸⁸



Gestir í gömlu sundlaugunum á góðviðrisdegi árið 1961.⁸⁹

⁸⁷ Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 2. bindi H-P, bls. 127-128 – Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 159, 309-312 og 376-377 – Þorgrímur Gestsson: „Laugarneshverfi verður til“, bls. 1 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*. Síðari hluti, bls. 107 og 109.

⁸⁸ Þorgrímur Gestsson: „Laugarneshverfi verður til“, bls. 20 – Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 2. bindi H-P, bls. 106.

⁸⁹ Ljósmynd Gunnar Rúnar Ólafsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, GRÓ 003 053 3-1.

Varðveislumat

Við mat á varðveislugildi byggðar er lagt mat á fjóra þætti: *Listrænt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð*. Varðveislugildi húsa byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Stuðst er við Húsvendarskrá Reykjavíkur sem gefin var út sem þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016, Húsvend í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*.

Til umfjöllunar er svæði sem afmarkast af Sundlaugavegi til suðurs, Laugalæk til norðausturs og vesturmörkum lóða vestan Laugarnesvegur og tekur til staðgreinireita **1.346.0** og **1.347.0** og hluta af reitum **1.345.0** og **1.349.0** í Reykjavík.

HÚSVENDARSKRÁ REYKJAVÍKUR

Varðveislumat húsa á ofangreindu svæði:

LJÓSGULUR FLOKKUR: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda. Verndun byggðamynsturs tekur til eldri byggðar innan reita. Breytingar skulu taka mið af mælikvarða byggðar og hlutföllum húsa.

Laugarnesvegur – Hrístateigur – Otrateigur – Sundlaugavegur

Lagt er til að vesturhluti svæðisins, þar sem standa húsin við Laugarnesveg 52-85, Hrístateig 16-47, Otrateig 3 og 5 og Sundlaugaveg 7 og 9, njóti verndar í ljósgulum flokki, samkvæmt skilgreiningu í Húsvendarskrá Reykjavíkur. Svæði þetta tekur til staðgreinireits 1.346.0 og hluta af staðgreinireitum 1.345.0 og 1.349.0.

Hér er um að ræða fjölbreytilega byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft og endurspeгла með skýrum hætti byggðaþróun og skipulagssögu svæðisins, frá því að fyrstu húsin voru byggð austan götu við Laugarnesveg á 3. áratugi 20. aldar og Laugarnesvegur var eina skipulagða húsagatan á þessum slóðum, til þess að farið var að flytja á svæðið hús sem urðu að víkja úr Skerjafirði vegna flugvallarbyggingar og gatan Hrístateigur og nærliggjandi götur byggðust á 5. áratugi aldarinnar.

Fjölbreytilegar húsagerðir á svæðinu endurspeгла einnig þessa þróun, þó að elstu húsin austan götu við Laugarnesveg, sem byggð voru í anda steinsteypuklassíkur, hafi flest misst upprunaleg einkenni sín með síðari tíma stækkunum og breytingum. Sú lágreista byggð sem þróaðist á svæðinu á 3. áratugnum fram á þann 5. er einkum heilleg vestan götu við Laugarnesveg, en þar er áberandi sérstæð gerð timburhúsa sem þróaðist í úthverfum Reykjavíkur eftir að hætt var að mestu að byggja timburhús í miðbænum. Húsin við Hrístateig, Otrateig og Sundlaugaveg eru flest einnig lítið breytt og eru af þeirri húsagerð sem einkennir allt Teigahverfið og gefur því heildarsvip, en það var fullbyggt að mestu alla leið upp að Sigtúni undir lok 5. áratugarins.

Þetta byggðamynstur ber að varðveita og er mikilvægt að allar breytingar á núverandi ástandi taki mið af stærðarhlutföllum húsa og falli vel inn í byggðamynstrið.

Sundlaugavegur 37 – Bjarg

Lagt er til húsið *Bjarg*, Sundlaugavegur 37, sem er elsta hús á svæðinu sem hér um ræðir, njóti einnig verndar í ljósgulum flokki. Það er hið eina sem eftir stendur á svæðinu af

nokkrum nýbýlum sem byggð voru á svokölluðum erfðafestublettum í Laugamýri og Kirkjumýri á fyrstu áratugum 20. aldar, á meðan svæðið var enn utan skipulags. Húsið og umhverfi þess hefur bæði menningarsögulegt gildi og umhverfisgildi, sem vitnisburður um þessa eldri byggð og umhverfi gömlu sundlauganna við Laugalæk og ber að varðveita sem slíkt.

MILLIGULUR FLOKKUR: Verndun svæða. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, til dæmis þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð (til dæmis múrlitur) húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist.

Otrateigur – Hrístateigur – Laugalækur – Sundlaugavegur

Lagt er til að austurhluti svæðisins, þar sem standa raðhúsin við Otrateig 2-56, Hrístateig 26-36, Laugalæk 10-62 og Sundlaugaveg 29-35, sem og verslunarhúsin við Laugalæk 2-8, njóti verndar í milligulum flokki, samkvæmt skilgreiningu í Húsverndarskrá Reykjavíkur. Svæði þetta tekur til staðgreinireits 1.347.0.

Um er að ræða heildstætt hverfi raðhúsa sem skipulagt var á 6. áratugi 20. aldar. Varðveislugildi svæðisins er einkum fólgið í þeim nýmælum í skipulagi sem þar koma fram og eiga sér hliðstæðu í skipulagi nokkurra annarra raðhúsaahverfa í Reykjavík frá 6. áratugi aldarinnar, þar sem byggðar eru samsíða raðir af tvílyftum raðhúsum sem snúa gaffli að götu, með bílskúrum úti við götu og aðkomu að hverri íbúð um göngustíg sem einnig tengist opnu svæði í miðju hverfinu. Fyrirkomulag sem þetta er áfangi í þróun skipulags íbúðahverfa þar sem akandi og gangandi umferð er algerlega aðgreind.


Verslunarhúsin við Laugalæk 2-8 tilheyra þessu sama skipulagi og skulu því einnig njóta verndar í milligulum flokki. Þau eru byggð í sama byggingarstíl og raðhúsin og eru mikilvægur hluti af hverfisheildinni. Þau eru einnig meðal fárra bygginga hér á landi sem Jóhann Friðjónsson arkitekt teiknaði í eigin nafni og eru sérstæð hvað form og samröðun eininga varðar. Hins vegar hafa verið gerðar breytingar á húsunum sem samræmast illa upprunalegri gerð þeirra.

GRÆNN FLOKKUR: Verndun 20. aldar bygginga. Hús með listrænt gildi, 30 ára og eldri, höfundardæmi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Laugalækur 36-48

Raðhús eftir Manfreð Vilhjálmsson arkitekt. Meðal elstu íbúðarhúsa sem hann hefur teiknað og merkilegt höfundardæmi. Grunnform húsanna þykir skýrt og einfalt og léttleiki einkenna hönnun og útfærslur innan sem utan. Nýmæli í hönnun húsanna er pallaskipt innra skipulag, þar sem hver íbúð er á fjórum pöllum. Veggir húsanna sem áður voru í ljósum drapplit hafa nýlega verið málaðir skjannahvítir, sem og tréverk allt, sem áður og allt frá fyrstu tíð var í dökkbrúnum lit og hefur það fært húsin fjær hinu upprunalega útliti sem hannað var af Manfreði Vilhjálmsyni. Æskilegt er að aftur verði tekin upp upprunaleg litasetning á húsunum.

HÚSVERNDARKORT REYKJAVÍKUR




Húsaskrá

Fyrsti eigandi Hilmar Árnason
trésmíðameistari

Hönnun Einar Sveinsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Kvarts
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Útskot
Útitróppur

Helstu breytingar

1976	Fyrirkomulagsbr. kj.
1979	Kvistir
1979	Íbúð í risi sþ.
?	Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

Yngvi Gestsson	bygg.fr.
Magnús Jónsson	tæknifr.
Magnús Jónsson	tæknifr.

Saga

Hilmar Árnason trésmíðameistari fékk byggingarleyfi fyrir þessu húsi, ásamt bílskúr, í janúar 1944 og í júní 1945 var það fullbyggt. Þetta er einlyft hús með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu og með járnklæddu, hornsneiddu þaki. Upphaflega var það múrhúðað að utan með kvarzi en hefur nú verið málað. Á framhlið þess er útskot og steinsteyputróppur með geymslu undir. Í húsinu hafa frá upphafi verið þrjár íbúðir, ein á aðalhæð, ein í risi og ein í kjallara. Bílskúr úr vikurholsteini var byggður um leið og húsið og stendur áfastur við norðurgafli þess. Ofan á honum eru þaksvalir og hefur verið svo frá upphafi, samkvæmt teikningum Einars Sveinssonar. Árið 1979 var kvisti á útskotinu á framhlið hússins breytt og settar við hann svalir og um leið byggðir tveir minni kvistir á framhliðina og þrjár samskonar kvistir á bakhliðina. Sama ár var innréttuð íbúð í risi hússins. Gluggapóstar hafa verið fjarlægðir að hluta úr gluggum hússins.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Einfalt steinsteypuhús.

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.


Upprunaleg gerð: Húsið er óbreytt að mestu, utan þess að kvarzmúrhúð hefur verið máluð og kvistum bætt við.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Guðni Á. Guðnason og
Sigurður Sigfússon

Hönnun Ágúst Pálsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Íbúðarhús

**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteypu
Klæðning
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Tvílyft
Ris

Helstu breytingar

? Þakköntum breytt

Hönnuðir breytinga**Saga**

Guðni Á. Guðnason og Sigurður Sigfússon fengu leyfi fyrir þessu húsi í júlí 1944 og í júní 1946 var það fullbyggt. Þetta er tvílyft hús með risi, byggt úr steinsteypu og með bárújárnsþaki. Gluggar hússins eru í fúnkisstíl, meðal annars hornluggar á suðvesturhorni. Ekki kemur fram í brunavirðingum hvernig klæðning sé á húsinu en það er múrhúðað með skeljasandi. Samkvæmt teikningum hafa verið steiptir þakkantar á húsinu en þeir virðast hafa verið klæddir með bárújárnsklæðningu. Í húsinu hafa frá upphafi verið tvær íbúðir, ein á hvorri hæð. Árið 1964 var byggður steinsteypur bílskúr í norðausturhorni lóðarinnar eftir teikningu Arinbjarnar Þorkelssonar húsasmíðameistara og Alexanders H. Jóhannssonar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Einfalt steinsteypuhús með einkennum fúnkisstíls.

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfsgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð, utan þess að þakkantar hafa verið klæddir.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Jón S. Ólafsson

Hönnun Árni Þ. Árnason

Upphafleg notkun
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt/holst.
Klæðning	Skeljasandur
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Asbest
Undirstöður	

Útlit

Tvílyft
Ris
Anddyri

Helstu breytingar

1972	Ný klæðning
2007	Viðbygging v/bílskúr
	Breytt í íbúð bílskúr
	Viðbygging v/s-hlið
	Viðbygging v/a-gafl

Hönnuðir breytinga

Steinar H. Geirdal	bygg.fr.
Kjartan Rafnsson	tæknifr.

Saga

Jón S. Ólafsson fékk byggingarleyfi á lóðinni í október 1942. Upphaflega ætlaði hann að flytja timburhús sem hann hafði áður byggt við Hörpugötu 15 á þessa lóð og koma því þar fyrir á nýjum kjallara eða neðri hæð, en í júlí 1943 fékk hann leyfi til að byggja efri hæð hússins úr vikursteini (útveggi) og hlöðnum steypusteini (innveggi) í stað timbers. Ekki er ljóst hver urðu örlög Hörpugötu hússins en nýtt hús var byggt á Hrísateigslóðinni. Þetta hús var fullbyggt í október 1943. Það er tvílyft með risi og snýr vesturgafli að götu. Við hann hefur frá upphafi verið útbygging með tveimur anddyrum og stigagangi. Neðri hæð hússins er byggð úr steinsteypu en efri hæðin úr hlöðnum vikurholsteini. Upphaflega var húsið múrhúðað að utan með skeljasandi. Bílskúr úr vikurholsteini sem leyfður var í október 1943 var byggður árið 1945, en þó ekki brunavirtur fyrir en 1970 og þá sagður steinsteyptur. Í mars 1972 fékkst leyfi til að setja vatnslæðningu eða eternitklæðningu á húsið. Í júní 2007 var samþykkt leyfi til að byggja skála framan við bílskúrinn á lóðinni, tengja hann þannig við íbúðarhúsið og breyta notkun hans. Um leið var samþykkt einlyft viðbygging við suðurhlið hússins og einlyft viðbygging með svölum ofan á við austurgafli hússins.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Einfalt hús, neðri hæð steinsteypt og efri hæð hlaðin úr vikurholsteini.


Menningarsögulegt gildi:

Umhverfsgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð, utan nýrrar klæðningar og nýlegra viðbygginga.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Jón Halldórsson

Hönnun Guðmundur H. Þorláksson
byggingarmeistariUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Úttröppur

Helstu breytingar

1942	Flutningur
1943	Nýr kjallari Viðbygging Múrhúðun
1947	Hækkun þaks Kvistir v-hlið Gluggabreyting
1956	Íbúð í risi
1957	Kvistur a-hlið
2007	Kvistbreytingar Svalir

Hönnuðir breytinga

Árni Þ. Árnason	
Hafliði Jóhannsson	húsasm
Hafliði Jóhannsson	húsasm
Lárus B. Guðmarsson	arkitekt

Saga

Sigfús Kristjánsson fékk í október 1942 leyfi til að endurbyggja hús sitt, Hörpugötu 26 á þessari lóð við Hrísateig. Húsið Hörpugötu 26 hafði Jón Halldórsson byggt árið 1934 eftir teikningu Guðmundar H. Þorlákssonar byggingarmeistara. Þetta var einlyft hús með lágu risi og kjallara, byggt úr bindingi og klætt að utan með bárujárn á veggjum og þaki (sjá teikningu t.v.). Horngluggar í anda fúnkisstíls voru á þremur hornum hússins. Í maí 1943 var samþykkt ný teikning sem gerði ráð fyrir að húsið yrði stækkað um 1 m á lengd og 1 m á breidd á lóðinni við Hrísateig. Í maí 1944 var það brunavirt og er þá sagt einlyft með risi og steypum kjallara, byggt úr timbri, múrhúðað að utan og klætt með bárujárn á þaki. Stærðarmál hússins koma heim við stærðarmál hússins Hörpugötu 26, ef gert er ráð fyrir að það hafi verið stækkað um 1 m á hvorn veg. Ljóst virðist því að hér sé um sama hús að ræða. Hins vegar hefur húsið verið sett á nýjan og hærri kjallara þegar það var flutt. Einnig var því snúið þannig að sú hlið þess sem áður var bakhlið varð nú framhlið. Í október 1944 var einnig búið að byggja bílskúr á lóðinni. Árið 1947 var húsinu breytt mikið og sett á það hátt gafsneitt þak með tveimur kvistum á framhlið. Einnig var gluggum á suðvesturhorni aðalhæðarinnar breytt. Þessar breytingar voru brunavirtar í árslok 1956 og þá var búið að innrétta séríbúð á rishæðinni. Árið 1957 var einnig settur stór kvistur á bakhlið hússins. Nýlega hefur tveimur litlum kvistum á framhlið hússins verið breytt í einn stóran og kvistur á bakhlið verið minnkaður, auk þess sem settar hafa verið svalir á suðurgöfl hússins, samkvæmt byggingarleyfi frá 2007.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Múrhúðað timburhús, upphaflega með einkennum fúnkisstíls.


Menningarsögulegt gildi: Flutningshús, flutt úr Skerjafirði á 5. áratugi 20. aldar og endurbyggt við Hrísateig.

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Nokkuð breytt frá upprunalegri gerð, stækkað og múrhúðað við flutning og þaki síðar breytt.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Gunnar Valgeirsson

Hönnun Einar Erlendsson
arkitektUpphafleg notkun
Íbúðarhús saumastofa

Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Skeljasandur
Þakgerð	Valmapak
Þakklæðning	Asbest
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari

Helstu breytingar

? Ný klæðning

Hönnuðir breytinga

Saga

Gunnar Valgeirsson fékk í október 1942 leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikurholsteini og steypusteini á þessari lóð, en ástæða þess að hann sótti um leyfið var að hann þurfti að rífa niður hús sitt við Þorragötu 7 vegna byggingar flugvallarins í Vatnsmýri. Það hús var byggt úr bindingi og múrhúðað að utan. Húsið við Hrísateig 24 var brunavirt í júní 1943 undir sama brunavirðingarnúmeri og áður hafði verið á Þorragötu húsinu og er tekið fram í sviga aftan við númerið að það „var áður Þorragata 7“. Húsið að Hrísateigi 24 er sagt nýtt íbúðarhús, einlyft með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu, múrhúðað að utan með skeljasandi og með asbestþaki. Byggingarefni hússins og stærðarmál samræmast ekki húsinu Þorragötu 7 og því virðist ljóst að ekki sé um sama hús að ræða. Óvíst er hver örlög Þorragötu hússins urðu en líklega hefur það verið rífið. Árið 1974 var byggður bílskúr á lóðinni, sem leyfi hafði fengist fyrir í september 1973. Guðlaugur Friðþjófsson byggingafræðingur og Björn Valgeirsson arkitekt teiknuðu skúrinn. Í apríl 1981 var virtur bílskúr á lóðinni, byggður úr holsteini, og er þar líklega um að ræða skúrinn frá 1974. Skúr þessi stendur enn (2009) við suðurmörk lóðarinnar. Sett hefur verið klæðning yfir múrhúð hússins að hluta en ekki er ljóst hvenær.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Steinsteypuhús í fúnkisstíl.

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfsgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð, utan nýrrar klæðningar.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Ýmsir

Hönnun Gísli Halldórsson
arkitektUpphafleg notkun
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Tvílyft
Kjallari
Útitröppur
Svalir

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Um er að ræða raðhús eða sex sambyggð hús sem byggð voru á lóðinni nr. 26-36 við Hrísateig á árunum 1959-1964. Leyfi fékkst fyrir húsunum, ásamt bílskúrum, í apríl 1958. Húsin voru byggð og brunavirt hvert fyrir sig á árunum 1959-1964, fyrst húsið nr. 28 og síðast húsið nr. 32. Þetta eru tvílyft hús með kjallara, byggð úr steinsteypu, múrhúðuð að utan og með bárujárnsklæddu skáþaki. Í flestum húsunum var ein íbúð en í húsunum nr. 26 og 34 hafa frá upphafi verið tvær íbúðir, ein í kjallara og önnur á hæðunum tveimur. Í dag (2009) eru einnig tvær íbúðir í húsinu nr. 30 en ein íbúð í nr. 28, 32 og 36. Einn bílskúr tilheyrir hverju húsi. Skúrarnir voru byggðir eftir teikningu arkitektanna Gísla Halldórssonar og Jósefs Reynis. Fjórir þeirra voru brunavirtir árið 1970 og tveir í viðbót árið 1981. Skúrarnir eru byggðir úr steinsteypu og standa í sambyggðri röð meðfram götu.

Varðveislumat:**Byggingarstíll:**

Raðhús af þeirri gerð sem algeng varð í skipulagi Reykjavíkur á 6. áratugi 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi:

Endurspeglar nýmæli sem komu fram í skipulagi á 6. áratugnum, svo sem aðkomu um göngustíg.

Umhverfsgildi:

Hluti af heildstæðu hverfi raðhúsa sem skipulagt var á 6. áratugi 20. aldar.


Upprunaleg gerð:

Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi:Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í milligulum flokki: Svæði sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík, 1998*).

Fyrsti eigandi Gunnlaugur Kristjánsson Hönnun Hafliði Jóhannsson
húsasmíðameistari

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Hlaðið úr holsteini
Klæðning Kvarsi og skeljas.
Þakgerð Valmaþak
Þakklæðning Asbest
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Útskot
Útitröppur

Helstu breytingar

<1992 Íbúð í kjallara
1992 Íbúð í kjallara sp.

Hönnuðir breytinga

Saga

Ingólfur Isebarn fékk leyfi fyrir húsinu í september 1943 og í desember 1944 var það fullbyggt. Það var þá komið í eigu Gunnlaugs Kristjánssonar. Þetta er einlyft hús með kjallara, risi og útskoti við suðurhlíð, byggt úr vikurholsteini og múrhúðað með kvartsi og skeljasandi. Kjallarinn er steinsteyptur. Þakið var upphaflega klætt með asbesti. Á aðal hæð hússins hafa frá upphafi verið tvær íbúðir. Í júlí 1992 var samþykkt áður gerð íbúð í kjallara hússins.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Hús í fúnkisstíl, hlaðið úr holsteini.


Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Jóhann Pálsson

Hönnun Arinbjörn Þorkelsson
húsasmíðameistariUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Hlaðið úr holsteini
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Útitröppur

Helstu breytingar

? Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

Saga

Jóhann Pálsson fékk byggingarleyfi á lóðinni í október 1942. Samkvæmt byggingarleyfisumsókninni ætlaði hann að flytja á lóðina timburhús sem stóð við Hörpugötu 16. Húsið við Hrísateig 23 var brunavirt í maí 1944 og er þá sagt einlyft hús með steiptum kjallara og risi, byggt úr vikurholsteini, múrhúðað og málað að utan og klætt með bárujárn á þaki. Útlit hússins, fyrirkomulag glugga og fleira, er að miklu leyti hið sama og á húsinu Hörpugötu 16, en byggingarefni húsanna og stærðarmál samræmast ekki og því er ekki hægt að ganga út frá því að um sama hús sé að ræða. Óvíst er því hver örlög Hörpugötu hússins urðu. Árið 1943 var einnig leyfður bifreiðar- og vinnustofuskúr á lóðinni við Hrísateig. Hann var ekki virtur með húsinu árið 1944 en virðist þó hafa verið byggður samkvæmt teikningu Arinbjarnar Þorkelssonar húsasmíðameistara í norðausturhorni lóðarinnar. Í apríl 1981 var virt geymsla á lóðinni, byggð úr holsteini. Þar er líklega um að ræða bílskúrinn frá 1943. Hann stendur enn (2009) í norðausturhorni lóðarinnar. Annar af tveimur lóðréttum gluggapóstum virðist hafa verið fjarlægður úr flestum af stærri gluggum hússins.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Hús í fúnkisstíl, hlaðið úr holsteini.

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfsgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.


Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Guðmundur Jónsson

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun

Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Inng.skúr

Helstu breytingar

1941	Flutningur
	Endurbýgging
1942	Flutningur
1943	Endurbýgging
	Nýr kjallari
	Múrhúðun
1951	Gluggabreyting
	Fyrirkomulagsbr.
1985	Íbúð í kjallara sp.

Hönnuðir breytinga

Guðmundur H. Þorláksson	bygg.m
Guðmundur H. Þorláksson	bygg.m
Guðmundur H. Þorláksson	bygg.m

Saga

Júlíus Júlíusson fékk í ágúst 1942 leyfi til að til að endurbýggja á þessari lóð hús sitt Þorragötu 9. Það hús var byggt af Guðmundi Jónssyni árið 1932 og hafði upphaflega staðið við Þjórsárgötu (Vindheimar), en var árið 1941 flutt að Þorragötu vegna byggingar flugvallarins. Þetta var upphaflega lítið einlyft hús, kjallara laust, með risi og inngönguskúr, byggt úr bindingi og klætt með járn. Þegar það var flutt á Þorragötu var það sett á kjallara og breytt mikið eftir teikningu Guðmundar H. Þorlákssonar byggingarmeistara, sett á það geiraris og hornluggar í fúnkisstíl (sjá teikningu t.v.). Smám saman þurftu húsin við Þorragötu einnig að víkja vegna flugvallarins og þess vegna varð að flytja húsið aftur, nú á lóðina við Hrísateig. Guðmundur H. Þorláksson teiknaði einnig húsið á nýju lóðinni, en þar er um nokkuð stærra hús að ræða en áður. Húsið var brunavirt í nóvember 1943 og er þá sagt einlyft með risi og steinsteypum kjallara, byggt úr bindingi, klætt að utan með vírneti og skeljaðri múrhúð og með járnþaki. Við suðurhlid er útskot á húsinu. Stærðarmál og grunnflötur hússins samræmast ekki húsinu að Þorragötu 9 en hins vegar er byggingarefni aðalhlæðarinnar það sama. Gengið er út frá því að um sama hús sé að ræða þó að því hafi þá verið breytt mikið frá því það stóð við Þorragötu. Snemma árs 1945 var einnig búið að byggja á lóðinni bifreiðarskúr úr steinsteypu sem leyfður hafði verið 1943, eftir teikningu Guðmundar H. Þorlákssonar. Hann stendur enn (2009) í norðvesturhorni lóðarinnar. Árið 1951 fékkst leyfi til að bæta við glugga á suðvesturhlid hússins og gera nýtt herbergi í þeim hluta hússins. Árið 1985 var samþykkt áður gerð íbúð í kjallara hússins.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Múrhúðað timburhús með einkennum fúnkisstíls.


Menningarsögulegt gildi: Flutningshús, flutt úr Skerjafirði á 5. áratugi 20. aldar og endurbýgt við Hrísateig.

Umhverfsgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Mikið breytt frá upprunalegri gerð, stækkað og endurbýgt í öðrum byggingarstíl en upphaflega.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Stefán Árnason

Hönnun Arinbjörn Þorkelsson
húsasmíðameistariUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Tímbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari

Helstu breytingar

1942	Flutningur
1944	Nýr kjallari
	Viðbygging
	Múrhúðun

Hönnuðir breytinga

Arinbjörn Þorkelsson húsasm

Saga

Þórir E. Long fékk í desember 1942 leyfi til að byggja hús úr tímri á lóðinni. Samkvæmt umsókn hans var húsið áður Þorragata 8. Húsið Þorragötu 8 hafði Stefán Árnason byggt árið 1934 eftir teikningu Arinbjarnar Þorkelssonar húsasmíðameistarara (sjá teikningu t.v.). Það var einlyft hús með risi og kjallara, byggt úr bindingi og klætt að utan með járn á veggjum og þaki. Arinbjörn Þorkelsson gerði einnig teikningu að húsinu á lóðinni við Hrísateig. Í ágúst 1943 var samþykkt breytt teikning sem gerði ráð fyrir að útskoti og svölum yrði bætt við á húsið. Húsið var síðan brunavirt á lóð sinni við við Hrísateig 27 í ágúst 1944. Það var þá komið í eigu Kjartans E. Guðmundssonar. Þetta er einlyft hús með risi og steypum kjallara, byggt úr tímri, múrhúðað að utan og með bárujárnsklæddu þaki. Byggingarefni hússins, grunnflötur, stærðarmál og útlit samræmast húsinu Þorragötu 8 og því er gengið út frá því að um sama hús sé að ræða. Við flutninginn var húsið sett á nýjan og hærri kjallara og virðist hafa verið snúið svo að það sem áður var bakhlið varð nú framhlið. Árið 1946 var einnig byggður bílskúr úr steinsteypu á lóðinni. Skúrinn teiknaði Sigurður Þjetursson arkitekt. Hann stendur enn í norðvesturhorni lóðarinnar. Í dag (2009) er í húsinu ein íbúð en upphaflega var einnig séríbúð í kjallara hússins.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Múrhúðað timburhús með einkennum fúnkisstíls

Menningarsögulegt gildi: Flutningshús, flutt úr Skerjafirði á 5. áratugi 20. aldar og endurbyggt við Hrísateig.

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Mikið breytt frá upprunalegri gerð, stækkað og endurbyggt í öðrum byggingarstíl en upphaflega.


Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Eyvindur Eyvindsson

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun

Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari

Helstu breytingar

1944	Flutningur
	Nýr kjallari
1945	Viðbygging
	Hækkun
	Ný klæðning
1957	Íbúð í kjallara

Hönnuðir breytinga

Árni Sveinbjörnsson	
Árni Sveinbjörnsson	
Þorleifur Eyjólfsson	arkitekt

Saga

Sveinbjörn H. Pálsson fékk í júní 1944 leyfi til að endurbyggja húsið Shellveg 10 á þessari lóð við Hrísateig. Húsið, sem kallað var Skuld, var fyrst brunavirt árið 1932, en þess er fyrst getið í manntali árið 1929 og var þá í eigu Eyvindar Eyvindssonar. Þetta var einlyft hús með risi og kjallara, byggt úr bindingi og klætt með bárujárn á veggjum og þaki. Við norðurhlíð þess var timburviðbygging með skápaki. Þegar húsið var flutt að Hrísateigi var það sett á nýjan og hærri steinsteypnan kjallara (sjá teikningu t.v.). Það virðist hafa verið flutt ásamt með viðbyggingunni sem stóð við norðurhlíð þess. Í maí 1945 fékk Sveinbjörn leyfi til að lengja húsið til norðurs með steinsteyptri viðbyggingu og var bygging hennar langt komin í október sama ár. Hluti hennar myndar útskot á bakhlið hússins. Um leið var þak hússins hækkað og byggt á það ris sem nær yfir bæði eldri hlutann og viðbygginguna. Einnig virðist húsið þá allt hafa verið múrhúðað að utan. Húsið var ekki brunavirt á lóð sinni við Hrísateig 29 fyrr en í september 1957. Þá var einnig virtur steinsteypur bílskúr á lóðinni, sem byggður hafði verið árið 1953, eftir teikningu arkitektanna Ásmundar Ólasonar og Sigurðar Pjeturssonar. Skúr þessi var notaður sem vélaverkstæði. Hann stendur enn (2009) í norðvesturhorni lóðarinnar, áfastur við norðvesturhorn hússins. Árið 1957 var einnig samþykkt séríbúð í kjallara. Um tíma stóð geymsluskúr á lóðinni áfastur við bílskúrinn og útbygginguna við bakhlið hússins. Hann hafði verið reistur í óleyfi og var notaður undir atvinnustarfsemi. Árið 1968 var eiganda gert að fjarlægja skúrinn. Hann stendur ekki á lóðinni nú (2009).

Varðveislumat:

Byggingarstíll:

Einfalt timburhús, múrhúðað.

Menningarsögulegt gildi:

Flutningshús, flutt úr Skerjafirði á 5. áratugi 20. aldar og endurbyggt við Hrísateig.

Umhverfsgildi:

Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð:

Nokkuð breytt frá upprunalegri gerð, hefur verið stækkað og múrhúðað.

Varðveislugildi:

Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Gústav Þórðarson

Hönnun Þór Sandholt
arkitektUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Skeljasandur
Þakgerð	Mænispak
Þakklæðning	Asbest
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Útitröppur

Helstu breytingar

1944	Svalir
	Gluggabreyting
1986	Íbúð í kjallara sp.

Hönnuðir breytinga

Þór Sandholt arkitekt

Saga

Gústaf Þórðarson fékk í nóvember 1942 leyfi til að flytja timburhúsið Hörpugötu 31 á þessa lóð og endurbyggja þar. Í maí 1943 var horfið frá því að flytja Hörpugötu húsið að Hrísateigi og leyfi fengið til að byggja Hrísateigshúsið úr steinsteypu í stað timbers. Hörpugötu húsið mun í staðinn hafa verið flutt að Tanga við Kleppsmýrarveg. Þór Sandholt arkitekt gerði nýja teikningu að húsinu við Hrísateig 31. Það var brunavirt í mars 1944 og var þá fullbyggt. Þetta er einlyft hús með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu, upphaflega skeljað að utan og með asbestþaki. Þakið er af gaflsneiddri gerð. Í apríl 1944 fékkst leyfi til að setja svalir á norðausturgafli hússins. Einnig var gluggum á suðvesturstafni breytt úr einum í tvo. Árið 1955 var búið að byggja steinsteypnan bílskúr á lóðinni, eftir teikningu Ásmundar Ólasonar arkitekts. Hann stendur enn (2009) í norðvesturhorni lóðarinnar. Árið 1986 var samþykkt áður gerð íbúð í kjallara hússins. Húsið hefur nú verið málað að utan.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Einfalt steinsteypuhús.


Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð, utan þess að skeljasandsmúrshúð hefur verið máluð.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Friðrik Sigurðsson

Hönnun Sigmundur Halldórsson
arkitektUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypu
Klæðning	Skeljasandur
Þakgerð	Mænispak
Þakklæðning	Asbest
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Útitröppur

Helstu breytingar

1989	Íbúð í kjallara sp.
?	Ný klæðning á þaki
2006	Gluggabreyting sp.
2006	Fyrirkomulagsbr. sp.

Hönnuðir breytinga

Saga

Friðrik Sigurðsson fékk leyfi fyrir þessu húsi í október 1943 og í apríl 1945 var það fullbyggt. Þetta er einlyft hús með kjallara og risi, byggt úr steinsteypu, húðað að utan með skeljasandi og upphaflega með asbestþaki. Gluggar hússins eru í fúnkisstíl, meðal annars hornluggi á suðausturhorni og steypur þakkantur hefur frá upphafi verið á húsinu. Í júlí 1989 var samþykkt áður gerð íbúð í kjallara hússins, en sitt hvor íbúðin hefur frá upphafi verið á aðal hæð hússins og í kjallara. Árið 2006 var samþykkt reyndarteikning af húsinu sem sýnir m.a. að risgluggar á hvorum stafni eru öðruvísi en eldri teikningar sýna. Þak hússins hefur verið klætt með bárujárni.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Einfalt steinsteypuhús með einkennum fúnkisstíls.

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.


Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Guðmundur Benjamínss.
klæðskeri

Hönnun Arinbjörn Þorkelsson
húsasmíðameistari

Upphafleg notkun
Íbúðarhús m/saumastofu



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Skeljas. og tinna
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Eternitplötur
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Svalir
Útitróppur

Helstu breytingar

<1964	Útitróppur lengdar
	Kjallaratróppur fjarl.
?	Ný klæðning á þaki
?	Íbúð í kjallara

Hönnuðir breytinga

Saga

Guðmundur Benjamínsson klæðskeri fékk leyfi fyrir þessu húsi í október 1942 og í maí 1945 var það fullbyggt. Þetta er einlyft hús með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu, upphaflega múrsléttað að utan með blöndu úr skeljasandi og hrafntinnu og klætt með eternitplötum á þaki. Tvö útskot eru á húsinu, annað á framhlið og hitt á bakhlið. Tekið er fram í brunavirðingu 1945 að í kjallara hússins sé saumastofa. Hana starfrækti Guðmundur Benjamínsson á 5. áratugi 20. aldar. Þar var einnig frá upphafi séríbúð en í dag eru þar skráðar tvær íbúðir og ein á aðalhæð. Árið 1964 var byggður bílskúr úr steinsteypu á lóðinni, eftir teikningu Yngva Gestssonar byggingafræðings og Sig. R. Halldórssonar tæknifræðings. Hann stendur enn (2009) í norðvesturhorni lóðarinnar. Húsinu virðist ekki hafa verið breytt að ráði síðan það var byggt, en miðað við upphaflegar teikningar Arinbjarnar Þorkelssonar hefur jarðvegurinn í kringum það sigið umtalsvert. Samkvæmt teikningu Yngva Gestssonar og Sig. R. Halldórssonar frá 1964 er kjallarinn þá ekki lengur niðurgrafinn að vestanverðu og tróppur við kjallarainngang á þeirri hlið hafa því verið fjarlægðar. Útitróppurnar við norðurhlið hússins hafa hins vegar verið lengdar. Húsið hefur verið málað að utan og þak þess klætt með bárujárni.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Steinsteypuhús í fúnkisstíl.


Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð, utan þess að skeljasandsmúrshúð hefur verið máluð.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Hallvarður Rósinkarsson Hönnun Þórir Baldvinsson og Sigurður Upphafleg notkun
Geirsson Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Skápak(skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Kjallari

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Hallvarður Rósinkarsson fékk í desember 1942 leyfi til að endurbyggja húsið Hörpugötu 32 úr timbri á þessari lóð. Það hús hafði Eggert Davíðsson byggt árið 1936 eftir teikningu Jóns Magnússonar. Það var einlyft með risi og kjallara, byggt úr bindingi og klætt að utan með járn. Í maí 1944 var búið að flytja húsið að Hrísateigi 37. Því virðist ekki hafa verið breytt við flutninginn utan þess að það var sett á nýjan kjallara. Húsið stóð þannig óbreytt í um áratug. Í október 1955 fékk eigandinn hins vegar leyfi til að byggja nýtt einnar hæðar hús úr steinsteypu ofan á kjallarann, en eldra timburhúsið átti að flytja burt. Þórir Baldvinsson arkitekt og Sigurður Geirsson teiknuðu nýja húsið. Kjallarinn frá 1944 var þá stækkaður til norðurs og byggð ofan á hann ný og stærri hæð úr steinsteypu, slétthúðuð og máluð að utan og með bárujárnsklæddu skápak. Að vestanverðu nær nýja hæðin út fyrir kjallarann og er þar byggð á súlum. Hæðin var fokheld árið 1958 en ekki brunavirt fyrir en árið 1964 og telst þá fullbyggð. Ekki er ljóst hver urðu örlög gamla timburhússins eftir þetta, en það var auglýst til sölu og flutnings í júní 1956. Þó að kjallarinn frá 1944 myndi enn hluta af húsinu Hrísateigi 37, telst þetta nýtt hús, byggt 1964. Árið 1964 var einnig virtur nýr bílskúr á lóðinni, byggður úr holsteini, eftir teikningu Þóris Baldvinssonar og Sigurðar Geirssonar. Hann stendur enn í norðvesturhorni lóðarinnar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Steinsteypuhús byggt í anda mórernisma 6. og 7. áratugar 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfsgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Stefán Hannesson

Hönnun Guðmundur H. Þorláksson
byggingarmeistariUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Asbest
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Útitröppur

Helstu breytingar

1977	Íbúð í kjallara sp.
?	Ný klæðning á þaki

Hönnuðir breytinga

Saga

Stefán Hannesson fékk í maí 1943 leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr vikurholsteini á þessari lóð. Húsið var fullbyggt í ágúst 1945. Þetta er einlyft hús með kjallara og risi, en samkvæmt brunavirðingu var það byggt úr steinsteypu, en ekki holsteini, og slétt húðað að utan. Á því er valmaþak sem upphaflega var klætt með asbesti en er nú með bárujárni. Séríbúð hefur frá upphafi verið í kjallara hússins. Árið 1950 var búið að byggja bílskúr úr holsteini á lóðinni, eftir teikningu Guðmundar H. Þorlákssonar. Hann stendur enn í norðvesturhorni lóðarinnar. Árið 1987 var sett á hann skáþak, samkvæmt teikningu Grétars Markússonar og Stefáns Jónssonar arkitekts.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Steinsteypuhús í fúnkisstíl.


Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Sigurður Jónsson

Hönnun Kjartan Sveinsson
tæknifræðingurUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Flatt þak
Þakklæðning	Steypt
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Kjallari
Svalir
Útitróppur

Helstu breytingar

1985	Sólskáli
1985	Ný klæðning
1989	Gluggabreyting Útlitsbreyting
1995	Þakbreyting Gluggabreyting Útlitsbreyting Íbúð í kjallara

Hönnuðir breytinga

Kjartan Sveinsson	tæknifr.
Kjartan Sveinsson	tæknifr.
Ragnar Jón Gunnarsson	arkitekt
Ragnar Jón Gunnarsson	arkitekt

Saga

Hús þetta byggði Sigurður Jónsson á árunum 1965-1968, eftir teikningu Kjartans Sveinssonar tæknifræðings. Það var fókheld í ágúst 1966 og brunavirt í júní 1968 og var þá fullbyggt. Þetta er einlyft hús með kjallara og bílskúr undir norðurenda, byggt úr steinsteypu, slétt húðað og málað að utan. Upphaflega var það byggt í módernískum stíl, með flötu steinsteyptu þaki og stórum, óskiptum gluggaflötum en hefur verið breytt margvíslega á síðustu árum. Árið 1985 var byggður glerskáli yfir hluta af útidyratröppunum á framhlið hússins. Sama ár fékkst leyfi til að klæða húsið að utan með Steni-plötum. Árið 1989 fékkst leyfi fyrir ýmsum útlitsbreytingum. Þá var gluggum hússins meðal annars breytt mikið og settir í þá láréttir og lóðréttir póstar. Einnig voru settar kjallaradyr á þrjár hliðar hússins og svölum á framhlið breytt. Árið 1995 var sett valmaþak á húsið og framhlið ofan inngangs lokað með Steni-plötum. Einnig var gluggapóstum þá breytt í núverandi mynd og komið fyrir annars konar svalahandriðum en upphaflega voru á húsinu. Samkvæmt teikningum Ragnars Jóns Gunnarssonar arkitekts að þessum breytingum var gert ráð fyrir íbúð í kjallara hússins og stækkun kjallaraglugga, en leyfi fyrir áður gerðri íbúð í kjallaranum var sýnað árið 1995. Í dag (2009) er þó skráð séríbúð í kjallara hússins.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:

Byggt í anda módernisma 7. áratugarins, en hefur tapað stíleinkennum sínum vegna breytinga.

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfsgildi:

Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð:

Húsið er mikið breytt og hefur tapað sínum upprunalega stíl.

Varðveislugildi:

Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Stefán Hermannsson o.fl. **Hönnun** Þórður Jasonarson
byggingarmeistari

Upphafleg notkun
Íbúðarhús

**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Skápak(skúrþak)
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Tvílyft
Kjallari
Útskot
Svalir
Útitröppur

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Stefán Hermannsson o.fl. fengu í janúar 1956 leyfi fyrir þessu húsi. Það var fokhelt í október 1956 en var ekki brunavirt fyrr en í nóvember 1960 og telst þá fullbyggt. Þetta er tvílyft hús með kjallara og útskoti á framhlið, byggt úr steinsteypu, múrhúðað að utan og með járnklæddu skáþaki. Þrjár íbúðir hafa frá upphafi verið í húsinu, ein íbúð á hvorri hæð og ein í kjallara.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Hefðbundin húsagerð frá 6. áratugi 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfsgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Tómas Guðjónsson

Hönnun Sigurður Pjetursson og Jón S. Richardsson

Upphafleg notkun Íbúðarhús

**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteypt
 Klæðning Múrsléttað
 Þakgerð Mænisþak
 Þakklæðning Bárujárn
 Undirstöður

Útlit

Tvílyft
 Ris
 Kjallari
 Útskot
 Svalir
 Útitröppur

Helstu breytingar

1975 Íbúð í kjallara

Hönnuðir breytinga

Björn Kristleifsson arkitekt

Saga

Tómas Guðjónsson fékk í júní 1955 leyfi fyrir þessu húsi. Það var fókelt í desember 1955 en var ekki brunavirt fyrr en í október 1960 og telst þá fullbyggt. Þetta er tvílyft hús með lágu risi, kjallara og útskoti á framhlið, byggt úr steinsteypu, múrhúðað að utan og með bárujárnslæddu þaki. Árið 1966 var byggt steinsteypt geymsla í norðvesturhorni lóðarinnar en hún stendur ekki á lóðinni í dag. Árið 1975 voru gerðar fyrirkomulagsbreytingar í kjallara hússins. Líklega hefur þá verið innréttað þar íbúð en séríbúð er nú í kjallaranum (2009).

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Hefðbundin húsagerð frá 6. áratugi 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Magnús Halldórsson**Hönnun** Geirharður Þorsteinsson
arkitekt**Upphafleg notkun**

Iðnaðar-, verslunar- og íbúðarhús

**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Valmaþak
Þakklæðning Pappi
Undirstöður

Útlit

Tvílyft

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Lóðin sem þetta hús stendur á og lóðin vestan við þessa, sem nú er skráð nr. 74a við Laugarnesveg, voru áður ein lóð sem talin var nr. 47 við Hrísateig. Í nóvember 1963 voru samþykktar teikningar Geirharðs Þorsteinssonar arkitekts að byggingu á lóðinni Hrísateigi 47. Sú bygging var í raun tvö hús og var austari hlutinn skráður sem hús nr. 47 við Hrísateig og vestari hlutinn sem hús nr. 47a við Hrísateig (nú Laugarnesvegur 74a). Húsin voru brunavirt hvort fyrir sig í mars 1968 og teljast þá fullbyggð. Húsið Hrísateigur 47 er tvílyft hús, byggt úr steinsteypu, slétt húðað og málað að utan, upphaflega með pappklæddu þaki. Á milli húsanna stendur steinsteypur bílskúr sem byggður var um leið og húsin. Í febrúar 1973 var samþykkt að skipta lóðinni nr. 47 við Hrísateig í tvær lóðir og telja eystri lóðina nr. 47 við Hrísateig, en vestari lóðina nr. 47A við Hrísateig.

Í húsinu hefur frá upphafi verið ýmis verslunar- og iðnrekstur á neðri hæð en íbúð á efri hæð. Þegar árið 1965 voru opnaðar þarna skóvinnustofa, hárgreiðslustofa og efnalaug, auk verkstæðis útvarpsvirkja. Einnig hafa verið starfræktar þarna fata- og hannyrðaverslanir, t.d. verslunin S.Ó. sem Snorri Ólafsson klæðskeri opnaði í húsinu árið 1977 og rak til dánardægurs 1982. Í húsinu opnaði Eyjólfur Pálsson innanhúsarkitekt einnig fyrstu verslunina undir nafninu Epal árið 1977 og þar var hún rekin til 1982. Á 9. og 10. áratugnum voru þarna einnig myndbandaleiga og teppaverslun, bólsturverkstæði, verslunin Stefanía og Þórsbakarí og í dag (2009) eru þarna til húsa hárgreiðslustofa, Blómabúðin Dalía og bakaríð Korníð.

Varðveislumat:**Byggingarstíll:** Verslunar- og íbúðarhús af hefðbundinni gerð húsa frá 7. áratugi 20. aldar.**Meningarsögulegt gildi:** Tengist sögu verslunar og þjónustu á svæðinu.**Umhverfisgildi:** Kennileiti á horni Laugalæks og Hrísateigs.**Upprunaleg gerð:** Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Ragnar Ólafsson,
Mjólkursamsalan, o.fl.

Hönnun Jóhann Friðjónsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Verslun



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Skáþak(skúrþak)
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari

Helstu breytingar

1979 Viðbygging
1984 Viðbygging
Útlitsbreyting
1993 Útlitsbreyting
1996 Útlitsbreyting
Fyrirkomulagsbr.
2009 Fyrirkomulagsbr.

Hönnuðir breytinga

Jóhann Friðjónsson arkitekt
Sigurður R. Halldórsson tæknifr.
Jón Róbert Karlsson bygg.fr.
Steinar Sigurðsson arkitekt

Saga

Verslunarhúsin við Laugalæk 2-8 voru byggð á horni Laugalækjar og Hrístateigs á árunum 1958-1961. Í júní 1958 fékkst leyfi fyrir húsunum nr. 2-6. Síðla árs 1959 höfðu þegar verið opnaðar þrjár verslanir í húsunum, sem einu nafni voru kölluð Lækjarver. Í húsinu nr. 2 voru tvær verslanir, Kjötmiðstöðin og Matvörumiðstöðin og í húsinu nr. 6 var vefnaðarvöruverslun, en húsið nr. 4 var enn óinnréttað. Í júní 1960 fékkst leyfi fyrir stækkun á húsinu til suðvesturs. Þá var byggt húsið nr. 8. Húsin voru svo brunavirt hvert fyrir sig í ágúst 1961 og teljast þá öll fullbyggð. Þetta eru einlyft hús með kjallara, byggð úr steinsteypu, slétt húð og máluð að utan og með járnklæddu þaki. Form húsanna er sérstakt og samröðun eininganna óvenjuleg. Árið 1961 var búið að opna mjólkurbúð í húsinu nr. 4 og ísbúð í húsinu nr. 8, með rjómafsgerð í kjallaranum. Árið 1979 var húsið nr. 2 stækkað til austurs og árið 1984 fékkst aftur leyfi fyrir stækkun þess. Þá var fyrirkomulagi glugga og dyra á framhlið þess einnig breytt. Þar voru Kjötmiðstöðin og Matvörumiðstöðin starfræktar fram yfir 1990, en verslunin 10-11 hefur verið í húsinu frá 1993. Það ár var komið fyrir dyrum í stað glugga á austurgafli hússins. Í húsinu nr. 4 var á 9. og 10. áratugnum söluturn, sem gjarnan var kenndur við eigandann, Ragnar Ólafsson kaupmann, en eftir 1997 hafa verið þar ýmsar verslanir og skrifstofur. Í húsinu nr. 8 var lengst af ísbúð og um tíma, frá um 1978 og fram á 10. áratuginn, voru tvær ísbúðir hlið við hlið í húsunum nr. 6 og 8. Árið 1996 fékkst leyfi til að opna milli húsanna, vegna tengdrar atvinnustarfsemi. Frá 2001-2008 var myndbandaleiga í húsunum, en nú (2009) hefur verið opnuð ísbúð á ný í nr. 8 og bændamarkaður í húsinu nr. 6, en það hús hefur nýlega verið málað í öðrum lit en hin hús.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:

Verslunarhús af sérstæðri gerð, meðal fárra bygginga sem Jóhann Friðjónsson arkitekt teiknaði í eigin nafni.

Menningarsögulegt gildi:

Hefur þjónað sem verslunarkjarni fyrir hverfið í 50 ár.

Umhverfsgildi:

Hluti af heildstæðu hverfi raðhúsa sem skipulagt var á 6. áratugnum. Kennileiti á horni Laugalæks og Hrístateigs.

Upprunaleg gerð:

Gerðar hafa breytingar á húsunum sem samræmast ekki upprunalegri gerð.

Varðveislugildi:

Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í milligulum flokki: Svæði sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík, 1998*).

Fyrsti eigandi Ýmsir

Hönnun Halldór Guðmundsson
arkitektUpphafleg notkun
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund
Klæðning
Þakgerð
Þakklæðning
Undirstöður

Steinsteypt
Holufyllt og kústað
Skápak(skúrþak)
Ál

Útlit

Tvílyft
Kjallari

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Um er að ræða raðhús eða sex sambyggð hús sem byggð voru á lóðinni nr. 10-20 við Laugalæk á árunum 1979-1981. Byggingarleyfi fékkst fyrir öllum húsunum í einu í mars 1979 og sama ár fékkst einnig leyfi til að byggja bílageymslur úr steinsteypu á lóðinni. Húsin voru brunavirt hvert fyrir sig á árunum 1980-1981, fyrst húsin nr. 12 og 14 og síðast húsið nr. 16. Þetta eru tvílyft hús með kjallara, byggð úr steinsteypu, holufyllt að utan og með aluminíumpaki. Að norðanverðu (á framhlið) er þak húsanna brotið upp með gluggaröð eftir endilöngu. Í hverju húsi er ein íbúð. Bílskúrar voru ekki byggðar á lóðinni fyrr en á árunum 1988-1989, eftir teikningu Halldórs Guðmundssonar. Þeir eru byggðar úr steinsteypu og standa í sambyggðri röð meðfram götu austan húsalengjunnar.

Á þessari lóð, sem áður tilheyrði erfðafestulandinu Laugamýrarbletti 9, stóð áður timburhús sem upphaflega var byggt árið 1919 undir Sápugerðina Seros en var breytt í íbúðarhús eða gert að viðbyggingu við íbúðahús árið 1923. Það var kallað *Sólbakki* og stóð á lóðinni allt fram til 1979 þegar það var látið víkja fyrir nýja raðhúsinu.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Raðhús, hefðbundin húsagerð frá um 1980.

Menningarsögulegt gildi: Endurspeglar nýmæli sem komu fram í skipulagi á 6. áratugnum, svo sem aðkomu um göngustíg.

Umhverfisgildi: Hús sem hefur verið lagað er að eldra skipulagi með virðingu fyrir forsendum þess og heildarmynd.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í milligulum flokki: Svæði sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík, 1998*).**

Fyrsti eigandi Ýmsir

Hönnun Gunnar Hermannsson
arkitektUpphafleg notkun
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

ÚtlitTvílyft
Kjallari**Helstu breytingar****Hönnuðir breytinga****Saga**

Um er að ræða raðhús eða sjö sambyggð hús sem byggð voru á lóðinni nr. 22-34 við Laugalæk á árunum 1958-1960. Byggingarleyfi fyrir hverju og einu húsi voru veitt í apríl 1958. Um leið var veitt leyfi fyrir bílskúrum á lóðinni. Húsin voru brunavirt hvert fyrir sig á árunum 1959-1961, fyrst húsið nr. 32 og síðast húsið nr. 30. Þetta eru tvílyft hús með kjallara, byggð úr steinsteypu, múrhúðuð að utan og með bárujárnsklæddu skáþaki. Ein íbúð er í hverju húsi, nema í húsum nr. 22 og 28 þar sem eru tvær íbúðir, en upphaflega var einnig ein íbúð í þeim húsum. Bílskúrar voru ekki byggðir á lóðinni fyrr en á árunum 1971-1981 og þá eftir teikningu Kjartans Sveinssonar tæknifræðings. Tveir þeirra voru brunavirtir 1974 og fimm í viðbót 1981. Skúrarnir eru byggðir úr steinsteypu og standa í sambyggðri röð meðfram götu austan húsalengjunnar.

Þetta er að öllum líkindum eina húsið sem byggt var hér á landi eftir teikningum Gunnars Hermannssonar arkitekts (1930-1989), sem starfaði og bjó lengstum í Frakklandi, að undanskildum fáum árum um og eftir 1958, er hann vann sem starfsmaður hóps arkitekta sem falið var að gera tillögu að ráðhúsi Reykjavíkur. Athyglisvert er að raðhús þessi eru frekar hefðbundin og bera ekki sterk eða nýstárleg höfundareinkenni.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Raðhús af þeirri gerð sem algeng varð í skipulagi Reykjavíkur á 6. áratugi 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: Endurspeglar nýmæli sem komu fram í skipulagi á 6. áratugnum, svo sem aðkomu um göngustíg.

Umhverfisgildi: Hluti af heildstæðu hverfi raðhúsa sem skipulagt var á 6. áratugi 20. aldar.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í milligulum flokki: Svæði sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík, 1998*).**

Fyrsti eigandi Ýmsir

Hönnun Manfræð Vilhjálmsson
arkitektUpphafleg notkun
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteypu
 Klæðning Múrsléttað
 Þakgerð Skápak(skúrþak)
 Þakklæðning Bárújárn
 Undirstöður

Útlit

Tvílyft
 Kjallari

Helstu breytingar

1987 Garðhús við nr. 36

Hönnuðir breytinga

Karl Ómar Jónsson

Saga

Um er að ræða raðhús eða sjö sambyggð hús sem byggð voru á lóðinni nr. 36-48 við Laugalæk á árunum 1958-1964. Byggingarleyfi fyrir hverju og einu húsi voru veitt í apríl 1958. Um leið var veitt leyfi fyrir bílskúrum á lóðinni. Húsin voru brunavirt hvert fyrir sig á árunum 1959-1964, fyrst húsið nr. 38 og síðast húsið nr. 40. Þetta eru tvílyft hús, tvö þau elstu með kjallara (nr. 36 og 38) en hin án kjallara, byggð úr steinsteypu, múrhúðuð að utan og með járnklæddu skápaki. Ein íbúð er í hverju húsi. Bílskúrarnir, sem teiknaðir voru af höfundi húsanna Manfræð Vilhjálmsyni, voru brunavirtir í mars 1964. Þeir eru byggðir úr steinsteypu og standa í sambyggðri röð meðfram götu austan húsallengunnar. Árið 1987 var byggt garðhúsi á lóðinni við hús nr. 36.

Þessi raðhúsallengja er meðal fyrstu íbúðarhúsa sem Manfræð Vilhjálmsson arkitekt teiknaði. Nýmæli í hönnun húsanna er pallaskipt innra skipulag, þar sem hver íbúð er á fjórum pöllum. Grunnform húsanna þykir skýrt og einfalt og léttleiki einkenna hönnun og útfærslur innan sem utan (*Manfræð Vilhjálmsson arkitekt. Ritstj. Halldóra Arnardóttir og Pétur H. Ármannsson. Reykjavík 2009, bls. 66-67*). Andrés Kolbeinsson ljósmyndari tók myndir af húsunum nýbyggðum sem sýndar voru á Reykjavíkursýningu árið 1961. Húsin, ásamt myndum úr einni íbúðinni, voru þar sýnd sem dæmi um nútímahíbýli í borginni. Veggir húsanna sem áður voru í ljósum drapplit hafa nýlega verið málaðir skjannahvítir, sem og tréverk allt, sem áður og allt frá fyrstu tíð var í dökkbrúnum lit.

Varðveislumat:**Byggingarstíll:**

Raðhús af þeirri gerð sem algeng varð í skipulagi Reykjavíkur á 6. áratugnum. Merkilegt höfundardæmi.

Menningarsögulegt gildi:

Endurspeglar nýmæli sem komu fram í skipulagi á 6. áratugnum, svo sem aðkomu um göngustíg.

Umhverfisgildi:

Hluti af heildstæðu hverfi raðhúsa sem skipulagt var á 6. áratugi 20. aldar.

Upprunaleg gerð:

Núverandi litasetning er ekki upprunaleg og fer húsunum illa.

Varðveislugildi:

Lagt er til að húsið njóti verndar í grænum flokki: Verndun 20. aldar bygginga, sem merkilegt höfundardæmi og raðhús með nýstárlegu pallaskiptu innra skipulagi.
Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í milligulum flokki: Svæði sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík, 1998*).

Fyrsti eigandi Ýmsir

Hönnun Kjartan Sveinsson
tæknifræðingurUpphafleg notkun
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Skápak(skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Tvílyft
Kjallari
Svalir

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Um er að ræða raðhús eða sjö sambyggð hús sem byggð voru á lóðinni nr. 50-62 við Laugalæk á árunum 1970-1976. Byggingarleyfi fékkst fyrir öllum húsunum í einu í október 1970 og um leið voru samþykktir bílskúrar á lóðinni. Húsin voru brunavirt hvert fyrir sig á árunum 1972-1976, fyrst húsið nr. 62 og síðast húsin nr. 60 og 52. Þetta eru tvílyft hús með kjallara, byggð úr steinsteypu, múrhúðuð að utan og með bárujárnslæddu skápaki. Ein íbúð er í hverju húsi. Bílskúramir, sem teiknaðir voru af höfundu húsa Kjartani Sveinssyni, voru byggðir á árunum 1972-1981. Þeir eru byggðir úr steinsteypu og standa í sambyggðri lengju meðfram götu austan húsalengjunnar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Raðhús, hefðbundin húsagerð frá 8. áratugi 20. aldar.


Menningarsögulegt gildi: Endurspeglar nýmæli sem komu fram í skipulagi á 6. áratugnum, svo sem aðkomu um göngustíg.

Umhverfisgildi: Hús sem hefur verið lagað er að eldra skipulagi með virðingu fyrir forsendum þess og heildarmynd.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í milligulum flokki: Svæði sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík, 1998*).**

Fyrsti eigandi Þorgrímur Jónsson o.fl.

Hönnun Finnur Ó. Thorlacius
forsmiðurUpphafleg notkun
Verslun

Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft

Helstu breytingar

1938	Hækkun
	Ný klæðning
1941	Gluggabreyting
	Útlitsbreyting
	Fyrirkomulagsbr.
1956	Kvistur
1959	Viðbygging
2004	Breytt í íbúð viðbygg.
	Endurbætur
	Fyrirkomulagsbr.

Hönnuðir breytinga

Þórir Baldvinsson	arkitekt
Helgi Hallgrímsson	húsgsm
Skúli H. Norðdal	arkitekt
Jóhann Friðjónsson	arkitekt
Gunnar Bergmann og Hlédís Sveinsdóttir	arkitekt

Saga

Þorgrímur Jónsson & Co, Laugarnesi, fengu í september 1926 leyfi til að byggja tvílyft íbúðar- og verslunarhús á lóðinni, í nýklassískum stíl með háu valmaþaki og hálfsum á hornum. Húsið var brunavirt í ágúst 1927 og hafði þá einungis verið byggð neðsta hæðin. Hún var með járnklæddu skáþaki. Í henni ráku eigendurnir verslun sem kölluð var Pétursbúð. Þarna mun einnig hafa verið rekinn skóli frá 1927 til 1935, eitt af nokkrum útibúum frá Barnaskóla Reykjavíkur. Árið 1938 var húsið hækkað um eina hæð og ris og var þessi hluti byggður í fúnkisstíl, með horngluggum og valmaþaki. Þar voru innréttaðar tvær íbúðir. Um leið var húsið múrhuðað að utan. Árið 1941 voru dyr á vesturhlið hússins (að Laugarnesvegi) færðar til norðurs og gerður gluggi þar sem þær voru áður, auk þess sem gerðar voru nýjar dyr á suðurhlið (að Sundlaugavegi) og gluggi þar stækkaður. Árið 1956 var settur kvistur á vesturhlið hússins. Árið 1958 var byggður bílskúr á lóðinni eftir teikningu Jóhanns Friðjónssonar arkitekts. Hann stendur enn við norðurmörk lóðarinnar (2009). Árið 1959 var einnig búið að reisa einlyfta viðbyggingu úr steinsteypu á lóðinni. Hún var byggð milli verslunar- og íbúðarhússins og bílskúrsins frá 1958. Þar var rými fyrir tvær verslanir og brauðgerð. Í húsinu var rekið bakarí og brauðgerð allt frá um 1950 og fram á 8. áratug aldarinnar, m.a. Félagsbakaríð svokallaða. Einnig var Laugarnesbúðin þarna í tvo áratugi, um 1955-1975, sem og bókabúð á 7. áratugnum og rakarastofa 1960-1964. Í seinni tíð hafa einnig verið þarna bólsturverstaði, rafvöruverslun, söluturn, hársnyrtistofa og ýmsar smávöruverslanir og nú er rekin þarna Gleriðja Erlendar Ó. Ólafssonar. Árið 2004 fékkst leyfi til að breyta viðbyggingunni í íbúð og setja dyr út í garð á suðausturhlið hennar. Einnig var gert ráð fyrir vinnuherbergi og geymslu í bílskúrnum, tilheyrandi íbúðarhúsnæðinu í viðbyggingunni.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Verslunar- og íbúðarhús í fúnkisstíl, hornhús með verslun á jarðhæð.

Menningarsögulegt gildi: Hluti af elstu skipulögðu byggð á svæðinu. Í húsinu mun hafa verið fyrsti skólinn fyrir hverfið.


Umhverfsgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Mikið breytt með hækkun í öðrum stíl en upphaflegum.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Júlíus Hafstein Svanberg Hönnun Finnur Ó. Thorlacius
forsmiður

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Skápak(skúrþak)
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Kjallari
Útitröppur

Helstu breytingar

1957 Hækkun
Þakhæð
Svalir

Hönnuðir breytinga

Jóhann Friðjónsson arkitekt

Saga

Júlíus Svanberg fékk leyfi fyrir húsi á þessari lóð í janúar 1929 og í október sama ár var hann búinn að byggja þar einlyft hús með kjallara og porti, úr steinsteypu, sementssléttað að utan og með bárújárnsklæddu skápaki. Húsið var kallað *Hvammur*. Það var upphaflega byggt í kastalastíl, með tenntri þakbrún og stóð þannig óbreytt fram á 6. áratug aldarinnar. Árið 1950 fékkst leyfi til að byggja eina hæð með valmapaki ofan á húsið, eftir teikningu Hafliða Jóhannssonar húsasmíðameistara. Húsið virðist hins vegar ekki hafa verið hækkað að sinni. Árið 1953 var búið að byggja nýjan skúr á lóðinni, hlaðinn úr sandsteini. Hann var samþykktur sem bílskúr en notaður undir trésmíðaverkstæði og smágeymslu. Árið 1957 var svo samþykkt leyfi til að hækka ris hússins, eða byggja rishæð ofan á þegar samþykktu 2. hæðina. Jóhann Friðjónsson arkitekt gerði þá nýja teikningu að hækkan hússins, bæði 2. hæð og rishæð. Þegar húsið var brunavirt í desember sama ár var búið að byggja ofan á það 2. hæðina, ásamt rishæðinni og breikka það með inndregnum svölum við allar hæðir á suðurhlíð, eins og teikningar Jóhanns Friðjónssonar höfðu gert ráð fyrir. Gluggum neðri hæðar og kjallara var ekki breytt til samræmis við glugga 2. hæðarinnar, eins og teikningar gerðu ráð fyrir. Árið 1980 var byggður nýr bílskúr á lóðinni, eftir teikningu Ingimundar Sveinssonar arkitekts. Eldri skúrin sem virtur var 1953 hafði þá verið rifinn sökum lélegs byggingarefnis.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Byggt í kastalastíl en hefur með breytingum tekið á sig svip húsagerðar frá 6. áratugi 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: Hluti af elstu skipulögðu byggð á svæðinu.

Umhverfsgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.


Upprunaleg gerð: Mikið breytt með hækkan í öðrum stíl en upphaflegum.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Þorvaldur Einarsson
bakari

Hönnun Guðmundur H. Þorláksson
byggingarmeistari

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Skáþak(skúrþak)
Þakgerð Bárújárn
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft

Helstu breytingar

1929 Inngönguskúr
1966 Viðbygging
Gluggabreyting
Þakbreyting
Útlitsbreyting
?
Ný klæðning

Hönnuðir breytinga

Guðmundur H. Þorláksson bygg.m
Ásmundur Ólason arkitekt

Saga

Guðbjartur Einarsson fékk leyfi fyrir húsinu í október 1926 og í september 1927 var það fullbyggt. Það var þá komið í eigu Þorvaldar Einarssonar bakara og var nefnt *Harðangur*. Upphaflega var þetta um helmingi styttra hús en nú, einlyft með skáþaki, byggt úr steinsteypu í kastalastíl, með beinni, tenntri þakbrún. Árið 1929 var búið að byggja steinsteyptan inngönguskúr við bakhlið hússins. Árið 1933 var virtur steinsteypstur bifreiða- og geymsluskúr á lóðinni, sem byggður hafði verið eftir teikningu Þorvalds Einarssonar. Í honum var bifreiðageymsla, þvottahús og hæsnahús. Þessi skúr stendur enn (2009) í norðausturhorni lóðarinnar. Árið 1966 fékkst leyfi til að stækka húsið og breyta því. Þá var húsið lengt um u.þ.b. helming til norðurs og skýli sett upp við framhlið þess. Einnig var útliti þess breytt mikið, inngangur á framhlið færður til, gluggum breytt, inngönguskúr við austurhlið fjarlægður og sett mænispak á húsið. Klæðning hefur verið sett utan á húsið, en ekki er ljóst hvenær það var gert.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Byggt í kastalastíl en hefur með breytingum tekið á sig svip húsagerðar frá 7. áratugi 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: Hluti af elstu skipulögðu byggð á svæðinu.

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.


Upprunaleg gerð: Mikið breytt með stækkun og breytingum í öðrum stíl en upphaflegum.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Kristján Þorgrímsson
bílstjóri

Hönnun Finnur Ó. Thorlacius
forsmiður

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari

Helstu breytingar

<1964 Gluggabreyting
1967 Kvistir
Íbúð í risi
1978 Íbúð í kjallara sp.

Hönnuðir breytinga

Björgvin R. Hjálmarsson bygg.fr.

Saga

Kristján Þorgrímsson bílstjóri fékk leyfi fyrir húsinu í maí 1927 og í nóvember sama ár var það fullbyggt. Það var síðan kallað *Kirkjubær* við Laugarnesveg. Þetta er einlyft hús með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu og með járnklæddu þaki. Í því var frá upphafi ein íbúð á aðal hæð, önnur í kjallara og sú þriðja í risi. Í risinu var jafnframt skólastofa. Árið 1928 var búið að byggja bílskúr úr steinsteypu í norðausturhorni lóðarinnar, eftir teikningu Finns Ó. Thorlacius. Árið 1932 var búið að bæta við geymsluskúr úr steinsteypu sunnan við bílskúrinn í norðausturhorni, eftir teikningu Finns Ó. Thorlacius. Árið 1939 var bílskúrinn lengdur fram til vesturs og árið 1959 var hann breikkaður til suðurs og hluti af geymsluskúrnum felldur inn í hann. Árið 1964 fékkst leyfi til að setja kvisti á húsið. Samkvæmt teikningum að þeirri breytingu var þá þegar búið að breyta gluggum hússins, en þeir voru upphaflega tveggja pósta. Árið 1967 var síðan búið að byggja tvo stóra kvisti á húsið, einn á hvora hlið. Í desember 1978 var samþykkt áður gerð íbúð í kjallara hússins.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Einföld steinsteypuklassík.

Menningarsögulegt gildi: Hluti af elstu skipulögðu byggð á svæðinu.

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Hefur breytt um ásýnd með gluggabreytingum og stórum kvistum.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Helgi Vigfússon
málari

Hönnun Þorleifur Eyjólfsson og
Sigurður Þjetursson

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteypu
Klæðning
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Ris

Helstu breytingar

1944 Viðbygging
1963 Hækkun
Viðbygging
Ný klæðning
1986 Útlitsbreyting
2007 Fyrirkomulagsbr. sp.

Hönnuðir breytinga

Þorleifur Eyjólfsson arkitekt
Guðmundur H. Þorláksson bygg.m
Ásbjörn Þorvarðsson bygg.fr.

Saga

Helgi Vigfússon fékk leyfi fyrir húsinu í september 1926 og í október 1927 var það fullbyggt. Þetta hús var kallað *Hreiðarstaðir*. Upphaflega var það mun minna en nú, einlyft með risi, byggt úr steinsteypu og með járnþaki. Árið 1942 fékkst leyfi til að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu á lóðinni, eftir teikningu Þorleifs Eyjólfssonar. Hann stendur enn (2009) í norðausturhorni lóðarinnar. Árið 1944 var búið að byggja steinsteypa viðbyggingu með risi við bakhlið hússins. Í henni var séríbúð. Um leið var inngangur fjarlægður af framhlið hússins og færður á suðurgafli. Árið 1955 fékkst leyfi til að stækka húsið mikið og hækka. Þá var það lengt um helming til suðurs, stækkað til austurs með viðbyggingu við eldri viðbygginguna og hækkað um tvær hæðir, svo að það varð þrílyft með valmaþaki. Um leið var það allt húðað með marmara að utan. Þessum breytingum var fulllukið snemma árs 1963, þegar húsið var brunavirt. Þá var einnig virtur nýr tvöfaldur bílskúr úr steini í suðausturnorni lóðarinnar, sem byggður hafði verið eftir teikningu Ásmundar Ólasonar arkitekts. Hann stendur enn á lóðinni ásamt eldri bílskúrnum. Árið 1986 var byggt yfir svalir við suðurgafli á 1. hæð hússins. Í janúar 2007 var samþykkt þáverandi fyrirkomulag í húsinu og áður gerð stækkun bílskúranna á lóðinni. Eldri skúrin í norðausturhorni lóðarinnar hafði þá verið breikkaður til suðurs og byggður geymsluskúr úr timbri við norðurhlið yngri skúrsins í suðausturhorninu.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Upphaflega einföld steinsteypuklassík en nú húsagerð frá 6. áratugi 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: Hluti af elstu skipulögðu byggð á svæðinu.

Umhverfsgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.


Upprunaleg gerð: Mikið breytt með stækkun og hækkun í öðrum stíl en upphaflegum.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Sveinn Einarsson
múrari

Hönnun Pjetur Ingimundarson
forsmiður

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteypu
Klæðning
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Ris

Helstu breytingar

1928 Íbúð í risi
Ný klæðning
1961 Viðbygging
Kvistur
Endurbætur
Fyrirkomulagsbr.
1986 Viðbygging
Hækkun

Hönnuðir breytinga

Pjetur Ingimundarson forsmið
Guðmundur H. Þorláksson bygg.m
Árni Friðriksson arkitekt
og Páll Gunnlaugsson arkitekt

Saga

Sveinn Einarsson fékk í mars 1927 leyfi fyrir einlyftu húsi á lóðinni. Húsið var brunavirt í september 1927 og var þá fullbyggt. Það var nefnt *Heiðarvöllur*. Upphaflega var það einlyft með risi, byggt úr steinsteypu og með járnklæddu þaki. Í maí 1928 var búið að innrétta séríbúð í risi hússins. Þá var einnig búið að sementsslétta það að utan. Húsið stóð síðan óbreytt til 1958, þegar þáverandi eigandi fékk leyfi til að stækka það og hækka. Þá var það stækkað til suðurs með einlyftri viðbyggingu úr steinsteypu. Um leið var settur á það kvistur og gerðar ýmsar fyrirkomulagsbreytingar og endurbætur á aðalhæð og í risi, þar sem ekki var nú lengur séríbúð. Þessar breytingar voru fullgerðar árið 1961. Ætlunin hafði verið að hækka húsið einnig um tvær hæðir, en ekki varð af því. Árið 1984 var aftur veitt leyfi til að stækka húsið og þá var því breytt í núverandi mynd. Byggt var við elsta hlutann á bakhlíð svo að hann varð jafn breiður viðbyggingunni frá 1961. Jafnframt var húsið hækkað um tvær hæðir og byggt á það hátt ris eða rishæð. Tveir kvistir eru á framhlíð hússins og tveir á bakhlíð.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:

Upphaflega einföld steinsteypuklassík en nú húsagerð frá 9. áratugi 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: Hluti af elstu skipulögðu byggð á svæðinu.

Umhverfisgildi: Hærra en flest önnur hús við götuna.

Upprunaleg gerð: Mikið breytt með stækkun og hækkun í öðrum stíl en upphaflegum.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Súð hf.

Hönnun Kjartan Sveinsson
tæknifræðingurUpphafleg notkun
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteypu
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Flatt þak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Þrílyft
Kjallari
Útskot
Svalir

Helstu breytingar

1964 Rifið eldra hús
1991 Gluggabreyting
1998 Fyrirkomulagsbr. sp.

Hönnuðir breytinga

Kjartan Sveinsson tæknifr.

Saga

Á þessari lóð stóð áður látið timburhús sem Sylveríus Hallgrímsson byggði árið 1927, eftir teikningu Pjeturs Ingimundarsonar forsmíðs. Hús þetta var nefnt *Sæból* og það stóð á lóðinni fram til ársins 1964 þegar það var látið víkja fyrir núverandi húsi.

Núverandi hús var samþykkt í september 1964 og í október 1965 var það fullbyggt. Þetta er þrílyft fjölbýlishús með kjallara, flötu bárújárnsklæddu þaki og tvílyftri útbyggingu að framanverðu, byggt úr steinsteypu og slétthúðað og málað að utan. Í júní 1991 fékkst leyfi til að breyta gluggum á húsinu, þ.e. setja tvo pósta á stofuglugga á austurhlíð 3. hæðar og breyta rúðum úr einni í þrjár. Í maí 1998 fékkst samþykki fyrir áður gerðum breytingum í kjallara.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Hefðbundin húsagerð frá 7. áratugi 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi: Yngra hús innan um eldri byggð.


Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Hannes Júlíusson
skósmiður

Hönnun Sigurður Thoroddsen
verkfræðingur

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris

Helstu breytingar

1946	Viðbygging
1955	Viðbygging
	Hækkun
1961	Viðbygging
	Svalir
1983	Þakhæð
	Íbúð í risi
1995	Fyrirkomulagsbr.

Hönnuðir breytinga

Sigurður Thoroddsen	verkfr.
Finnur Thorlacius	forsmið
Finnur Thorlacius	forsmið
Sigurbjartur Jóhannesson	bygg.fr.
Ágúst Þórðarson	bygg.fr.

Saga

Hannes Júlíusson fékk leyfi fyrir þessu húsi í maí 1927 og í apríl 1928 var það fullbyggt. Það var nefnt *Steinar*. Upphaflega var þetta mun minna hús en nú, einlyft með risi, byggt úr steinsteypu og með járnþaki. Árið 1946 var búið að stækka húsið með steinsteyptri viðbyggingu við suðausturhorn, einlyftri með flötu þaki. Á árunum 1951-1955 var húsið lengt til norðurs, breikkað með steinsteyptri viðbyggingu við bakhlíð og hækkað um eina hæð, svo að það varð tvílyft með risi og valmaþaki. Innréttuð var séríbúð á efri hæðinni. Á árunum 1957-1958 var byggður bílskúr á lóðinni eftir teikningu Finns Thorlacius. Hann stendur enn (2009) í norðausturhorni lóðarinnar. Árið 1960 fékkst aftur leyfi til að stækka húsið og breyta því. Þá var viðbyggingin við suðausturhorn hússins framlengd með einlyftri viðbyggingu að götu og inngangur sem var á austurhlíð hennar færður á suðurgaflinn. Svölum fyrir 2. hæð var komið fyrir ofan á nýju viðbyggingunni. Árið 1982 fékkst leyfi til að breyta risi hússins. Þá var byggð ofan á húsið ný rishæð úr timbri, bárujárnklædd og með valmaþaki. Gert var ráð fyrir séríbúð á rishæðinni. Í febrúar 1995 fékkst leyfi til að breyta stigagangi að risi hússins. Í dag (2009) eru þrjár íbúðir í húsinu, ein á hvorri hæð og ein á rishæð.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Einföld steinsteypklassík en hefur með breytingum tekið á sig svip yngri húsagerðar.

Menningarsögulegt gildi: Hluti af elstu skipulögðu byggð á svæðinu.

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Mikið breytt með stækkun og einkum með nýrri rishæð í öðrum stíl en upphaflegum.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Sérverk ehf.**Hönnun** Valdimar Harðarson
arkitek**Upphafleg notkun**
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteyp
Klæðning
Þakgerð Flatt þak
Þakklæðning
Undirstöður

Útlit

Þrílyft
 Svalir

Helstu breytingar

2003 Rífið eldra hús

Hönnuðir breytinga**Saga**

Á þessari lóð stóð áður húsið *Árnes*, einlyft íbúðarhús úr timbri sem Grímur Jónsson byggði árið 1926, eftir teikningu Guðmundar H. Þorlákssonar byggingarmeistara. Hús þetta stóð að mestu óbreytt fram til ársins 2003 þegar það var látið víkja fyrir núverandi húsi á lóðinni. Bílskúr sem byggður var í norðvesturhorni lóðarinnar árið 1947 stóð hins vegar áfram og stendur enn (2009).

Í janúar 2003 fékkst leyfi til að rífa gamla húsið og byggja í þess stað steinsteyp fjölbýlishús. Jafnframt fékkst leyfi til að stytta bílskúrinn á lóðinni og breyta honum. Húsið var fullbyggt árið 2004. Þetta er þrílyft hús, byggt úr steinsteypu og með flötu þaki. Í því eru þrjár íbúðir, ein á hverri hæð.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Ný-fúnkis.

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi: Yngra hús innan um eldri byggð.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Þorsteinn Þorsteinsson

Hönnun

Guðmundur H. Þorláksson
byggingarmeistari

Upphafleg notkun

Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari

Helstu breytingar

1972 Hækkun þaks
Kvistir
Gluggabreyting
1980 Endurbætur
? Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

Ásmundur Ólason arkitekt

Saga

Jónatan Þorsteinsson fékk leyfi fyrir þessu húsi í október 1926 og í desember sama ár var það fullbyggt og þá komið í eigu Þorsteins Þorsteinssonar. Húsið var nefnt *Sandprýði*. Það er einlyft með risi og kjallara, byggt úr bindingi og klætt að utan með járn á veggjum og þaki. Það var upphaflega með lægra risi en nú, en á árunum 1969-1972 var þak þess hækkað og settir á það tveir langir kvistir, hvor á sína hlið. Teikningar að hækkuninni sýna einnig breytingu á gluggum hússins þar sem gert er ráð fyrir að póstar séu fjarlægðir og gluggarnir augnstungnir, en samkvæmt upphaflegri teikningu voru gluggarnir áður með tveimur lóðréttum póstum og einum láréttum. Nú (2009) hafa verið settir sexrúðugluggar á aðalhäð hússins, sem hafa ekki húsagerðinni (tilheyra eldri húsagerð), og krosspóstar í kvistgluggana. Séríbúð hefur frá upphafi verið í kjallaranum. Árið 1985 voru samþykktar teikningar Ásmundar Jóhannssonar, Jóns Róberts Karlssonar og Jóns Kaldal hjá ARKO, að bílskúr í norðausturhorni lóðarinnar en það leyfi féll úr gildi og var ekki endurnýjað. Í dag stendur þó bílskúr á þessum stað á lóðinni. Samkvæmt Fasteignaskrá Íslands var hann byggður árið 1991.

Húsin nr. 68 og 70 við Laugarnesveg voru fyrstu húsin sem byggð voru við Laugarnesveg norðan Sundlaugavegar. Húsið nr. 68 hefur nú verið rífið og annað hús byggt í staðinn. Húsið nr. 70 er því nú elsta húsið við þennan hluta götunnar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Einfalt timburhús.

Menningarsögulegt gildi: Hluti af elstu skipulögðu byggð á svæðinu, eitt elsta húsið við Laugarnesveg.

Umhverfsgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð, utan þakhækkunar, stórra kvista og gluggabreytingar.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Þorbjörn Guðbrandsson

HönnunGunnar Þ. Þorsteinsson og
Sigurjón Sveinsson**Upphafleg notkun**

Íbúðarhús

**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Tvíflyft
Ris
Kjallari
Útitröppur
Svalir

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Þorbjörn Guðbrandsson o.fl. fengu leyfi fyrir þessu húsi í júní 1955 og í janúar 1959 var það fullbyggt. Þetta er tvíflyft hús með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu, múrhúðað að utan og með bárujárnsklæddu þaki. Í húsinu hafa frá upphafi verið þrjár íbúðir, ein á hvorri hæð og ein í kjallara. Árið 1959 fékkst leyfi til að byggja tvöfaldan bílskúr úr steini í norðausturhorni lóðarinnar, eftir teikningu Gunnars Þ. Þorsteinssonar. Nýr bílskúr var ekki virtur fyrr en í september 1965 og þá er tekið fram að aðeins annar skúrinn sé byggður. Árið 1975 var loks virtur annar eins bílskúr á lóðinni og standa skúrarnir sambyggðir hlið við hlið í norðausturhorni lóðarinnar (2009).

Í suðausturhorni lóðarinnar stendur einnig spennistöð sem Rafmagnsveita Reykjavíkur byggði árið 1976, eftir teikningu Guðmundar Kr. Kristinssonar arkitekts. Áður stóð þar eldri straumskiptistöð sem byggð hafði verið árið 1924, löngu áður en íbúðarhúsið var reist á lóðinni. Hún stóð enn þegar íbúðarhúsið var samþykkt árið 1955 og hefur líklega verið fjarlægð þegar nýja spennistöðin var byggð.

Varðveislumat:**Byggingarstíll:** Steinsteypuhús í fúnkisstíl.**Menningarsögulegt gildi:****Umhverfsgildi:** Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvíflyft.**Upprunaleg gerð:** Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Gísli Hermannsson o.fl.

Hönnun Gunnar Ólafsson
arkitekt**Upphafleg notkun**
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Marmarahúð
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Tvílyft
Ris
Kjallari
Svalir

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Gísli Hermannsson o.fl. fengu leyfi fyrir þessu húsi í júní 1955 og í janúar 1959 var það brunavirt og var þá fullbyggt að mestu. Þetta er tvílyft hús með kjallara og rishæð yfir hluta, byggt úr steinsteypu, húðað með marmara að utan og með bárujárnsklæddu skáþaki. Anddyri og stigagangur eru á norðvesturhorni hússins. Fjórar íbúðir hafa frá upphafi verið í húsinu, ein á hvorri hæð, ein í risi og ein í kjallara. Húsið var virt að nýju í febrúar 1963 og er þá sagt að fullu lokið. Á árunum 1964-1965 var byggður tvöfaldur bílskúr úr steini á lóðinni, eftir teikningu Guðlaugs Friðbjólfssonar byggingafræðings. Þessi skúr, eða skúrar, standa enn (2009) við norðurmörk lóðarinnar.

Varðveislumat:**Byggingarstíll:** Steinsteypuhús í fúnkisstíl.**Menningarsögulegt gildi:****Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.**Upprunaleg gerð:** Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Jón Þórhallsson o.fl.

Hönnun Geirharður Þorsteinsson
arkitektUpphafleg notkun
Verslanir, rakarastofa og hágrg.stofa

Upphafleg gerð

Tegund Steinsteypu
 Klæðning Múrsléttu
 Þakgerð Valmaþak
 Þakklæðning Pappi
 Undirstöður

Útlit

Einlyft

Helstu breytingar

1980 Hækkun

Hönnuðir breytinga

Geirharður Þorsteinsson arkitekt
og Hróbjartur Hróbjartsson arkitekt

Saga

Lóðin sem þetta hús stendur á var áður hluti af lóðinni Hríssateigi 47. Í nóvember 1963 voru samþykktar teikningar Geirharðs Þorsteinssonar arkitekts að byggingu á lóðinni. Sú bygging var í raun tvö hús og var austari hlutinn skráður sem hús nr. 47 við Hríssateig og vestari hlutinn sem hús nr. 47a við Hríssateig, nú Laugarnesvegur 74a. Húsin voru brunavirt hvort fyrir sig í mars 1968 og teljast þá fullbyggð. Húsið Laugarnesvegur 74a var upphaflega ein hæð, byggt úr steinsteypu, slétt húðað og málað að utan og með pappklæddu þaki. Í húsinu hefur frá upphafi verið rekin verslunin Verðlistinn, sem Kristján Kristjánsson tónlistarmaður og verslunarmaður stofnaði árið 1965 ásamt eiginkonu sinni Erlu Wigelund. Árið 1968 var auk þess starfrækt í húsinu hárgreiðslustofa og rakarastofa, sem mun hafa flutt þangað frá Laugarnesvegi 52 árið 1964, auk fiskbúðar. Á árunum 1979-1980 var byggð önnur hæð ofan á húsið, með íbúð og lager- og viðgerðarými tilheyrandi Verðlistanum. Byggingu hennar var að fullu lokið í janúar 1981.

Lóðinni var skipt í tvær lóðir, nr. 47 og 47a við Hríssateig árið 1973. Í júní 1982 var samþykkt að breyta skrásetningu lóðarinnar nr. 47a í nr. 74a við Laugarnesveg, að beiðni húseigenda. Í húsinu voru þá íbúð Kristjáns Kristjánssonar, Rakarastofa Sigurðar Sigurðarsonar og verslunin Verðlistinn. Verslunin hefur alltaf verið kölluð „Verðlistinn við Laugalæk“ og þar sem hún er á horni Laugalækjar og Laugarnesvegur og gengið er inn í hana frá Laugalæk töldu eigendurnir ruglandi að hafa húsnúmerið við Hríssateig.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Verslunarhús af hefðbundinni gerð húsa frá 7. áratugi 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: Tengist sögu verslunar- og þjónustu á svæðinu, hefur hýst sömu verslun frá upphafi.


Umhverfsgildi: Kennileiti á horni Laugalæks og Laugarnesvegur.

Upprunaleg gerð: Hefur verið hækkað, en í samræmi við upprunalega gerð.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Egill G. Marberg

Hönnun Vilhjálmur Bjarnason

Upphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	Steinsteyptar

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Útitröppur

Helstu breytingar

1953	Hækkun
	Kvistir
	Gluggabreyting
	Inngönguskúr
	Íbúð í risi

Hönnuðir breytinga

Haflíði Jóhannsson	húsasm
--------------------	--------

Saga

Egill G. Marberg að Kirkjubergi við Laugarnesveg, fékk leyfi fyrir þessu húsi í júlí 1932 og í nóvember 1933 var það fullbyggt. Þetta er einlyft hús með risi og steinsteyptum kjallara, byggt úr bindingi og klætt að utan með járni á veggjum og þaki. Horngluggar í anda fúnkisstíls eru á suðaustur- og suðvesturhorni hússins. Í október 1946 fékkst leyfi fyrir bílskúr úr steini á lóðinni, eftir teikningu Haflíða Jóhannssonar trésmíðs. Hann stendur enn (2009) í norðausturhorni lóðarinnar. Árið 1953 var búið að byggja port á húsið, hækka ris þess og setja á það tvo langa kvisti, einn á hvora hlið. Einnig var búið að fjölga gluggum á hvorum stafni úr einum í tvo og byggja inngönguskúr úr timbri við norðurgafli. Í risinu var jafnframt búið að innrétta séríbúð. Húsinu virðist ekki hafa verið breytt að ráði síðan.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Einfalt timburhús með einkennum fúnkisstíls.

Menningarsögulegt gildi: Timburhús byggt í úthverfi eftir að hömlur voru settar á byggingu timburhúsa í miðbænum 1915.

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.


Upprunaleg gerð: Hefur verið breytt nokkuð með þakhækkun, kvistum og inngönguskúr.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Guðmundur Ó.
Sigurbergsson

Hönnun Hafliði Jóhannsson
húsasmíðameistari

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Bárújárn
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður Steinsteypur

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Útitröppur

Helstu breytingar

1943 Hækkun
Íbúð í kjallara

Hönnuðir breytinga

Hafliði Jóhannsson húsasm

Saga

Hús þetta byggði Guðmundur Ó. Sigurbergsson árið 1933. Þetta var upphaflega einlyft hús með risi og steinsteiptum kjallara, byggt úr bindingi og klætt að utan með járn á veggjum og þaki. Hornluggar í anda fúnkisstíls eru á suðaustur- og suðvesturhorni hússins. Árið 1938 fékkst leyfi til að hækka húsið um eina hæð og þegar það var næst virt, í apríl 1943, var búið að hækka það svo það var orðið tvílyft, með lágu valmaþaki og kjallara. Á nýju hæðinni var ein íbúð og einnig var búið að innrétta séríbúð í kjallara. Í ágúst 1945 fékkst leyfi til að byggja bílskúr á lóðinni, eftir teikningu Árna Þ. Árnasonar. Hann stendur enn (2009) í suðvesturhorni lóðarinnar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Timburhús með einkennum fúnkisstíls.


Menningarsögulegt gildi: Timburhús byggt í úthverfi eftir að hömlur voru settar á byggingu timburhúsa í miðbænum 1915.

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Hefur verið breytt með hækkun og breyttri þakgerð.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Jóhann Hafliðason

Hönnun Hafliði Jóhannsson
húsasmíðameistariUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	Steinsteyptar

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Útitröppur

Helstu breytingar

1943	Inngönguskúr
1946	Viðbygging
1962	Þakhæð
	Svalir
	Gluggabreyting
>1959	Íbúð í kjallara

Hönnuðir breytinga

Hafliði Jóhannsson	húsasm
Hafliði Jóhannsson	húsasm
Hafliði Jóhannsson	húsasm

Saga

Jóhann Hafliðason fékk leyfi fyrir húsinu í júní 1932 og í febrúar 1933 var það fullbyggt. Þetta var upphaflega minna og lægra hús en nú, einlyft með steinsteyptum kjallara og lágu risi, byggt úr bindingi og klætt að utan með járn á veggjum og þaki. Horngluggar í anda fúnkisstíls voru frá upphafi á suðaustur- og suðvesturhorni hússins. Árið 1943 var byggður inngönguskúr úr bindingi við bakhlið. Árið 1944 fékkst leyfi til að byggja bílskúr úr vikurholsteini í norðvesturhorni lóðarinnar, eftir teikningu Hafliða Jóhannssonar. Hann hefur aldrei verið brunavirtur, en stendur enn (2009) á sínum stað. Árið 1946 var búið að lengja húsið til suðurs með viðbyggingu við vesturenda. Hún var byggð á sama hátt og húsið og á henni eru horngluggar á suðaustur- og suðvesturhorni. Árið 1959 fékkst leyfi til að breyta risi hússins og þegar það var næst virt, í maí 1962, var búið að byggja á það rishæð úr timbri, klædda með járn og með svölum við framhlið og bakhlið. Einnig var búið að setja flatt þak á inngönguskúrinn og síkka glugga á suðausturhorni. Í dag (2009) eru tvær íbúðir í húsinu, ein á aðalhæð og önnur í kjallara.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Timburhús með einkennum fúnkisstíls og breytingum í anda yngri húsagerðar.

Menningarsögulegt gildi: Timburhús byggt í úthverfi eftir að hömlur voru settar á byggingu timburhúsa í miðbænum 1915.

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Mikið breytt með stækkun og einkum þakhækkun í öðrum stíl en upphaflegum.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar á ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Helgi Helgason

Hönnun Hafliði Jóhannsson
húsasmíðameistariUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárni
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárni
Undirstöður	Steinsteyptar

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Úttröppur

Helstu breytingar

1947	Viðbygging
1963	Endurbætur
1974	Viðbygging
	Gluggabreyting
?	Ný klæðning

Hönnuðir breytinga

Hafliði Jóhannsson	húsasm
Hafliði Jóhannsson	húsasm

Saga

Helgi Helgason fékk leyfi fyrir húsinu í júlí 1932 og í október sama ár var það fullbyggt. Þetta er einlyft hús með risi og steiptum kjallara, byggt úr bindingi og upphaflega klætt að utan með járni á veggjum og þaki. Hornluggi í anda fúnkisstíls hefur frá upphafi verið á suðausturhorni hússins. Árið 1947 var búið að stækka húsið með timburviðbyggingu á steiptum kjallara við bakhlið. Árið 1963 var búið að gera á því ýmsar endurbætur en ekki er ljóst í hverju þær fólust. Árið 1971 fékkst aftur leyfi til að stækka húsið. Stækkunin fólst í einlyftri viðbyggingu sem byggð var við bakhlið hússins, í framhaldi af og suður af eldri viðbyggingunni og suður fyrir húsið sjálft. Um leið var komið fyrir tröppum og stigapalli við suðurgöfl hússins. Þá var gluggum hússins einnig breytt, póstum fækkað og gluggi við suðausturhorn stækkaður. Þessar breytingar voru brunavirtar árið 1974. Árið 1979 fékkst leyfi til að byggja bílskúr úr hlöðnum steini í norðvesturhorni lóðarinnar, eftir teikningu Hafliða Jóhannssonar húsasmíðameistara. Hann stendur þar enn. Í dag (2009) er lárétt borðaklæðning á húsinu, en ekki er ljóst hvenær hún var sett á það.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Timburhús með einkennum fúnkisstíls.

Menningarsögulegt gildi: Timburhús byggt í úthverfi eftir að hömlur voru settar á byggingu timburhúsa í miðbænum 1915.

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Breytt frá upprunalegri gerð með viðbyggingum, gluggabreytingum og nýrri klæðningu.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Jón Ólafsson
bifreiðaeftirlitsmaður

Hönnun Hafliði Jóhannsson
húsasmíðameistari

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Bárújárn
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Kvistir
Útitröppur

Helstu breytingar

1935 Íbúð í risi
2005 Íbúð í risi sp.

Hönnuðir breytinga

Saga

Jón Ólafsson bifreiðaeftirlitsmaður fékk leyfi fyrir þessu húsi í maí 1933 og í júlí sama ár fékk hann einnig leyfi fyrir bílskúr á lóðinni. Húsið, ásamt bílskúrnum, var brunavirt í september 1933 og var þá fullbyggt. Þetta er einlyft hús með risi og steinsteyptum kjallara, byggt úr bindingi og klætt með bárújárn á veggjum og þaki. Gluggar hússins eru í anda fúnkisstíls, meðal annars hornluggar á suðaustur- og suðvesturhorni. Á húsinu hafa einnig frá upphafi verið tveir kvistir, hvor á sinni hlið. Bílskúrin var byggður í norðvesturhorni lóðarinnar, eftir teikningu Hafliða Jóhannssonar, og stendur enn (2009) á sínum stað. Árið 1935 var búið að innrétta séríbúð í risi hússins. Hún var samþykkt árið 2005.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Timburhús með einkennum fúnkisstíls.

Menningarsögulegt gildi: Timburhús byggt í úthverfi eftir að hömlur voru settar á byggingu timburhúsa í miðbænum 1915.

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð. Vel varðveitt dæmi um þessa húsagerð.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Sveinn Jónsson

Hönnun Hafliði Jóhannsson
húsasmíðameistariUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Mænisþak
Þakgerð	Bárujárn
Þakklæðning	Steinsteyptar
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Úttröppur

Helstu breytingar

1957	Hækkun
	Inngönguskúr
	Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

Hafliði Jóhannsson	húsasm
--------------------	--------

Saga

Sveinn Jónsson fékk leyfi fyrir húsinu í júlí 1932 og í nóvember 1932 var það fullbyggt. Þetta var upphaflega einlyft hús með lágu risi og steinsteyptum kjallara, byggt úr bindingi og klætt að utan með járn á veggjum og þaki. Hornluggi hefur frá upphafi verið á suðausturhorni hússins. Árið 1957 var búið að hækka húsið um eina hæð, svo það var orðið tvílyft með lágu risi. Á nýju hæðinni var innréttuð séríbúð. Auk þess hafði verið byggður inngönguskúr úr timbri við bakhlið hússins. Einnig var gluggum á suðausturhorni og suðvesturhorni breytt til samræmis við glugga á efri hæð, svo að nú eru þar hornluggar í anda fúnkisstíls. Árið 1992 fékkst leyfi til að byggja tvöfaldan bílskúr á lóðinni, eftir teikningu Ágústs Þórðarsonar byggingafræðings. Hann stendur enn (2009) í norðvesturhorni lóðarinnar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Timburhús með einkennum fúnkisstíls.


Menningarsögulegt gildi: Timburhús byggt í úthverfi eftir að hömlur voru settar á byggingu timburhúsa í miðbænum 1915.

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Hefur verið hækkað og breytt, en að mestu í samræmi við upprunalega gerð.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Haraldur V. Ólafsson

Hönnun Þorleifur Eyjólfsson
arkitektUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Útitröppur

Helstu breytingar

1945	Viðbygging Gluggabreyting
1976	Viðbygging Hækkun þaks Gluggabreyting
?	Ný klæðning

Hönnuðir breytinga

Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson	arkitekt
Hreggviður Stefánsson	arkitekt tæknifr.

Saga

Jón Árnason fékk leyfi fyrir þessu húsi í október 1932 og í mars 1933 var það fullbyggt og var þá komið í eigu Haraldar V. Ólafssonar. Þetta er einlyft hús með risi og kjallara, byggt úr bindingi og upphaflega klætt að utan með járni á veggjum og þaki. Það var áður með lægra risi en nú. Horngluggar hafa frá upphafi verið á suðaustur- og suðvesturhorni hússins og upphaflega einnig á norðausturhorni. Árið 1945 fékkst leyfi til að byggja einlyfta viðbyggingu úr timbri við bakhlið hússins, með steiptum kjallara og útitröppum við suðurhlíð. Um leið var gert ráð fyrir nýjum glugga vestanmegin á norðurgafli hússins. Þessar breytingar voru framkvæmdar. Í júlí 1946 fékkst einnig leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á lóðinni, eftir teikningu Gísla Halldórssonar og Sigvalda Thordarsonar. Hann stendur enn (2009) í norðvesturhorni lóðarinnar. Árið 1976 fékkst leyfi til að hækka ris hússins og stækka kjallara þess og hæð. Þá var viðbyggingin við bakhlið hússins stækkuð til suðurs og gluggum þar breytt, auk þess sem ris hússins var hækkað og settir gluggar á stafna þess. Einnig var gluggi á norðurgafli, sem var hluti af hornglugga á norðausturhorni, fjarlægður og póstum breytt í öðrum gluggum hússins. Í dag er lóðrétt borðaklæðning á húsinu, en ekki er ljóst hvenær hún var sett á það.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Einfalt timburhús, upphaflega með einkennum fúnkisstíls.


Menningarsögulegt gildi: Timburhús byggt í úthverfi eftir að hömlur voru settar á byggingu timburhúsa í miðbænum 1915.

Umhverfsgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Hefur verið breytt nokkuð í útliti með þakhækkun og nýrri klæðningu.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Páll Th. Jónasson

Hönnun Pjetur Ingimundarson
forsmiðurUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Úttröppur

Helstu breytingar

1956	Viðbygging Hækkun Gluggabreyting Íbúð í kjallara
1959	Kvistir Íbúð í risi Inngönguskúr hækk.
1960	Útlitsbreyting
1978	Íbúð í kjallara sp.
1980	Endurbætur
1989	Íbúð í risi sp.

Hönnuðir breytinga

Guðmundur H. Þorláksson bygg.m
Guðmundur H. Þorláksson bygg.m
Guðmundur H. Þorláksson bygg.m

Saga

Páll Th. Jónasson, Brúnstöðum við Laugarnesveg, fékk leyfi fyrir húsinu, ásamt bílskúr, í maí 1933 og í nóvember sama ár var húsið fullbyggt. Upphaflega var þetta einlyft hús með risi og kjallara, byggt úr bindingi og klætt að utan með járn á veggjum og þaki. Horngluggar voru upphaflega á suðaustur- og suðvesturhorni hússins. Árið 1937 var búið að byggja steinsteyptan bílskúr í norðvesturhorni lóðarinnar eftir teikningu Pjeturs Ingimundarsonar og stendur hann enn (2009). Á árunum 1952-1956 var byggð steinsteypt viðbygging við bakhlíð hússins ásamt nýrri anddyrisbyggingu að norðanverðu, auk þess sem húsið var hækkað um eina hæð. Um leið var gluggasetningu á framhlíð breytt sem og gluggapóstum í öðrum gluggum, en gluggar á suðurgafli og bakhlíð voru upphaflega með tveimur lóðréttum póstum. Með stækkuninni bættist m.a. við lítil íbúð í kjallara og á nýju hæðinni var innréttuð séríbúð. Árið 1958 var byggður annar bílskúr úr steinsteypu á lóðinni, eftir teikningu Guðmundar H. Þorlákssonar. Hann stendur enn í suðvesturhorni lóðarinnar. Árið 1959 var búið að setja tvo kvisti á viðbygginguna, einn á hvora hlið og innréttuð séríbúð í risinu. Árið 1960 var leyft að setja timburþak yfir úttröppur við norðurgafli hússins. Árið 1981 var nyrðri bílskúrin lengdur til austurs. Árið 1989 voru settar svalir ofan á anddyrisbygginguna við húsið norðanvert. Árið 2003 fékkst leyfi til að koma fyrir dyrum að garði á bakhlíð kjallara og loka neðri svölum á suðurhlíð hússins með glerviðbyggingu. Jafnframt hefur verið settur glerveggur á stigapallinn við norðurhlíð hússins. Ríkharður Oddsson byggingarfræðingur teiknaði breytingarnar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Einfalt timburhús, upphaflega með einkennum fúnkisstíls.


Menningarsögulegt gildi: Timburhús byggt í úthverfi eftir að hömlur voru settar á byggingu timburhúsa í miðbænum 1915.

Umhverfsgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Hefur verið hækkað og breytt, en að mestu í samræmi við upprunalega gerð?

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Ármann Guðmundsson Hönnun Ármann Guðmundsson

Upphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur	Útlit	Einlyft
Klæðning	Bárujárn		Ris
Þakgerð	Mænisþak		Kjallari
Þakklæðning	Bárujárn		
Undirstöður			

Helstu breytingar

1948	Nýr kjallari
	Útitröppur
1962	Viðbygging
	Gluggabreyting
1990	Svalir

Hönnuðir breytinga

Arinbjörn Þorkelsson	
Eiríkur Einarsson	arkitekt
Gísli Gunnarsson	bygg.fr.

Saga

Ármann Guðmundsson fékk leyfi fyrir þessu húsi, sem hann teiknaði sjálfur, í júlí 1932 og í desember sama ár var það fullbyggt. Þetta er einlyft hús með lágu risi, byggt úr bindingi og klætt að utan með járni á veggjum og þaki. Upphaflega var einungis mikið niðurgrafinn steinsteypur geymslukjallari undir 1/3 hluta þess. Árið 1943 var búið að byggja, án leyfis, þvotta- og geymsluskúr úr bindingi á lóðinni en árið 1948 var búið rífa hann og byggja nýjan steinsteyptan kjallara undir húsið. Um leið voru settar steypar tröppur við norðurgafli hússins. Einnig var búið að byggja bílskúr úr hlöðnum vikurholsteini í norðvesturhorni lóðarinnar, eftir teikningu arkitektanna Sigurðar Pjeturssonar og Ásmundar Ólasonar. Árið 1962 var byggð einlyft, múrhúðuð timburviðbygging á steypum kjallara við bakhlið hússins. Þá virðist gluggum hússins einnig hafa verið breytt á þann hátt að lóðréttir póstar voru fjarlægðir úr neðri hluta glugga og smárúðupóstar úr efri hluta, en lóðréttir póstar hafa aftur verið settir í gluggana. Árið 1990 voru byggðar svalir úr timbri við suðurgafli hússins.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Einfalt timburhús.

Menningarsögulegt gildi: Timburhús byggt í úthverfi eftir að hömlur voru settar á byggingu timburhúsa í miðbænum 1915.

Umhverfsgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð, utan kjallarahækkunar.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Albert Ólafsson

Hönnun Albert Ólafsson

Upphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur	Útlit	Einlyft
Klæðning	Bárujárn		Ris
Þakgerð	Mænisþak		Kjallari
Þakklæðning	Bárujárn		
Undirstöður	Steinsteyptar		

Helstu breytingar

1941	Kjallari dýpkaður Fyrirkomulagsbr.
1954	Nýr kjallari Íbúð í kjallara Útitröppur
1972	Inngönguskúr

Hönnuðir breytinga

Ludvig Guðmundsson
Guðmundur H. Þorláksson bygg.m
Geirharður Þorsteinsson arkitekt

Saga

Albert Ólafsson fékk leyfi fyrir þessu húsi, sem hann teiknaði sjálfur, í júlí 1932 og í desember sama ár var það fullbyggt. Þetta er einlyft hús með lágu risi og kjallara, byggt úr bindingi og klætt með járn á veggjum og þaki. Upphaflega stóð það á steinsteypum grunni en undir 1/4 hluta þess var kjallari. Árið 1939 fékkst leyfi til að bæta við glugga á bakhlíð hússins og öðrum norðurgafli og breyta herbergjaskipan innandyra. Þegar húsið var næst brunavirt, í febrúar 1941, var búið að breyta fyrirkomulagi innandyra og jafnframt dýpka kjallara hússins og leggja í hann steinsteypugólf. Árið 1954 var búið að hlaða nýjan kjallara úr sandsteini undir allt húsið og gera steypar tröppur við norðurgافل og inngang í kjallarann undir þeim. Í kjallaranum var innréttuð séríbúð. Einnig var búið að gera endurbætur á aðalhæðinni. Á árunum 1971-1972 var byggður inngönguskúr eða viðbygging við norðurgافل hússins, með inngangi og útitröppum á framhlíð og inngangi að kjallara á bakhlíð. Í dag (2009) stendur skúr í norðvesturhorni lóðarinnar, sem ekki er að finna byggingarleyfi fyrir. Samkvæmt Fasteignaskrá Íslands er um að ræða geymslu byggða 1962.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Einfalt timburhús.

Menningarsögulegt gildi: Timburhús byggt í úthverfi eftir að hömlur voru settar á byggingu timburhúsa í miðbænum 1915.

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð, utan kjallahækkunar.


Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Böðvar St. Bjarnason

Hönnun Böðvar St. Bjarnason

Upphafleg notkun

Íbúðarhús

**Upphafleg gerð**

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari

Helstu breytingar

1948	Hækkun þaks
	Kvistir
	Íbúð í risi
	Gluggabreyting
1962	Viðbygging
1985	Íbúð í risi sþ.
<2003	Nýr kjallari
	Sólskáli

Hönnuðir breytinga

Guðmundur H. Þorláksson	bygg.m
Guðmundur H. Þorláksson	bygg.m

Saga

Böðvar St. Bjarnason fékk leyfi fyrir húsinu, sem hann teiknaði sjálfur, í júlí 1932 og í desember sama ár var það fullbyggt. Þetta er einlyft hús, upphaflega mun lágreistara en nú og með geymslukjallara undir helmingi, byggt úr bindingi og klætt að utan með járn á veggjum og þaki. Árið 1943 var byggður bílskúr á lóðinni, eftir teikningu Guðmundar H. Þorlákssonar byggingarmeistara. Hann er byggður úr hlöðnum, steinlímduðum steini og stendur enn (2009) í norðvesturhorni lóðarinnar. Árið 1948 var búið að hækka húsið með porti og háu risi og innréttu séríbúð í risinu. Tveir kvistir voru um leið settir á risið, einn á hvora hlið, og þá var gluggalagi einnig breytt á öllum hliðum hússins. Árið 1952 var bílskúrin á lóðinni lengdur fram til austurs. Á árunum 1957-1962 var reist einlyft timburviðbygging með lágu risi og steypum kjallara við bakhlið hússins. Samkvæmt brunavirðingu frá 1962 var hún múrhúðuð að utan og innan og klædd með bárujárni á veggjum og þaki. Þar virðist hafa verið innréttuð séríbúð. Árið 1985 var samþykkt áður gerð íbúð í risi hússins. Árið 2003 fékkst leyfi fyrir áður gerðum breytingum á húsinu, þ.e. kjallara sem hafði verið gerður eða grafinn út undir aðalhúsinu og innréttuð og glerskála sem byggður hafði verið vestan við viðbygginguna.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Einfalt timburhús.

Menningarsögulegt gildi: Timburhús byggt í úthverfi eftir að hömlur voru settar á byggingu timburhúsa í miðbænum 1915.

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Hefur verið breytt nokkuð í útliti með þakhækkun, kvistum og gluggabreytingum.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Ellert Þórðarson

Hönnun Ágúst Pálsson
arkitektUpphafleg notkun
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund Steinsteypu
Klæðning
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Útitröppur

Helstu breytingar

1992 Útitröppum breytt

Hönnuðir breytinga

Guðmundur Karl tæknifr.
Guðjónsson

Saga

Ellert Þórðarson fékk leyfi fyrir húsi á lóðinni í júlí 1932. Í september 1932 voru samþykktar breyttar teikningar þar sem gert var ráð fyrir kjallara undir húsinu og útitröppum við norðurhlíð, auk fleiri glugga, en byggingafulltrúi hafði þá sett skilyrði um að undirstöður hússins yrðu hækkaðar í götuhæð. Húsið var fullbyggt í mars 1933. Þetta er einlyft hús með kjallara og lágu risi, byggt úr steinsteypu og með járnpaki. Það snýr gafli að götu. Ekki kemur fram í fyrstu brunavirðingu hvernig klæðning var á húsinu en það er í dag með málaðri múrhúð. Árið 1983 fékkst leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu og holsteini á lóðinni, eftir teikningu Hreggviðs Stefánssonar tæknifræðings. Hann stendur enn (2009) í suðvesturhorni lóðarinnar. Árið 1992 fékkst leyfi til að lengja stígapallinn við útitröppurnar á norðurhlíð og setja steyp handrið á tröppurnar.

Varðveislumat:**Byggingarstíll:** Einfalt steinsteypuhús.**Menningarsögulegt gildi:****Umhverfisgildi:** Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.**Upprunaleg gerð:** Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.**Varðveislugildi:** **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Sigurður Jóhannsson og
Axel Sveinsson

Hönnun Axel Sveinsson
verkfræðingur

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Kjallari
Undirstöður	Kvistir

Útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

? Gluggabreyting

Saga

Sigurður Jóhannsson pípulagningarmaður og Axel Sveinsson verkfræðingur byggðu þetta hús eftir teikningum þess síðarnefnda, en hann teiknaði einnig og byggði húsið nr. 79 við hliðina. Leyfi fékkst fyrir húsinu í nóvember 1932 og í júní 1933 var það fullbyggt. Þetta er einlyft hús með kjallara og háu risi, byggt úr bindingi og klætt að utan með járni. Húsið er í raun parhús, þ.e. í því eru tvær íbúðir, ein í hvorum helmingi, sem speglast um miðjuás. Tveir inngangar, einn fyrir hvora íbúð, eru hlið við hlið á framhlið hússins og upp að hvorum þeirra liggja steinsteyptar tröppur. Gluggar hússins eru í anda fúnkisstíls og voru upphaflega með tveimur til fjórum lóðréttum póstum, sem hafa nú verið fjarlægðir að hluta. Á húsinu hefur einnig frá upphafi verið kvistur á framhlið. Í honum voru upphaflega fimm lóðréttir póstar. Árið 1945 fékkst leyfi til að byggja geymsluskúr úr hlöðnum múrsteini í suðvesturhorni lóðarinnar, eftir teikningu Guttorms Andrésssonar arkitekts og Ólafs Guttormssonar. Árið 1976 fékkst leyfi til að byggja annan skúr, bílskúr úr mátsteini, í norðvesturhorni lóðarinnar, eftir teikningu Kristins Sveinbjörnssonar byggingafræðings. Þá var einnig búið að breyta eldri skúrnum á lóðinni í bílskúr. Þessir skúrar standa enn (2009) á lóðinni.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Timburhús með einkennum fúnkisstíls, parhús.

Menningarsögulegt gildi: Timburhús byggt í úthverfi eftir að hömlur voru settar á byggingu timburhúsa í miðbænum 1915.

Umhverfsgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð. Vel varðveitt dæmi um þessa húsagerð.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Sveinn Jóhannsson

Hönnun Axel Sveinsson
verkfræðingurUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Kvistir

Helstu breytingar

1946	Íbúð í risi
1979	Endurbætur
1982	Íbúð í risi sp.
?	Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

Saga

Axel Sveinsson verkfræðingur fékk leyfi fyrir þessu húsi í júlí 1932. Axel teiknaði húsið sjálfur, en hann teiknaði einnig og byggði húsið nr. 77 við hliðina. Í desember 1932 var húsið fullbyggt og var þá komið í eigu Sveins Jóhannssonar. Þetta er einlyft hús með háu risi og kvisti á framhlið og undir helmingi þess er kjallari. Það er byggt úr bindingi og klætt að utan með járn á veggjum og þaki. Gluggar hússins eru í anda fúnkisstíls og voru upphaflega með einum til fimm lóðréttum póstum, sem hafa nú verið fjarlægðir að hluta. Á húsinu hefur einnig frá upphafi verið kvistur á framhlið. Í honum eru enn fjórir lóðréttir póstar eins og var upphaflega. Árið 1943 fékkst leyfi til að byggja bílskúr á lóðinni, eftir teikningu Þóris Baldvínssonar arkitekts og árið 1945 fékkst einnig leyfi fyrir geymsluskúr eftir sama. Þessir skúrar voru brunavirtir árið 1947. Þeir voru báðir hlaðnir úr vikursteini og stóðu sambyggðir í norðvesturhorni lóðarinnar. Seinna virðist geymsluskúrinn hafa verið stækkaður lítillega. Skúrar þessir stóðu enn árið 1982 en árið 2002 virðist hafa verið búið að fjarlægja þá. Árið 1979 hafði húsið verið endurnýjað innandyra og tvöfalt gler sett í glugga. Árið 1982 fékkst leyfi fyrir áður gerðri íbúð í risi hússins, en þar mun hafa verið séríbúð frá árinu 1946.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Timburhús með einkennum fúnkisstíls.


Menningarsögulegt gildi: Timburhús byggt í úthverfi eftir að hömlur voru settar á byggingu timburhúsa í miðbænum 1915.

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð. Vel varðveitt dæmi um þessa húsagerð.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Jón Bjarnason

Hönnun Arinbjörn Þorkelsson
húsmíðameistariUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Hraunað
Þakgerð	Skápak(skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Kjallari
Útskot

Helstu breytingar

1937	Hækkun
	Svalir
1977	Fyrirkomulagsbr. kj.
?	Gluggabreyting

Hönnuðir breytinga

Sigmundur Halldórsson	arkitekt
Jón Róbert Karlsson	bygg.fr.

Saga

Sveinn Ó. Guðmundsson fékk leyfi fyrir þessu húsi í maí 1933 og í nóvember sama ár var það fullbyggt. Þá var það komið í eigu Jóns Bjarnasonar. Þetta var upphaflega einlyft hús með skápaki og kjallara, byggt úr steinsteypu, múrhraunað að utan og með járnþaki. Einlyft viðbygging hefur frá upphafi verið við bakhlið hússins, byggð úr steinsteypu og með sléttu þaki. Ofan á henni eru svalir með steinsteypu handriði. Árið 1937 var búið að hækka húsið um eina hæð og ris úr samskonar efni og með sama frágangi og eldri hluti hússins. Þá var sett á það valmaþak og svalir á bakhlið nýju hæðarinnar. Þar var innréttuð séríbúð. Árið 1942 var einnig búið að byggja múrhúðaðan bílskúr úr steinsteypu á lóðinni, eftir teikningu Sigmundar Halldórssonar arkitekts, sem samþykkt hafði verið um leið og hækkun hússins. Árið 1977 var samþykkt breyting á innréttingu í kjallara hússins, en þar hefur frá upphafi verið séríbúð. Gluggum hússins hefur verið breytt á þann hátt að lóðréttir póstar hafa verið fjarlægðir og opnanlegum fögum komið fyrir.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Steinsteypuhús í fúnkisstíl.

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Hefur verið hækkað, en í samræmi við upprunalega gerð.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).


Fyrsti eigandi Alexander Guðjónsson

Hönnun

Einar Sveinsson og Sigmundur Upphafleg notkun

Halldórsson

Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Geiraris
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari

Helstu breytingar

1951	Hækkun
	Kvistir
	Íbúð í risi
1980	Íbúð í kjallara sp.
1981	Endurbætur
1995	Fyrirkomulagsbr. kj.

Hönnuðir breytinga

Haflíði Jóhannsson	húsasm
Leifur Gíslason	bygg.fr.

Saga

Alexander Guðjónsson fékk leyfi fyrir þessu húsi í apríl 1934 og í nóvember sama ár var það fullbyggt. Þetta var upphaflega lægra hús en nú, einlyft með steinsteiptum kjallara og lágu geirarisi, byggt úr bindingi og klætt að utan með járn á veggjum og þaki. Gluggar hússins og upphafleg þakgerð eru í fúnkisstíl, meðal annars horngluggar með lóðréttum póstum sem hafa frá upphafi verið á öllum hornum nema norðvesturhorni. Á árunum 1949-1951 var húsið hækkað og byggt á það port og nýtt ris með mænispaki og tveimur stórum kvistum, einum á hvorri hlið. Í risinu var innréttuð séríbúð. Árið 1980 var samþykkt áður gerð íbúð í kjallara hússins, en þar hafði frá upphafi verið séríbúð. Árið 1981 var búið að endurbæta húsið að innanverðu. Árið 1995 fékkst leyfi til að koma fyrir geymslu í kjallara fyrir íbúð á aðalhæð hússins. Árið 2006 fékkst samþykki fyrir áður gerðum léttbyggðum bílskúr í norðvesturhorni lóðarinnar. Ekki er ljóst hvenær þessi skúr var byggður, en á teikningum af húsinu er fyrst sýndur skúr á þessum stað árið 1980. Þessi skúr stendur enn (2009) í norðvesturhorni lóðarinnar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Timburhús með einkennum fúnkisstíls.


Menningarsögulegt gildi: Timburhús byggt í úthverfi eftir að hömlur voru settar á byggingu timburhúsa í miðbænum 1915.

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Hefur verið breytt nokkuð í útliti með þakhækkun og kvistum.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Úlfar Bergsson

Hönnun Arinbjörn Þorkelsson
húsasmíðameistariUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Timbur, bindingur
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Útitröppur

Helstu breytingar

1957	Nýbygging
	Hækkun kj. eldra húss
	Gluggabreyting
1961	Íbúð í risi nýbygg.
	Íbúð í kjallara nýbygg.
1987	Íbúð í kjallara sp.
2000	Íbúð í kjallara nýb. sp.

Hönnuðir breytinga

Gísli Halldórsson arkitekt

Saga

Úlfar Bergsson fékk leyfi fyrir húsinu í mars 1933 og í október sama ár var það fullbyggt. Þetta er einlyft hús með risi og steinsteyptum kjallara sem upphaflega var lægri en nú, byggt úr bindingi og klætt að utan með járn á veggjum og þaki. Á árunum 1953-1957 var byggð viðbygging við norðurgafli hússins, sem í raun var nýtt hús með sérstakri íbúð. Það var orðið fókheld árið 1954 og mun hafa verið tekið í notkun 1955, en var þó ekki brunavirt fyrr en 1957. Það er einlyft hús með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu, slétt húðað að utan og með járnklæddu þaki og kvisti. Það snýr gafla að götu. Eldra húsið stóð áfram óbreytt utan þess að kjallari þess var hækkaður og gluggar á honum stækkaðir, auk þess sem bætt var við láréttum pósti í alla glugga, en þeir voru áður með tveimur til þremur lóðréttum póstum. Árið 1961 var búið að innrétta séríbúð í risi nýja hússins og koma fyrir eldhúsi í kjallara. Árið 1987 var samþykkt áður gerð íbúð í kjallara eldra hússins. Árið 2000 var samþykkt áður gerð íbúð í kjallara yngra hússins. Árið 2003 var samþykkt stækkun lóðarinnar og tveir áður gerðir geymsluskúrar á lóðinni. Jafnframt var þá gerð grein fyrir áður gerðri stækkun kjallaraíbúðar í suðurenda hússins, þ.e. lítilli skúrviðbyggingu við bakhlið eldra hússins. Ekki er ljóst hvenær skúrar þessar voru byggðir, en þeir hafa verið byggðir án leyfis. Þá er ekki að sjá á eldri teikningum af húsinu og lóðinni. Annar þeirra er með skápaki og stendur í suðvesturhorni lóðarinnar en hinn er minni og með mænisþaki og stendur í norðvesturhorni lóðarinnar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Einfalt timburhús með steinsteyptri viðbyggingu.

Menningarsögulegt gildi: Timburhús byggt í úthverfi eftir að hömlur voru settar á byggingu timburhúsa í miðbænum 1915.

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð, utan steinsteyptar viðbyggingar.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Guðmundur Jónsson
lögregluþjónn

Hönnun Hafliði Jóhannsson
húsasmíðameistari

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Hlaðið úr holsteini
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Geiraris
Þakklæðning Pappi
Undirstöður Steinsteypur

Útlit

Einlyft
Kjallari
Ris
Útitröppur

Helstu breytingar

1992 Ný klæðning
? Ný klæðning á þaki

Hönnuðir breytinga

Haukur Viktorsson arkitekt

Saga

Þetta hús var áður skráð nr. 9a við Sundlaugaveg. Í maí 1944 fékk Guðmundur Jónsson leyfi til að byggja húsið og í apríl 1945 var það fullbyggt. Þetta er einlyft hús með steinsteypum kjallara og risi, hlaðið úr holsteini og upphaflega slétthúðað að utan og klætt með pappa á þaki. Árið 1958 fékkst leyfi til að byggja bílskúr á lóðinni, eftir teikningu Hafliða Jóhannssonar trésmiðs. Skúrinn var ekki brunavirtur fyrr en árið 1967 og er þá sagður hlaðinn úr holsteini á steypum grunni, slétthúðaður og málaður að utan. Hann stendur enn (2009) í norðvesturhorni lóðarinnar. Árið 1992 fékkst leyfi til að klæða húsið allt að utan með marmoroc-steinum (steypum einingum úr marmarasalla, sementi og litarefnum). Húsið mun þá hafa verið illa farið, en það er þá sagt byggt úr steinsteypum steinum. Þak hússins er nú klætt með bárujárn.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Hús í fúnkisstíl, hlaðið úr holsteini.

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð, utan nýrrar klæðningar.

Varðveislugildi: **Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Fyrsti eigandi Þorvaldur Helgason

Hönnun Hafliði Jóhannsson
húsasmíðameistariUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Skeljasandur
Þakgerð Geiraris
Þakklæðning Bárujárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Kjallari
Ris
Útitröppur

Helstu breytingar

1974 Íbúð í kjallara

Hönnuðir breytinga

Hafliði Jóhannsson húsasm

Saga

Þetta hús var áður skráð nr. 9b við Sundlaugaveg. Þorvaldur Helgason fékk leyfi fyrir húsinu í apríl 1944 og í október 1945 var það fullbyggt. Þetta er einlyft hús með kjallara og risi, byggt úr steinsteypu, múrhúðað að utan með skeljasandi og með bárujárnsklæddu þaki. Árið 1947 fékkst leyfi til að byggja bílskúr úr holsteini á lóðinni, eftir teikningu Þórs Sandholt arkitekts. Byggingu hans var lokið árið 1950, en hann var ekki brunavirtur fyrr en 1981 og er þá sagður steinsteypur. Þessi skúr stendur enn (2009) í norðvesturhorni lóðarinnar. Árið 1974 fékkst leyfi til að innrétta íbúð í kjallara hússins. Í dag er ein íbúð á aðalhæð hússins og önnur í kjallara.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Steinsteypuhús í fúnkisstíl.

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisstærð: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Byggingarfélag
starfsmanna Landsbanka

Hönnun Halldór Halldórsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning
Þakgerð Skápak(skúrþak)
Þakklæðning
Undirstöður

Útlit

Tvílyft
Kjallari
Svalir
Útitröppur

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Um er að ræða raðhús eða sjö sambyggð hús sem byggð voru á lóðinni nr. 2-14 við Otrateig á árunum 1958-1962. Byggingarfélag starfsmanna Landsbankans fékk leyfi fyrir öllum húsunum í einu í maí 1958. Um leið var veitt leyfi fyrir fimm bílskúrum úr steini á lóðinni. Húsin voru brunavirt hvert fyrir sig á árunum 1959-1962, fyrst húsið nr. 6 og síðast húsið nr. 14. Þetta eru tvílyft hús með kjallara, byggð úr steinsteypu, múrhúðuð að utan og með bárujárnsklæddu skápaki Upphaflega var einungis ein íbúð í hverju húsi, nema í húsunum nr. 4 og 14, þar sem voru séríbúðir í kjallara. Í dag (2009) eru hins vegar tvær íbúðir í hverju húsi, ein á aðalhæðunum og önnur í kjallara, nema í húsunum nr. 8 og 10, en í hvoru þeirra er ein íbúð. Árið 1967 var einungis búið að byggja einn bílskúr á lóðinni samkvæmt upphaflegum teikningum Halldórs Halldórssonar og tilheyrði hann húsinu nr. 2. Árið 1971 fékkst aftur leyfi fyrir bílskúrum á lóðinni, nú eftir teikningu Kjartans Sveinssonar tæknifræðings og voru þá byggðir sex bílskúra til viðbótar þeim eina sem þegar var byggður. Þeir voru ekki brunavirtir fyrr en í apríl 1981. Skúramir eru byggðir úr holsteini og standa í sambyggðri röð meðfram götu vestan við húsaröðina. Árið 1993 fékkst leyfi til að setja þrjá glugga og hurð á norðurhlíð bílskúrsins tilheyrandi húsinu nr. 2.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:

Raðhús af þeirri gerð sem algeng varð í skipulagi Reykjavíkur á 6. áratugi 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi:

Endurspeglar nýmæli sem komu fram í skipulagi á 6. áratugnum, svo sem aðkomu um göngustíg.

Umhverfisgildi:

Hluti af heildstæðu hverfi raðhúsa sem skipulagt var á 6. áratugi 20. aldar.

Upprunaleg gerð:

Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi:

Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í milligulum flokki: Svæði sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík, 1998*).

Fyrsti eigandi Ýmsir

Hönnun Hafliði Jóhannsson
húsasmíðameistariUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund Steinsteypu
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Skáþak(skúrþak)
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Tvíflyft
 Kvistir
 Svalir
 Útitröppur

Helstu breytingar

1995 Fyrirkomulagsbr.
 nr. 16

Hönnuðir breytinga

Albína Thordarson arkitekt

Saga

Um er að ræða raðhús eða sjö sambyggð hús sem byggð voru á lóðinni nr. 16-28 við Otrateig á árunum 1958-1963. Byggingarleyfi fyrir hverju og einu húsi voru veitt á árunum 1958-1963. Árið 1958 fékkst jafnframt leyfi fyrir bílskúrum á lóðinni. Húsin voru svo brunavirt hvert fyrir sig á árunum 1960-1963 eftir því sem byggingu þeirra lauk, fyrst húsið nr. 22 og síðast húsið nr. 18. Um er að ræða tvíflyft hús byggð úr steinsteypu, múrhúðuð að utan, með bárújárnsklæddu skáþaki og litlum gluggakvistum á framhlið. Niðurgrafinn hitaklefi er við inngang hvers húss. Í hverju þeirra er ein íbúð og hefur verið svo frá upphafi. Bílskúrar fyrir fjögur húsanna voru fullgerðir að mestu árið 1964, en þeir voru ekki brunavirtir fyrr en árið 1981. Þrír þeirra eru byggðir úr holsteini og einn (nr. 20) úr mátsteini. Í dag (2009) standa sjö bílskúrar í sambyggðri röð meðfram götu vestan við húsaröðina. Árið 1995 fékkst leyfi til að breyta hitaklefa hússins nr. 16 í þvottahús og setja hurð á milli þvottahússins og bílskúrs hússins.

Varðveislumat:

Byggingarstíll:

Raðhús af þeirri gerð sem algeng varð í skipulagi Reykjavíkur á 6. áratugi 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi:

Endurspeglar nýmæli sem komu fram í skipulagi á 6. áratugnum, svo sem aðkomu um göngustíg.

Umhverfisgildi:

Hluti af heildstæðu hverfi raðhúsa sem skipulagt var á 6. áratugi 20. aldar.

Upprunaleg gerð:

Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi:

Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í milligulum flokki: Svæði sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík, 1998*).

Fyrsti eigandi Ýmsir

Hönnun Kjartan Sveinsson
tæknifræðingurUpphafleg notkun
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Skápak(skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Tvílyft
Kjallari
Svalir
Útitröppur

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Um er að ræða raðhús eða sjö sambyggð hús sem byggð voru á lóðinni nr. 30-42 við Otrateig á árunum 1957-1962. Leyfi fékkst fyrir öllum húsunum í einu í desember 1957. Um leið var veitt leyfi fyrir bílskúrum á lóðinni, en þeir voru ekki byggðir að sinni. Húsin voru brunavirt hvert fyrir sig á árunum 1960-1962, fyrst húsið nr. 34 og síðast húsið nr. 30. Þetta eru tvílyft hús með kjallara, slétt húðuð og máluð að utan, byggð úr steinsteypu og með bárujárnsklæddu skápaki. Í hverju húsi er í dag (2009) ein íbúð og hefur verið svo frá upphafi, nema í húsinu nr. 34 þar sem var upphaflega séríbúð í kjallara. Árið 1972 var endurnýjað leyfi til að byggja bílskúra á lóðinni eftir teikningu Kjartans Sveinssonar. Þeir munu hafa verið fullbyggðir að mestu 1974, en voru ekki brunavirtir fyrr en í apríl 1981. Þeir eru byggðir úr steinsteypu og standa í sambyggðri röð meðfram götu vestan við húsaröðina.

Varðveislumat:**Byggingarstíll:**

Raðhús af þeirri gerð sem algeng varð í skipulagi Reykjavíkur á 6. áratugi 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi:

Endurspeglar nýmæli sem komu fram í skipulagi á 6. áratugnum, svo sem aðkomu um göngustíg.

Umhverfisgildi:

Hluti af heildstæðu hverfi raðhúsa sem skipulagt var á 6. áratugi 20. aldar.

Upprunaleg gerð:

Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi:

Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í milligulum flokki: Svæði sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík, 1998*).

Fyrsti eigandi Ýmsir

Hönnun Þorvaldur Kristmundsson og
Sveinn ÞorvaldssonUpphafleg notkun
Íbúðarhús**Upphafleg gerð**

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Skápak(skúrþak)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Tvílyft
Kjallari
Svalir
Útitröppur

Helstu breytingar**Hönnuðir breytinga****Saga**

Um er að ræða raðhús eða sjö sambyggð hús sem byggð voru á lóðinni nr. 44-56 við Otrateig á árunum 1957-1962. Leyfi fékkst fyrir öllum húsunum í einu í desember 1957. Um leið var veitt leyfi fyrir bílskúrum úr steini á lóðinni. Húsin voru brunavirt hvert fyrir sig á árunum 1959-1962, fyrst húsið nr. 46 og síðast húsið nr. 56. Þetta eru tvílyft hús með kjallara, byggð úr steinsteypu, slétthúðuð, máluð að utan og með járnklæddu skápaki. Upphaflega voru tvær íbúðir í öllum húsunum, ein á aðalhæðunum og önnur í kjallara, nema í húsum nr. 46 og 50, þar sem var einungis ein íbúð. Í dag (2009) eru tvær íbúðir í hverju húsi nema í húsinu nr. 54, þar sem er ein íbúð. Bílskúrar voru brunavirtir á lóðinni árið 1970. Þeir eru byggðir úr steinsteypu og standa í sambyggðri röð meðfram götu vestan við húsaröðina.

Varðveislumat:**Byggingarstíll:**

Raðhús af þeirri gerð sem algeng varð í skipulagi Reykjavíkur á 6. áratugi 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi:

Endurspeglar nýmæli sem komu fram í skipulagi á 6. áratugnum, svo sem aðkomu um göngustíg.

Umhverfisgildi:

Hluti af heildstæðu hverfi raðhúsa sem skipulagt var á 6. áratugi 20. aldar.


Upprunaleg gerð:

Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi:

Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í milligulum flokki: Svæði sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík, 1998*).

Fyrsti eigandi Dýrfinna Gunnarsdóttir

Hönnun Guttormur Andrjesson
arkitektUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Skeljasandur
Þakgerð Geiraris
Þakklæðning Asbest
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Rís
Kjallari
Úttröppur

Helstu breytingar

1999 Íbúð í kjallara sp.

Hönnuðir breytinga

Saga

Dýrfinna Gunnarsdóttir fékk leyfi fyrir þessu húsi í júlí 1942 og í október 1943 var það fullbyggt. Dýrfinna var áður eigandi hússins Hörpugötu 26, sem var flutt að Hrístateigi 22 árið 1943. Þetta er einlyft hús með kjallara og risi, byggt úr steinsteypu og múrhúðað að utan með skeljasandi. Upphaflega var þak þess klætt með báruasbesti. Árið 1999 var samþykkt áður gerð íbúð í kjallara hússins, en þar hefur frá upphafi verið séríbúð. Þá var búið að byggja lítinn geymsluskúr á lóðinni norðan við húsið, en ekki er að finna byggingarleyfi fyrir honum. Hann stendur enn (2009) á lóðinni, en er ekki skráður í Fasteignaskrá Íslands.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Steinsteypuhús í fúnkisstíl.

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Guðmundur Runólfsson

Hönnun

Guðmundur H. Þorláksson
byggingarmeistari

Upphafleg notkun

Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypu
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Kvistir
Úttröppur

Helstu breytingar

1961	Viðbygging
	Kvistir
	Íbúð í risi
	Íbúð í kjallara
?	Ný klæðning á þaki
?	Þakköntum breytt

Hönnuðir breytinga

Kjartan Sveinsson tæknifr.

Saga

Guðmundur Runólfsson fékk leyfi fyrir húsinu í febrúar 1944. Samkvæmt dagbók byggingarfulltrúa var þak hússins tekið út sama ár, en ekki er til brunavirðing fyrir húsið frá þessum tíma svo að ekki er fullljóst hvenær byggingu þess var lokið. Í Fasteignaskrá Íslands er byggingarár þess skráð 1946. Þetta er einlyft hús með risi og kjallara, byggt úr steinsteypu. Það stendur á horni Sundlaugavegar og Otrateigs og snýr framhlið að Sundlaugavegi. Samkvæmt teikningum hafa frá upphafi verið á því steiptir þakkantar og kvistur á framhlið. Árið 1961 fékkst leyfi til að stækka húsið, innrétta ris þess og setja kvisti á þak þess. Einnig var veitt leyfi til að byggja bílskúr á lóðinni. Samkvæmt teikningum Kjartans Sveinssonar tæknifræðings fólust breytingarnar í því að bílskúr var byggður við norðurhlið hússins og ofan á honum komið fyrir verönd og anddyrisbyggingu sem gengið er upp að um steinsteypu tröppur við vesturgafli. Einnig voru byggðir tveir nýir kvistir á bakhlið hússins og innréttað séríbúð í risinu. Í ágúst 1961 var húsið brunavirt í fyrsta skipti og þá sagt einlyft með kjallara, risi og þremur kvistum, byggt úr steinsteypu, slétt húðað og málað að utan og með bárujárnslæddu þaki. Í því voru þá eins og nú (2009) þrjár íbúðir, ein á aðalhæð, ein í risi og ein í kjallara. Einnig var þá virtur bílskúrinn á lóðinni, en hann er byggður úr steinsteypu, með steypu þaki. Sett hefur verið klæðning utan á steipta þakkanta hússins og ný klæðning á þak.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Einfalt steinsteypuhús.

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi: Hluti af fjölbreytilegri byggð stakstæðra húsa sem flest eru einlyft eða tvílyft.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í ljósgulum flokki: Bygðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Ýmsir

Hönnun Haukur Viktorsson
arkitektUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypu
Klæðning	Ómúrað
Þakgerð	Skáþak(skúrþak)
Þakklæðning	Ál
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari
Svalir

Helstu breytingar

1992	Sóluskáli v/nr. 29
1997	Sóluskáli v/nr. 31-35
2005	Reykrör

Hönnuðir breytinga

Haukur Viktorsson	arkitekt
Haukur Viktorsson	arkitekt
Haukur Viktorsson	arkitekt

Saga

Um er að ræða raðhús eða fjögur sambyggð hús sem byggð voru á lóðinni nr. 29-35 við Sundlaugaveg á árið 1978. Lóðin var áður hluti af lóð hússins Bjargs við Sundlaugaveg, sem var skráð sem Kirkjumýrablettur nr. 12 og síðar sem Sundlaugavegur 29-37, en árið 1993 var lóðinni skipt í tvær lóðir, lóð raðhúsanna nr. 29-35 og lóð Bjargs nr. 37. Á þeirri lóð sem tilheyrir nú raðhúsunum stóðu áður útihús sem tilheyrðu Bjargi. Leyfi var veitt fyrir öllum húsunum í nóvember 1977 og í ágúst 1978 virðast þau hafa verið fullbyggð að mestu. Þetta eru einlyft hús með rishæð undir skáþaki, byggð úr steinsteypu, óhúðuð að utan og með álklaðningu á þaki. Undir hluta húsanna eða norðurhelmingi hvers húss er geymslukjallari. Á árunum 1979-1982 voru byggðir fjórir bílskúrar á lóðinni, einn fyrir hvert hús og standa þeir í sambyggðri röð vestan við raðhúsin. Árið 1992 var byggður glerskáli úr timbri og gleri yfir svalir hússins nr. 29. Árið 1997 fékkst leyfi til að byggja yfir svalir húsanna nr. 31-35 í samræmi við húsið nr. 29, en það hefur ekki verið framkvæmt. Einnig fékkst leyfi fyrir áður gerðum gróðurhúsum við hús nr. 29 og 35, sem byggð voru eftir teikningum Hauks Viktorssonar arkitekts. Árið 2005 fékkst leyfi til að setja upp tilbúinn arin og reykrör í öll raðhúsin.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Raðhús, húsagerð frá 8. áratugi 20. aldar. Ber sterk höfundareinkenni.

Menningsögulegt gildi: Endurspeglar nýmæli sem komu fram í skipulagi á 6. áratugnum, svo sem aðkomu um göngustíg.

Umhverfisgildi: Hús sem hefur verið lagað er að eldra skipulagi með virðingu fyrir forsendum þess og heildarmynd.

Upprunaleg gerð: Óbreytt að mestu frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem húsið stendur á njóti verndar í milligulum flokki: Svæði sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).

Fyrsti eigandi Erlingur Pálsson
yfirlögregluþjónn

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Ris
Kjallari

Helstu breytingar

1928	Inngönguskúr
1950	Viðbygging
	Hækkun þaks
	Kvistir
1978	Íbúð í kjallara sþ.
	Íbúð í kjallara sþ.
1984	Útitröppur
1995	Útlitsbreyting
?	Ný klæðning á þaki

Hönnuðir breytinga

Björn Rögnvaldsson	forsmið
Sigmundur Halldórsson	arkitekt
Guðfinna Thordarson	arkitekt
Guðfinna Thordarson	arkitekt
Kristinn Ragnarsson	arkitekt

Saga

Hús þetta, Bjarg, var byggt á árunum 1917-1921 af feðgunum Páli Erlingssyni sundkennara og Erlingi Pálssyni yfirlögregluþjóni, á erfðafestulandi þeirra við sundlaugarnar (Kirkjumýrarbletti 12). Upphaflega var þetta um helmingi minna hús en nú, einlyft með kjallara og lágu risi, byggt úr steinsteypu og með inngönguskúr úr bindingi við bakhlið. Þessi elsti hluti myndar vesturluta núverandi húss. Árið 1924 var Erlingur búinn að byggja tvö útihús úr bindingi á lóðinni, heyllöðu og lítið fjós. Árið 1927 reisti hann þriðja útihúsið á lóðinni, steinsteypt hús með risi og kjallara sem í var fjós með básum fyrir 11 nautgripi og heyhús. Útihúsin stóðu í sambyggðri röð norðan við íbúðarhúsið, þar sem nú er lóð raðhúsanna nr. 29-35 við Sundlaugaveg. Árið 1928 var búið að byggja nýjan steinsteyptan inngönguskúr við bakhlið hússins, ásamt einlyftri geymslubyggingu með svölum á þaki, sem standa enn (2009). Árið 1934 byggði Erlingur þvottahús úr timbri á lóðinni austanverðri. Árið 1950 var búið að lengja íbúðarhúsið um rúmlega helming með viðbyggingu til austurs, einlyftri með kjallara, risi og útskoti á framhlið. Um leið var sett nýtt, hátt ris á það með valmaþaki og tveimur kvistum, einum á framhlið og öðrum á austurhlíð. Einnig var inngönguskúrinn við bakhlið stækkaður lítið eitt. Árið 1958 var búið að byggja steinsteyptan bílskúr á lóðinni bak við húsið, en hann hefur verið fjarlægður. Árið 1978 var samþykkt að húsið Bjarg skyldi teljast nr. 37 við Sundlaugaveg. Árið 1978 fékkst leyfi til að breyta kjallara hússins í tvær íbúðir. Árið 1984 voru reistar steinsteyptar tröppur við bakhlið eldri hluta hússins og tvöfaldur bílskúr austan við húsið. Ofan á bílskúrnum hefur nú (2009) verið komið fyrir þaksvölum með skjólvegg. Árið 1995 fékkst leyfi til að koma fyrir þakrennum meðfram steypum þakkanti. Umhverfis húsið Bjarg er enn í dag stór garður með miklum gróðri.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Einfalt steinsteypuhús.

Menningsögulegt gildi: Elsta hús á svæðinu í dag, hið eina sem stendur þar eftir af gömlum býlum sem byggð voru á erfðafestulandi.

Umhverfisgildi: Húsið og umhverfi þess eru vitnisburður um byggð fyrir tíma skipulags og umhverfi gömlu sundlauganna við Laugalæk.

Upprunaleg gerð: Mikið breytt frá upprunalegri gerð, hefur verið stækkað og þak hækkað.

Varðveislugildi: **Lagt er til að húsið njóti verndar í ljósgulum flokki: Byggðamynstur sem lagt er til að vernda, sbr. Húsverndarskrá Reykjavíkur (sjá þemaheftið *Húsvernd í Reykjavík*, 1998).**

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir:

Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn (MsR – Ábs.):

Byggðar lóðir í Reykjavík.
Húsaskrá Reykjavíkur.
Kortasafn.

Borgarskjalasafn (BsR):

Aðf. 723–724. Brunatrygging húsa 1874–1895.
Aðf. 734–748. Brunabótavirðingar.
Aðf. 751–757. Brunatrygging húsa 1896–1943.
Aðf. 3374. Götunöfn og húsanúmer 1914–1960.
Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Hrisateig, Laugalæk, Laugarnesveg, Otrateig og Sundlaugaveg.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík (Byggf. Rvk.):

Dagbækur.
Innlagðar teikningar.

Prentaðar heimildir:

Abrecht, Birgit: *Arkitektúr á Íslandi – leiðarvísir*. Reykjavík 2000.

Alþýðublaðið, 25. maí 1949, 22. júní 1968.

Arkitektatal. Ritstjóri: Haraldur Helgason. Reykjavík 1997.

Árni Óla: „Nafngiftir gatna í Reykjavík“. *Reykjavík fyrri tíma. Sögukaflar*. Annað bindi. Reykjavík 1985, bls. 270-281.

Borgarhluti verður til. Byggingarlist og skipulag í Reykjavík eftirstriðsáranna. Sýningarskrá samnefndrar sýningar. Listasafn Reykjavíkur – byggingarlistardeild, Árbæjarsafn, Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Sýningarstjórn, rannsóknir og textagerð: Pétur H. Ármannsson. Reykjavík 1999.

Eggert Þór Bernharðsson: *Saga Reykjavíkur. Borgin 1940 – 1990*. Fyrri hluti. Reykjavík 1998.

Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur. Sýningarskrá samnefndrar sýningar. Listasafn Reykjavíkur – byggingarlistardeild, Borgarverkfræðingur – byggingadeild. Sýningarstjórn, rannsóknir og textagerð: Pétur H. Ármannsson. Reykjavík 1995.

Finnur Kristinsson. *Drög að skipulagssögu Reykjavíkur*. Borgarskipulag Reykjavíkur. Reykjavík 1995 (óútgefið handrit).

Guðjón Friðriksson: *Indæla Reykjavík. 6 gönguleiðir um Þingholt og sunnanvert Skólavörðuholt*. Reykjavík 1995.

Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar. 1870–1940*. Fyrri og síðari hluti. Reykjavík 1991 og 1994.

Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi M. Sigurðsson, Hrefna Róbertsdóttir: *Borgarhluti 2. Fyrsta greinagerð frá Árbæjarsafni*. Reykjavík 1990.

Hulda H. Pétursdóttir: *Gullkista þvottakvenna. Heimildasafn og endurminningar Huldu H. Pétursdóttur um Þvottalaugarnar í Laugardal*. Ritroð: Rit Árbæjarsafns. Ritstjóri: Unnur Karlsdóttir. Reykjavík 1997.

Húsvernd í Reykjavík. Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar. Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016*. Ritstjóri: Nikulás Úlfar Másson. Reykjavík 1998.

Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940*. Reykjavík 1998.

Jóhanna Ingvarðóttir: „Óvissa einkennir sögu flugvallarins“. *Morgunblaðið*, 13. febrúar 2001, bls. 27-29.

Knud Zimsen: *Úr bæ í borg. Nokkrar endurminningar Knud Zimsens fyrrverandi borgarstjóra um þróun Reykjavíkur*. Lúðvík Kristjánsson færði í letur. Reykjavík 1952.

Leiðsögn um íslenska byggingarlist. Ritstjórn: Dennis Jóhannesson, Albína Thordarson, Málfríður Kristjánsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir. Reykjavík 2000.

Manfred Vilhjálmsson arkitekt. Ritstjórn: Halldóra Arnardóttir og Pétur H. Ármannsson. Textar um byggingar og verkaskrá: Pétur H. Ármannsson. Reykjavík 2009.

Morgunblaðið, 22. maí 1920, 13. júlí 1941, 25. maí 1949, 4. mars 1954, bls. 2, 5. febrúar 1956, 16. maí 1957, 27. nóvember 1959, 13. febrúar 2001.

Nikulás Úlfar Másson: „Ágrip byggðarþróunar í Reykjavík“. *Leiðsögn um íslenska byggingarlist*. Ritstjórn: Dennis Jóhannesson, Albína Thordarson, Málfríður Kristjánsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir. Reykjavík 2000, bls. 16-23.

Nikulás Úlfar Másson: *Byggingasaga – Teigahverfi*. Skýrslur Árbæjarsafns LXVI. Reykjavík 1998.

Nýja dagblaðið, 23. nóvember 1933 og 29. apríl 1937.

Páll Línal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 2. bindi H-P og 3. bindi R-Ö. Reykjavík 1987 og 1991.

Sigurður A. Magnússon: *Undir Kalstjörnu. Uppvaxtarsaga*. Reykjavík 1987.

Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna. Lög, reglugerðir og samþykktir. Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu 1750-1970. Ritroð Húsafriðunarnefndar ríkisins: Viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa. Reykjavík 2000.

Tíminn, 25. júlí 1941, 27. nóvember 1959.

Trausti Valsson: *Skipulag byggðar á Íslandi frá landnámi til liðandi stundar*. Reykjavík 2002.

Vísir, 20. janúar 1958, 22. júní 1968.

Þjóðviljinn, 4. ágúst 1949, 7. ágúst 1949, 21. nóvember 1959.

Þorgrímur Gestsson: „Laugarneshverfi verður til“, *Ný saga. Tímarit sögufélags*. 9. árg. 1997, bls. 16-21.

Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund. Býlið, byggðin og borgin*. Reykjavík 1998.

Vefsíður:

Borgarvefsjá, <http://borgarvefsja.is/bvs.html> (nóv. 2009).

Fasteignaskrá Íslands, <http://www3.fmr.is/Fasteignaskra> (nóv. 2009).

Tímarit.is: <http://timarit.is/>.

Myndaskrá

Þær myndir þar sem ekki er getið um annað tók Drífa Kristín Þrastardóttir á vettvangi í september 2009.

Forsíða. Loftmynd, séð yfir Laugarnesið og byggðina í Laugarneshverfi norðan Sundlaugavegar um 1960-1965. Ljós. Sveinn Þormóðsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, SVÞ 001 131 1-2.

Bls. 5. Kort af svæðinu úr Borgarvefsjá, <http://borgarvefsja.is/bvs.html> (nóv. 2009).

Bls. 6. Loftmynd af svæðinu úr Borgarvefsjá, <http://borgarvefsja.is/bvs.html> (nóv. 2009).

Bls. 7. Tvö af elstu húsunum við Laugarnesveg, *Kirkjubær* (nr. 58) og *Hvammur* (nr. 54). Mynd t.v.: Ljós. Kristján Þorgrímsson. Eig. Árnbjörg Árnadóttir. Mynd t.h.: Ljós. Gunnar Th. Svanberg. Hér teknar eftir: Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 315.

Bls. 8. Timburhúsin Laugarnesvegur 61 og Laugarnesvegur 77. Ljósmyndir teknar af skýrsluhöfundu í september 2009.

Bls. 9. Teikningar af húsi sem flutt var af Hörpugötu 26 á Hrístateig 22 árið 1943. Byggingarfulltrúinn í Reykjavík: Innlagðar teikningar, Hörpugata 26 og Hrístateigur 22.

Bls. 10. Teikning Halldórs Halldórssonar arkitekts að raðhúsinu við Otrateig 2–14. Byggingarfulltrúinn í Reykjavík: Innlagðar teikningar, Otrateigur 2-14.

Bls. 10. Teikning Manfreðs Vilhjálmssonar arkitekts að raðhúsinu við Laugalæk 36–48. Byggingarfulltrúinn í Reykjavík: Innlagðar teikningar, Laugalækur 36-48.

- Bls. 11. Teikningar af húsi sem flutt var af Þorragötu 8 á Hrístateig 27 árið 1943. Byggingarfulltrúinn í Reykjavík: Innlagðar teikningar, Þorragata 8 og Hrístateigur 27.
- Bls. 13. Kort sem sýnir helstu örnefni í landi Laugarness. Kortagerð: Jean-Pierre Biard. Staðsetning örnefna: Guðlaugur R. Guðmundsson. Hér tekið eftir: Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 24.
- Bls. 14. Piltar á sundnámskeiði í gömlu sundlaugunum í Laugalæk fyrir aldamótin 1900. Ljós. Sigfús Eymundsson. Ljósmyndasafn Íslands (Þjóðminjasafn), SEY 639. Hér tekið eftir: Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 136.
- Bls. 15. Mynd tekin í átt að Laugarnesi skömmu eftir 1920. Ljós. Ólafur Magnússon. Ljósmyndasafn Íslands (Þjóðminjasafn), PK 249.
- Bls. 16. Hluti af korti yfir erfðafestubletti í Reykjavík. Teiknað af Þorleifi Kristoferssyni, 5. apríl 1955. Hér tekið eftir afriti á Minjasafni Reykjavíkur – Árbæjarsafni.
- Bls. 17. Sápuverksmiðjan Seros við Laugalækinn um 1920. Ljós. óþekktur . Ljósmyndasafn Íslands (Þjóðminjasafn), L & pr. 1316 cab. Hér tekið eftir: Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 257.
- Bls. 18. Hluti af korti Bolla Thoroddsen af Reykjavík 1932-1933, hér tekið eftir afriti á Minjasafni Reykjavíkur – Árbæjarsafni, varpað á kort úr kortagrunni Landsupplýsinga-kerfis Reykjavíkur (LUKR). Unnið af Önnu Lísu Guðmundsdóttur, Minjasafni Reykjavíkur 2009.
- Bls. 19. Gömlu sundlaugarnar á ljósmynd sem tekin er austur eftir Sundlaugavegi árið 1924. Ljós. Peter Söraa/Peter J. Sørå. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Psö 35.
- Bls. 20. Kort Helga Sigurðssonar af Laugarnesi 1929. Mælingadeild borgarverkfræðings. Hér tekið eftir: Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 310.
- Bls. 21. Nokkur af elstu húsunum við Laugarnesveg á mynd sem tekin er í austur frá Kirkjusandi. Ljós. óþekktur. Ljósmyndasafn Íslands (Þjóðminjasafn) [?]. Hér tekið eftir: Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund*, bls. 312.
- Bls. 22. Mynd tekin í átt að Laugarnesi um 1940. Ljós. Ólafur Magnússon. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÓLM 50.
- Bls. 23. Nærmynd af fyrstu byggðinni við Laugarnesveg. Ljós. Ólafur Magnússon. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ÓLM 50.
- Bls. 24. Teigahverfið á loftmynd frá 5. áratugnum. Ljós. óþekktur. Ljósmyndasafn Reykjavíkur [?]. Hér tekið eftir: Þorgrímur Gestsson: „Laugarneshverfi verður til“, bls. 18.
- Bls. 25. Laugarnesvegur og Teigahverfið á mynd frá um 1944–1945. Ljós. Eggert P. Briem. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, EPB 002 135 -2-1.
- Bls. 26. Séð yfir Teigahverfið frá Kleppsvegi árið 1955. Ljós. Borgarskipulag. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ADF 1997 158 8.

Bls. 27. Framkvæmdir við lagningu holræsis og vegar þar sem Laugalækurinn lá áður, á ljósmynd frá um 1955. Ljós. Borgarskipulag. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ADF 1997 158 10.

Bls. 28. Skipulagsstjóri Reykjavíkur: *Skipulag sunnan Kleppsvegar, austan Laugarnesvegar og norðan Sundlaugavegar*, samþykkt í bæjarráði 04.12.1953.

Bls. 29. Skipulagsstjóri Reykjavíkur: *Deiliskipulag við Otrateig-Leirulæk*, samþykkt í samvinnunefnd um skipulagsmál 18.03.1957 og í bæjarráði 14.05.1957.

Bls. 30. Raðhúsið við Laugalæk 36–48 nýbyggt árið 1961. Ljós. Andrés Kolbeinsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, AKO 001 004 2-1 og AKO 001 005 2-2.

Bls. 31. Hluti af korti Mælingadeildar Reykjavíkur frá 1962. Úgefið af Borgarverkfræðingnum í Reykjavík. Hér tekið eftir eintaki á Minjasafni Reykjavíkur – Árbæjarsafni.

Bls. 32. Gestir í gömlu sundlaugunum á góðviðrisdegi árið 1961. Ljós. Gunnar Rúnar Ólafsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, GRÓ 003 053 3-1.

Skýrslur Árbæjarsafns

- 133 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Kringlan, Listabraut, Kringlumýrarbraut, Miklabraut*. Rvk. 2006.
- 134 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Lindargata 50 – 62*. Rvk. 2007.
- 135 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Seljavegur, Ánanaust, Holtsgata, Vesturgata*. Rvk. 2007.
- 136 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur fyrir Rauðavatn*. Rvk. 2007.
- 137 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Skólavörðustígur, Kárastígur, Frakkastígur*. Rvk. 2007.
- 138 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Baldursgata, Þórgata, Njarðargata, Freyjugata*. Rvk. 2008.
- 139 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdasvæðinu*. Rvk. 2008.
- 140 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Grímsstaðaholtið og nágrenni*. Rvk. 2008.
- 141 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna gerðar Hallsvegur-Úlfarsfellsvegur*. Rvk. 2008.
- 142 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Túngata, Hofsvallagata, Hávallagata, Bræðraborgarstígur*. Rvk. 2008.
- 143 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Urðarstígur, Njarðargata, Bergstaðastræti, Baldursgata*. Rvk. 2008.
- 144 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Skólavörðustígur, Njarðargata, Þórgata, Baldursgata, Lokastígur, Týsgata*. Rvk. 2009.
- 145 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Þormódsstaða*. Rvk. 2009.
- 146 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Örfirisey og Grandinn*. Rvk. 2009.
- 147 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Örfirisey og Grandinn*. Rvk. 2009.
- 148 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Samtún, Nóatún, Miðtún, Hátún, Höfðatún*. Rvk. 2009.
- 149 Guðfinna Ósk Erlingsdóttir og Bragi Bergsson: *Húsakönnun. Hagamelur, Hofsvallagata, Hringbraut, Furumelur*. Rvk. 2009.